



„Þetta gerist þegar það fer saman mjög há sjávarstaða og stormur úr suðvestri,“ segir Þór Saari, íbúi á Hliðsnesi á Álftanesi. Að sögn íbúa á nesinu hefur talsvert af landi horfið vegna ágangs sjávar auk þess sem sjór flæðir ítrekað yfir veginn. Íbúar biðla til bæjaryfirvalda að byggja sjóvarnargarð til að stemma stigu við frekara landbroti. /sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Vildu kaupa 1,5 prósentu hlut í Arion banka

VIÐSKIPTI Kvika banki gerði Kaupþingi tilboð í síðustu viku, fyrir hönd um tuttugu íslenskra einkafjárfesta, í tæplega 1,5 prósentu hlut í Arion banka. Stjórn Kaupþings svaraði hins vegar ekki Kviku áður en tilboðsfrestur rann út um miðnætti síðastliðinn sunnudag en hún hafði tekið tilboðið til umfjöllunar um nýliðna helgi. Samkvæmt heimildum hljóðaði tilboðið í hlutinn upp á um 2,2 milljarða. Í tölvupósti sem Kvika sendi til fjárfestahópsins í fyrradag kemur fram að bankinn hafi haft „[vissu] fyrir því að [stjórn Kaupþings] hafði áhuga á því að fá tilboð og fagnaði hún frumkvæði Kviku.“ – hae / sjá Markaðinn

2,2

milljarðar var tilboð fjárfestanna í hlutinn

Heildsalar lækka verð vegna komu Costco

Heildverslanir á borð við Ölgerðina og SS búa sig nú undir komu Costco og semja við erlenda birgja um lægra innkaupsverð. Forstjóri 10-11 segir vel koma til greina að kaupa vörur af bandaríska verslunarrísum til endursölu.

NEYTENDUR Ölgerðin og Sláturfélag Suðurlands (SS) semja nú við erlenda birgja sína um lægra innkaupsverð á innfluttum vörum gagnert vegna komu Costco hingað til lands. Forstjóri 10-11 útilokar ekki að fyrirtækið kaupi vörur af Costco til endursölu í 35 verslunum þeirra. „Við höfum skoðað hvort þarna séu einhver tækifæri fyrir okkur og erum undirbúin fyrir það. Þeir sem ekki óttast þennan keppinaut van-“



meta hann stórkostlega,“ segir Árni Pétur Jónsson, forstjóri 10-11. Sérfræðingar á sviði verslunar segja ljóst að áhrifin af innreið Costco á heildverslanir og mat- og drykkjarvöruframleiðendur verði mikil. Steinþór Skúla-son, forstjóri SS, segir fyrirtækið vinna að nýjum samningum við erlenda birgja sem komi til með að leiða

til verðlækkunar á innfluttum vörum. SS flytur meðal annars inn sælgaði frá Mars Inc. og vörur frá McCormick og Barilla. Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, einnar stærstu heildsölu og drykkjarvöruframleiðanda landsins, segist ekki hafa miklar áhyggjur af komu Costco. Neytendur eigi alltaf lokaorðið. „Varðandi heildsöluhlutann brýnir þetta okkur til að ná enn betri innkaupum hjá okkar birgjum. Það er alveg ljóst að þeir [Costco] eru að bjóða mjög flott verð og í sumum tilfellum munum við ekki geta keppt við þá,“ segir Andri Þór. – hg / sjá Markaðinn

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Heimspekingurinn Röbert H. Haraldsson telur nýtt áfengisfrumvarp vera blekkingaleik. **9**

SPORT Búast við enn betri árangri hjá Ólafíu. **12**

MENNING Harpa Þórsdóttir tekur við stöðu safnstjóra Listasafns Íslands eftir farsæl ár hjá Hönnunarsafninu. **18**

LÍFID Kvikmyndaframleiðandinn Eva María Daníels vinnur að nýrri mynd með 17 milljón dollara fjárhagsáætlun. **22**



PLÚS 2 SÉRBLÓÐ
● FÓLK ● BÓKHALD
OG ENDURSKOÐUN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



HEILBRIGÐUR SPARNADUR Á HRAUSTUM REIKNINGI

VERTU MEISTARI OG HUGSAÐU UM FRAMTÍÐINA



Veður



Hægur vindur og víða dálítill væta, en gengur í norðaustan 5-10 m/s þegar liður á morgundaginn. Styttir upp og léttir heldur til vestast á landinu. **SJÁ SIÐU 16**

Guðni og Eliza boðin til Noregs

UTANRÍKISMÁL Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Eliza Reid forsetafrú munu fara í opinbera heimsókn til Noregs í boði Haralds V. Noregskonungs í mars næstkomandi. Í ferðinni munu forsetahjónin heimsækja Ósló og Bergen.

Þetta er fyrsta heimsókn þjóðhöfðingja Íslands til Noregs í tvo áratugi. Meðal þess sem forsetahjónin munu aðhafast er að heimsækja norska þjóðarbókasafnið og þá mun Guðni halda fyrirlestur í háskólanum í Ósló. Erna Solberg, forsætisráðherra landsins, mun einnig taka á móti hjónunum og hafa kvöldverð þeim til heiðurs.

Í tilkynningu á heimasíðu norska forsætisráðuneytisins segir að markmið heimsóknarinnar sé meðal annars að tryggja þau vinnubönd sem lengi hafa ríkt á milli Íslands og Noregs. - jõe

Bæði tilboð standa óbreytt


KJARAMÁL Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) svöruðu í gær tilboði sjómanna, frá í fyrradag, með gagntilboði. Því var hafnað af sjómönnum. Bæði tilboðin standa á hálfu beggja deiluaðila.

„Þetta þokast allt í rétta átt. Tilboðið okkar stendur óbreytt þrátt fyrir höfnunina,“ segir Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS.

„Við teljum að boltinn sé hinum megin. Við erum búnir að gera það sem við getum gert. Það verður ekkert meira frá okkar hendi,“ segir Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambandsins. Hann segir enn fremur að mikill munur hafi verið á lokatilboði sjómanna og gagntilboði útgerðanna.

Rúmur tveir mánuðir eru síðan verkfall sjómanna skall á. Ekki hefur verið boðað til nýs sáttfundar af hálfu ríkissáttasemjara. - jõe

Skreið til Nígeríu



„Verkfallið hefur ekki haft áhrif á okkur. Við kaupum hús og garða af fiskvinnslum sem hafa fengið fisk frá trillum og því hefur okkar starfsemi gengið sinn vanagang,“ segir Magnús Gylfason, framkvæmdastjóri Svalþúfu í Hafnarfirði. Svalþúfa er sérhæfð aukaafurðavinnsla, með um þrjátíu starfsmenn, sem vinnur gellur og kinnar og selur til Spánar og Portúgals. Hausarnir eru síðan þurrkaðir og seldir til Nígeríu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spurningum um Flynn ósvarað

BANDARÍKIN Vikur liðu frá því að Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, vissi af símtölum Michaels Flynn við rússneska erindreka þar til Flynn sagði af sér. Sean Spicer, talsmaður Hvíta hússins, upplýsti um þetta í gær.

Flynn sagði af sér sem öryggisráðgjafi forsetans eftir trúnaðarbrest þeirra á milli. Bresturinn fólst í því að Flynn ræddi við Rússa um viðskiptaþvinganir Bandaríkjanna gegn þeim áður en Trump tók við embætti. Að sögn Spicer gerðist Flynn aðeins sekur um að rjúfa trúnað en ekki um brot á lögum.

Demókratar, jafnt í fulltrúa- og öldungadeild bandaríska þingsins, sætta sig ekki við þau svör. Þeir hafa farið fram á rannsókn á málinu og vilja að leitt verði í ljós hverjir fyrirskipuðu aðgerðir Flynnns. Þá vilja þeir einnig fá svar við því hvers vegna hann fékk áfram aðgang að trúnaðargögnum eftir að málið komst upp. - jõe

Hafið hefur étið óspart af Hliðsnesinu í vetur

Íbúar á Hliðsnesi á Álftanesi segja að í vetur hafi eyðst fimm metrar af sjávarkambinum við hús þeirra. Vegurinn hafi ítrekað lokast vegna þangs og grjóts sem borist hafi á land. Þeir biðja bæjaryfirvöld um að byggja sjóvarnargarð.

UMHVERFISMÁL „Fjörुकamburinn er hreinlega kominn upp á veginn sem er farinn að skemmast á stórum kafla,“ segir Þór Saari, talsmaður íbúa allra sex húsanna á Hliðsnesi sem sent hafa ákallið til bæjaryfirvalda og óskað eftir byggingu sjóvarnargarðs.

„Í vetur gekk sjór yfir túnið fyrir innan fjörुकambinn og nær húsinu mínu heldur en nokkurn tíma áður. Sjávarstaðan endaði í rétt innan við tveggja metra fjarlægð frá húsinu mínu,“ segir Þór. Stysta leið að sjávarkambinum frá húsi hans er sjötíu metrar.

„Fyrir utan fjörुकambinn neðan við túnið gengur maður tugi metra út í sjó á mó sem er bara gamla túnið,“ útskýrir Þór þá þróun sem er í gangi á Hliðsnesi. Í bréfi íbúanna kemur fram að eitt sinn hafi heilir sjö metrar horfið af sjávarkambinum á einni nóttu.

„Það gerðist í mjög slæmu veðri fyrir átta til tíu árum. Þetta gerist þegar það fer saman mjög há sjávarstaða og stormur úr suðvestri,“ segir Þór. Nú í vetur hafi sjór gengið yfir túnið fyrir innan fjörुकambinn og nær húsinu hans heldur en nokkurn tíma áður.

Rakið er í bréfinu að nú sé svo komið að vegurinn hafi nokkrum sinnum lokast eða orðið illfær í vetur af völdum landburðar af grjóti og þangi. „Þegar það gerist hringjum við á gröfu og þá er mokað af honum,“ segir Þór. Fyrir nokkrum árum hafi verið gerður sjóvarnargarður að hluta en ekki kláraður alla leið. „Reglurnar hjá Siglingamálastofnun kveða á um að það sé ekki fyrr en hús eru komin í hættu að það eru gerðir sjóvarnargarðar.“

Að sögn Þórs hefur hann áður bent



Þór Saari hefur áhyggjur af landbroti í grennd við heimil hans. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Landbrot á Hliðsnesi



bæjaryfirvöldum á vandann og þau tekið vel í málið. Nú hafi íbúarnir loks látið verða af því að senda inn formlegt erindi.

„Ég var að ganga fjöruna um daginn þegar Birna týndist því manni

fannst maður þurfa að gera eitthvað og þá tók ég eftir því hvað kamburinn hefur færst langt inn í vetur. Það hefur verið óvenju mikið um suðvestanáttir og óvenju stórstreymt,“ segir Þór Saari. gar@frettabladid.is



Verkalýðsfélagið Hlíð

ALLSHERJAR-
ATKVÆÐAGREIÐSLA

Kjörstjórn Vlf. Hlífar auglýsir framboðsfrest vegna kosningar fulltrúa Vlf. Hlífar í fulltrúaráð Gildis Lífeyrissjóðs fyrir kjörtímabilið 2017-2019.

Tillögum skulu vera um 6 aðalfulltrúa og 6 varafulltrúa ber að skila á skrifstofu Hlífar fyrir kl. 16:00, föstudaginn 24. febrúar 2017.

Fulltrúalisti uppstillingarnefndar liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með miðvikudeginum 15. febrúar 2017.

Tillögnum ber að fylgja meðmæli minnst 50 til 60 félagsmanna.

Kjörstjórn Vlf. Hlífar



RENAULT
Passion for life

Renault Clio

ÍSLANDSMEISTARINN Í SPARAKSTRI



KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CLIO
Í NÝRRI OG SPENNANDI ÚTFÆRSLU

DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,4 L/100 KM*

Það er kominn nýr Renault Clio með vandaðri innréttingu og nýju, spennandi útliti. Komdu og reynsluaktu Íslandsmeistarannum í sparakstri 2017 í nýrri spennandi útgáfu og þú kemst að raun um að þú kemst víðar og tankar sjaldnar á nýjum Renault Clio.

VERÐ FRÁ: 2.140.000 KR.



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bilasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bilasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



ENNEMM / SIA / NMB0215 *Mikilvæg upplýsingar telur framleiðandi um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

Langtímanotkun rafretta mjög hættulítillí samkvæmt rannsókn

HEILSA Mun minna magn krabbameinsvaldandi efna og annarra skaðvalda fannst í líkómum fyrrverandi reykingafólks sem skipti yfir í rafrettur miðað við reykingamenn sem héldu sínu striki. Þetta kemur fram í fyrstu langtímarannsókninni á áhrifum rafretta.

Alls voru þátttakendur 181. Var þeim skipt í fimm hópa. Reykinga-

Rannsóknin gefur til kynna að mjög lítil hætta fylgir langtímanotkun rafretta.

Lion Shahab læknir

fólk sem reykti eingöngu sigarettur, fólk sem notaði bæði sigarettur og rafrettur, fólk sem notaði sigarettur og nikótínjafa aðra en rafrettur, fyrrverandi reykingafólk sem notaði eingöngu rafrettur og fyrrverandi reykingafólk sem notaði nikótínjafa aðra en rafrettur.

Í niðurstöðu rannsóknarinnar segir: „Fyrrverandi reykingafólk sem

hefur notað rafrettur til lengri tíma eða aðra nikótínjafa tekur inn svipað magn nikótíns og reykingafólk. En fólk sem notar eingöngu rafrettur eða aðra nikótínjafa innbyrðir mun minna magn krabbameinsvaldandi efna og annarra skaðvalda en reykingafólk.“

„Rannsóknin rennir stöðum undir fyrri rannsóknir sem sýna fram á að

rafrettur og aðrir nikótínjafar eru mun öruggari en sigarettur. Rannsóknin gefur til kynna að mjög lítil hætta fylgi langtímanotkun rafretta,“ sagði Lion Shahab, læknir og aðalhöfundur rannsóknarinnar. Fjallað er um rannsóknina á vef heilbrigðisþjónustu Bretlands (NHS) og voru niðurstöður birtar í vísindatímaritinu Annals of Internal Medicine. – þea



Vestmannaeyjar eru nokkuð háðar greiðum samgöngum við meginlandið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Harma fækkun á flugvælinum

SAMGÖNGUR Eyjamenn mótmæla harðlega þeirri ákvörðun ISAVIA að fækka starfsmönnum á flugvælinum í Vestmannaeyjum. Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyja, segir augljóst að verið sé að skerða þjónustu við íbúa.

Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi ISAVIA, segir ástæður fækkunarinnar vera að eftir að Landeyjahöfn var opnuð sumarið 2010 hafi farþega fjöldi hrunið úr 55 þúsund niður í 26 þúsund. Á árinu 2016 hafi farþegar einungis verið 19 þúsund.

Elliði vonar að ákvörðuninni verði snúið við. „Ákvörðunin er mannanna verk og við ætlumst til að þingmenn kjördæmisins vindi ofan af þeirri ógn sem í henni er fölginn eigi síðar en strax.“ – sa

Höfnin rekur á eftir borginni í vitamáli

SAMGÖNGUR Stjórn Faxaflóahafna vill að Reykjavíkurborg ljúki sem fyrst við gerð deiliskipulags vegna innsiglingarvita við Sæbraut.

Á fundi hafnarstjórnarinnar í gær var lögð fram ný tillaga frá Yrki arkitektum þar sem vitinn er sýndur mun hærrí en í fyrri útfærslu.

Málið hefur verið á borði hafnarstjórnar í tæp tvö ár. Það á rætur sínar að rekja til mikillar fjölgunar háhýsa við Höfðatorg sem skyggja á innsiglingarvitann á Sjómannaskólanum. – gar

Íslendingar almennt neikvæðir í garð erlendrar fjárfestingar

Bankar, brask, svindl og aflandsfélög er það sem fólki dettur helst í hug þegar minnst er á erlenda fjárfestingu. Stór hluti telur að erlendir fjárfestar hagnist á kostnað Íslendinga. Samtök atvinnulífsins hafa áhyggjur af neikvæðu viðhorfi. Fræða þurfi almenning um þau áhrif sem bein fjárfesting hefur á ólíka atvinnugeira.

EFNAHAGSMÁL 47,2 prósent þeirra sem spurð voru segjast sammála því að erlend fyrirtæki á Íslandi hagnist yfirleitt á kostnað íslensks samfélags. Einungis 26,1 prósent er þessu ósammála. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem Maskína gerði fyrir Samtök atvinnulífsins, Íslandsstofu og Samtök iðnaðarins.

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, lýsir áhyggjum af þessum niðurstöðum. „Annars vegar finnst okkur áhyggjuefni hvað Íslendingar eru neikvæðir gagnvart erlendri fjárfestingu,“ segir Ásdís og bendir á að þegar fólk var beðið að nefna það fyrsta sem því datt í hug þegar hugtakið erlend fjárfesting var nefnt hafi flestir nefnt brask, svindl, auðmenn, aflandsfélög eða annað í þeim dúr. „Þarna er töluverður hluti fólks sem telur að erlend fyrirtæki hagnist á okkar kostnað. Ákveðin tortryggni ríkir því gagnvart erlendri fjárfestingu,“ segir Ásdís.

Niðurstöður könnunar Maskínu benda til þess að fólk sé mun neikvæðara gagnvart frjálsu flæði fjármagns heldur en frelsi í viðskiptum með vörur og þjónustu.


Ásdís segir að þetta megi eflaust að einhverju leyti rekja til árána fyrir og eftir 2008 þegar erlent skammtíma fjármagn streymdi inn í íslenskt hagkerfi og skapaði ójafnvægi á gjaldeyrismarkaði. Ásdís bendir á að um kvíkt fjármagn hafi verið að ræða þannig að þegar til bakslags kom í hagkerfinu hafi hið sama fjármagn leitað



Mikil andstaða er við erlenda fjárfestingu. Einkum við fjárfestingu í auðlindagreinum FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Viðhorf til fjárfestingar

Spurt var: Ertu sammála eða ósammála því að erlend fyrirtæki á Íslandi hagnast yfirleitt á kostnað íslensks samfélags?



úr landi svo skjótt sem auðið var. „Almenningur tengir líklega erlenda fjárfestingu frekar við þess konar fjárfestingu fremur en beina erlenda fjárfestingu. Bein erlend fjárfesting er varanlegri fjárfesting þar sem erlendir fjárfestar koma með eigið fé inn í fyrirtækin og taka þátt í áhættunni með okkur. Niðurstöður könnunarinnar endurspeglar í raun svart á hvítu mikilvægi þess að upplýsa almenning um mikilvægi erlendrar fjárfestingar og hvaða þýðingu slík fjárfesting hefur fyrir íslenskt hagkerfi,“ segir Ásdís.

Niðurstöður könnunarinnar gefa líka vísendingar um að Íslendingar séu neikvæðari gagnvart erlendri fjárfestingu í auðlindagreinum en í til dæmis verslun og þjónustu.

Ásdís bendir á að erlend fjárfesting nái til alls kyns atvinnugreina þó að stóriðja sé kannski það sem komi fyrst upp í huga fólks. Nú nái fjárfestingin til jafn ólíkra geira og verslunar og þjónustu, byggingageirans, fiskeldis og líftækni svo dæmi séu tekin. „Erlend fjárfesting skapar því í dag fjölbreytt og ólík störf,“ segir Ásdís.

jonhakon@frettabaldid.is



FIAT
TIPO

VERÐ FRÁ: 2.790.000 KR.

5 ÁRA
ÁBYRGÐ

ÞAÐ ÞARF SVO LÍTIÐ TIL AÐ FÁ HEILMIKIÐ FIAT TIPO HLAÐINN AUKABÚNAÐI – MEÐ FIMM ÁRA ÁBYRGÐ KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM FIAT. VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR, RJÚKANDI HEITT KAFFI Á KÖNNUNNI

Bíll á mynd Fiat Tipo 1.4 Lounge 2.990.000 kr.



fiatisland.is

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

DRAUMABÍLLINN ER Í KAAPTÚNI



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

HÉR ERU NOKKUR DÆMI:

BNB



Toyota Aygo x-Play Touch
Bensín, Beinsk.
Á götuna 6.2016 Ekinn 29.000 km.
Verð 1.670.000,- Rn. 990723
Betra verð: 1.480.000,-

UB



Toyota Rav4 GX
Bensín, Sjálfsk.
Á götuna 6.2016 Ekinn 31.000 km.
Verð 4.980.000,-
Rn. 440409

BNB



Lexus IS300h Sport Hybrid
Bensín/Rafmagn, Sjálfsk.
Á götuna 10.2015 Ekinn 6.700 km.
Verð 5.800.000,- Rn. 990366
Betra verð: 5.370.000,-

BNB



Toyota Proace Langur GX
Dísel, Sjálfsk.
Á götuna 9.2013 Ekinn 56.000 km.
Verð 3.290.000,- Rn. 990740
Betra verð: 2.870.000,-

BNB



Toyota Yaris Live
Bensín, Beinsk., Álf., Filmur, Króml.
Á götuna 8.2015 Ekinn 15.000 km.
Verð 2.130.000,- Rn. 990693
Betra verð: 1.970.000,-

BNB



Toyota Land Cruiser 150 VX
Dísel, Sjálfsk.
Á götuna 6.2014 Ekinn 43.000 km.
Verð 8.750.000,- Rn. 990824
Betra verð: 8.370.000,-

UB



Toyota Yaris Avtive Hybrid
Filmur, Krómlistar, Vindskeið.
Bensín/Rafmagn, Sjálfsk.
Á götuna 2.2016 Ekinn 15.000 km.
Verð 2.690.000,- Rn. 281484

UB



Toyota Rav4 2WD
Dísel, Beinsk.
Á götuna 6.2016 Ekinn 8.000 km.
Verð 4.480.000,- Rn. 182765
Sóllúga, Toyota Protect.

BNB



Toyota Auris Wagon Active
Dísel, Beinsk.
Á götuna 9.2014 Ekinn 19.800 km.
Verð 2.950.000,- Rn. 990392
Betra verð: 2.690.000,-

UB



Toyota Auris Live
Bensín, Beinsk.
Á götuna 5.2014 Ekinn 92.000 km.
Verð 1.780.000,- Rn. 440405
Betra verð: 1.590.000,-

BNB



Toyota LC 150 VX Aukasæti
Dísel, Sjálfsk., Beisli, Hlífar.
Á götuna 6.2013 Ekinn 85.000 km.
Verð 8.100.000,- Rn. 990799
Betra verð: 7.590.000,-

BNB



Lexus RX450h EXE Hybrid
Sóllúga.
Bensín/Rafmagn, Sjálfsk.
Á götuna 10.2016 Ekinn 700 km.
Verð 10.990.000,- Rn. 990687

BETRI NOTAÐIR BÍLAR VEITA ÞÉR HUGARRÓ

Þeir hafa staðist okkar ströngustu kröfur í 125 punkta gæðaskoðun og eru í fullri verksmiðjuábyrgð hjá Toyota eða Lexus.

Betri notaðir bílar eru á útsvæði okkar og í sýningarsal Toyota Kaaptúni. Renndu við og veldu draumabíllinn.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örug og áhyggjulaus bílaviðskipti.

Þú getur alltaf selt okkur bíllinn þinn aftur.



Toyota Kaaptúni
Kaaptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakaaptuni.is

Opið mán - fös:
07.45 - 18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

BNB
Betri notaðir
bílar

UB
Umboðssölu-
bílar

ergo

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á
MÓTI ÞÉR OG STJANA VIÐ ÞIG

Fjárfestingartækifæri

Ísbúð miðsvæðis í Reykjavík

Við höfum til sölumeðferðar einkahlutafélag, sem á og rekur ísbúð, ísgerð og kaffihús miðsvæðis í Reykjavík.

Gelato – Sorbetto – Vegan – Sykurlaus ís – Íspinnar

Tækjakostur er mikill og góður og allt hráefni flutt inn frá þekktum ítölskum framleiðanda.

Frábært tækifæri fyrir réttan aðila.

Frekari upplýsingar veitir Sighvatur Halldórsson í gegnum tölvupóst sighvatur.haldorsson@is.pwc.com.

pwc



Ólafur Jónsson með Rúllettu fyrir framan gatið þar sem hún át sig fasta. MYND/EINAR ÓFEIGUR BJÖRNSSON

Gimbrin Rúlletta við hestaheilsu

SAMFÉLAG „Ég skil ekki hvernig lambið gat lifað í þrjá mánuði og hreinlega ekki dáði úr þorsta. Það er ofar mínum skilningi,“ segir bóndinn Ólafur Jónsson á Fjöllum í Öxarfirði. Gimbrin Rúlletta, eins og Ólafur hefur nefnt hana, bindur ekki bagga sína sömu hnútum og önnur lömb og dvaldi inni í einni heyrullunni í hartnær þrjá mánuði. Át sig inn í heyrullustæðu Ólafs og hafði það að því er virðist nokkuð fínt. Henni lá allavega ekkert á að láta finna sig.

Ólafur var að sækja heyrullu, rúma 120 metra frá bænum, og þegar hann lyfti upp einni slíkri blasti stórt gat við honum. Inni í því var lambið. Vissi hann strax að þetta væri lamb númer 146 sem hafði verið saknað í hartnær þrjá mánuði. „Ég er miður mín að þetta hafi gerst aðeins 120 metra frá húsunum. Ég mátti hreinlega fá mér bjór til að róa mig, einn fyrir svefninn,“ segir hann.

Hann segir að lambið hafi hreinlega ekki getað bakkað og því étíð sig áfram.

Hann er miður sín yfir að Rúlletta hafi þurft að dúsa þarna inni í stæðunni í allan þennan tíma svona skammt frá bænum. En hann ætlar að hlaupa undir bagga með að koma lambinu til heilsu. Það er stutt í gleðina hjá Ólafi sem orti limru í tilefni dagsins:

Hún Rúlletta óð undir stæðu og ætlaði að ná sér í fæðu. En hún komst ekki burt og varð því um kjurrt og varð þetta að mikilli mæðu.

– bb

LÍÐIR – BÓLGUR – GIGT



CURCUMIN
Gullkryddið

Bætt heilsa og betri líðan með
Natural Health Labs
100% náttúruleg bætiefni

100% NATURAL
100% NATURAL

GMP

Steinunn Kristjánsdóttir er sjúkralláti að mennt og starfar í Blue Lagoon versluninni á Laugavegi. Hún hefur átt við mikla verki að stríða um allan líkama í yfir 25 ár eftir að hún lenti í slæmu bílslysi og er komin með löðagigt.

„Ég er búin að taka inn minn skammt af verkjalyfjum og var alveg að gefast upp á þeim. Nuddkonan mín sagði mér þá frá Curcumin sem hefur í sannleika sagt gelíð mér nýtt líf. Ég var búin að taka inn Curcumin í einn og hálfan mánuð þegar ég missti út fjóra daga og það var þá sem ég uppgævaði að Curcumin er það sem hjálpar mér að losna við alla verki.“

BALSAM
balsam.is

Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Heilsuver, Heilsuhorníð Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engilhjalla.

Ný frímerki

safnaðu litlum listaverkum

Á morgun 16. febrúar gefur Íslandspóstur út þrjú frímerki til að minnast stórafmæla. Fyrsta ríkisstjórn Íslands 100 ára, Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík 150 ára og Rögvaldur Ólafsson arkitekt 100 ára. Einnig koma út fjögur frímerki tileinkuð textílhönnun.



Fyrst dagsumslög fást á helstu pósthúsum. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölnunni. Sími: 580 1050. Netfang: stamps@stamps.is Heimasíða: www.stamps.is facebook.com/icelandicstamps



Ráðherra sagður hafa svikið loforð um lyf

Heilbrigðisráðherra sagður svikja loforð sem flokkur hans gaf fyrir kosningar. Sagðist ekki myndi láta það gerast að fjarskortur leiddi til lyfjaskorts. Íslendingar innleiða ekki sömu krabbameinslyf og innleidd eru í nágrannalöndum.

HEILBRIGÐISMÁL Ragnheiður Davíðsdóttir, formaður Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra, er ósátt við stjórnvöld fyrir að veita ekki nægt fé til lyfjakaupa fyrir krabbameinsjúklinga. Segir hún Óttar Proppé svikja loforð sem gefin voru fyrir kosningar.

Á forsiðu Fréttablaðsins í gær var greint frá því að Ísland væri eftirbátur annarra Norðurlanda þegar kæmi að upptöku nýrra krabbameinslyfja. Við þetta er Ragnheiður ósátt. „Það er mjög leitt að við getum ekki verið

» Björt framtíð sendi Krafti póst fyrir kosningar og lofaði að svona nokkuð myndi ekki gerast.



á pari við hin Norðurlöndin og boðið okkar skjólstaðingum upp á bestu mögulegu lyfin sem völ er á, sem er í raun stjórnarskrárvorinn réttur okkar,“ segir Ragnheiður.

Óttar Proppé heilbrigðisráðherra sagði í gær að málaflökkurinn hefði farið alvarlega fram úr áætlanum en skoðað væri hvort auka ætti innspýtingu í hann.

Björt framtíð svaraði Krafti fyrir kosningar á þá leið að krabbameinssjúklingar ættu skilið að fá bestu mögulegu lyf við kvillum sínum. „Björt framtíð myndi ekki láta það gerast á sinni vakt að krabbameinssjúkt fólk fengi ekki bestu lyf sem völ væri á vegna kvótakerfis lyfjamála eða fjárhagsstöðu, eins og nú er,“ segir í svari Bjartrar framtíðar fyrir alþingiskosningar „Þetta loforð Bjartrar framtíðar er mjög skýrt og það á að standa við gefin

Þetta loforð Bjartrar framtíðar er mjög skýrt og það á að standa við gefin loforð

Ragnheiður Davíðsdóttir, formaður Krafts



loforð. Við hjá Krafti erum ósátt við að krabbameinssjúklingar séu settir svona aftarlega í röðina. Stjórnvöld hafa gertað af því á tyllidögum að vera velferðarsamfélag. Það er ekki svo í raun ef við berum okkur saman við hin Norðurlöndin,“ bætir Ragnheiður við.

Dæmi eru um að krabbameinssjúklingar hafi farið utan og dvalið þar langdvöllum meðan á meðferð stendur til að eiga þess kost að fá nýrri lyf við sjúkdómi sínum. sveinn@frettabladid.is

Fíkniefnafíklum undir stýri fjölgar

LÖGREGLUMÁL Skráð voru 99 brot þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna í janúar samkvæmt afbrotatölfræði lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir janúarmánuð. Það er mikil fjölgun miðað við meðalfjölda í janúar síðustu þrjú ár á undan eða 43 prósent. Fleiri voru teknir við akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna en undir áhrifum áfengis í janúar en 75 ökumenn voru stöðvaðir vegna gruns um ölvunarakstur. Það er einnig mikil fjölgun samanborið við meðalfjölda í janúar síðustu þrjú ár á undan eða 48 prósent.

694

tilkynningar um hegningarlaga brot bárust í janúar

Í skýrslunni eru teknar saman upplýsingar um helstu afbrot sem hafa verið tilkynnt til lögreglu í janúararmánuði. Þannig bárust lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu 694 tilkynningar um hegningarlaga brot, eða 22

tilkynningar á hverjum degi. Í janúar fjölgaði innbrotum, ofbeldisbrotum, meiriháttar skemmdarverkum og innbrotum á heimili miðað við fyrri mánuði. Alls voru 92 innbrot tilkynnt lögreglu, 111 tilkynningar um ofbeldisbrot, sex tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi og 14 beiðnir bárust um leit að týndum börnum og ungmennum.

Kynferðisbrotum fækkaði en 11 slík brot áttu sér stað. Tilkynningar í janúar voru um 40 prósentum færri samanborið við meðalfjölda í janúar árin 2014-2016. – bb



VEISLUBAKKAR



40 bitar, ekkert hrátt
5.499



50 bitar, grænmetis
4.999



50 bitar, maki
5.899



50 bitar, maki, nigiri og sashimi
5.899



50 bitar, maki og nigiri
5.899

Veislubakka þarf að panta með dags fyrirvara í síma **563 5225** eða senda tölvupóst á origamisushi@origamisushi.is

Mismunun



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Fjölmíðlanefnd hefur það lögbundna hlutverk að hafa eftirlit með fjölmíðlastarfssemi í landinu. Starfsmenn nefndarinnar leggja mikið á sig til að íslenskir fjölmíðlar fari eftir laganna bókstaf og vilja skiljanlega sinna sínu starfi af samvirkusemi og elju.

Íslenskar sjónvarpsstöðvar verða að texta allt erlent efni með tilheyrandi kostnaði. Krafa er um að íþróttaviðburðum í beinni útsendingu sé lýst á íslensku. Sjónvarpsstöðvar mega ekki sýna efni bannað börnum nema á fyrirfram skilgreindum tímum og þurfa að merkja það sérstaklega. Þær mega auðvitað ekki – ekki frekar en prent- og netmiðlar – auglýsa áfengi. Skýrar reglur sem allir verða að fara eftir annars eiga þeir yfir höfði sér háar sektir frá Fjölmíðlanefnd og hótanir um lokun, ef um endurtekin brot er að ræða.

Fjölmíðlar á Íslandi búa við skýrt íþyngjandi regluverk. Ætla mætti að erlendir fjölmíðlar, sem vilja hasla sér völl á Íslandi, þyrftu að lúta sömu lög-málum. Sú er ekki raunin.

Á meðan 365 eyðir á annað hundrað milljóna í þýðingarkostnað á ári hverju, getur Netflix sýnt hvað sem er án íslensks texta, hvenær sem er. Á meðan 365 getur einungis sýnt bannað efni á ákveðnum tímum sólarhrings, getur Netflix haft slíkt á boðstólum hvenær sem er sólarhringsins. Sky News og Fox News geta sýnt áfengisauklýsingar hvenær sem er á sínum stöðvum fyrir íslenska áhorfendur. Sama gildir um erlend tímarit og innflutt blöð. Ef útgefandinn er erlendir má fylla blaðið af áfengisauklýsingum jafnvel þótt textinn sé á íslensku.

Engu er líkara en Fjölmíðlanefnd, sem er rekin fyrir íslenskt skattfé, hafi það helst að leiðarljósi að leggja stein í götu íslenskra einkamiðla í samkeppni þeirra við þá útlendu. Þeir fyrrnefndu þurfa að lúta íþyngjandi reglum sem ekki eiga við um hina. Við bætist heimild RÚV til að selja auglýsingar fyrir tvo milljarða króna á ári. Í rauninni er á ferð aðför ríkisvaldsins að einkareknum fjölmíðlum. Smátt og smátt er verið að grafa undan rekstrargrundvelli þeirra af óskiljanlegri festu.

Fjölmíðlanefnd og ríkisvald verða að láta eitt yfir alla ganga. Annadhvort þarf að setja erlendum fjölmíðlum skýrari línur, eða að afnema reglurnar sem gera innlendum fjölmíðlum ókleift að berjast við þá erlendu á jafnréttisgrundvelli. Tryggja verður að erlendir fjölmíðlar njóti ekki lögverndaðs forskots á íslenska keppinauta. Reglur á okkar litla markaði eiga ekki að ráðast af heimilisfangi.

Íslenskir ljósvakamiðlar og aðrir íslenskir miðlar eru mikilvægir fyrir samfélagið og tungumálið okkar. Alþjóðleg samkeppni er staðreynd sem ekki verður breytt, og nokkuð sem framsýnt fólk fagnar. En við megum ekki láta erlendu miðlana valta yfir þá íslensku. Þannig tapast leikurinn og hvað verður þá um tungumálið og menningarverðmætin, sem íslenskum fjölmíðlum ber réttléga að standa vörð um?



Smátt og smátt er verið að grafa undan rekstrargrundvelli þeirra af óskiljanlegri festu.

Halldór



Frá degi til dags

Leitað í faðm ríkisins
Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, ræddi stöðu sjómannaverkfallsins í morgunþætti á Rás 2 í gær. Heiðrún sagði þar að SFS myndi styðja sjómenn í kröfum þeirra um að afnám sjómannaafsláttar verði bætt og fæðis- og dagpeningar undanþegnir skatti. Eflaust hefur einhverjum brugðið þegar þeir heyrðu Heiðrúnu segja þetta, enda Heiðrún annáluð hægri kona sem hefur hingað til aðhyllt þau sjónarmið að markaðurinn, og þar með vinnumarkaðurinn, leysti sín mál án aðkomu og styrkveitinga hins opinbera.

Áherslubreytingar
En það er ljóst að málflutningur manna er stundum háður því hvaða stöðu þeir gegna í samfélaginu. Þetta má líka sjá skýrt á málflutningi Þorsteins Viglundssonar. Vegna stöðu sinnar sem félagsmálaráðherra berst hann nú fyrir aukinni íhlutun ríkisins á vinnumarkaði með sérstakri jafnlaunavottun. Spyrja má hvort Þorsteinn myndi vera jafn áhugasamur um þessar breytingar ef hann væri enn í gamla starfinu sínu hjá SA. Eða hvort hann tæki sama pól í hæðina og eftirmaður hans þar gerir nú og varaði við slíkri íhlutun löggjafans á vinnumarkaði.

jonhakon@frettabladid.is

Afbakanir og oftúlkannir



Helgi Tómasson, prófessor í tölfræði

Sviinn Hans Rosling, sem sumir kölluðu meistara tölfræðinnar, er nylátinn. Hann var læknir að mennt og áhugamaður um tölfræði. Hann varð frægur fyrir ábendingar um afbakanir fjölmíðla á talnagögnum og hafði þannig meiri áhrif en margir fræðimenn á sviðinu.

Í krassandi forsiðuefni þarf helst að vera fórnarlamb og mætti stundum ætla að meirihluti mannkyns sé í því hlutverki. Dæmi um þetta eru stöðugar vitnafirir í hugtakið kynbundinn launamunur þar sem gefið er í skyn að gervallt kvenkynið sé fórnarlamb mismununar af völdum karla. Ófullkomin gögn og einfaldir meðaltalsútreikningar leyfa ekki svo hrikalega ályktun. Útilokað er að slík óskynsamleg hegðun og umfangsmikil mismunun geti átt sér stað, þótt einungis sé lítið til þess kostnaðar sem af henni hlytist. Gary Becker, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, hefur fjallað um nauðsynleg skilyrði fyrir tilvist varanlegrar mismununar sem eru að kostnaðar þeirra sem mismunun stunda sé lítil og að fórnarlömbin finni rækilega fyrir því. Hvorugt skilyrði er fyrir hendi varðandi meðvitaða launamismunun milli kynja.

Tölfræðiályktanir í könnunum um kynbundinn launamunur byggja á því að unnt sé að skýra launamyndun með mjög einföldum breytum á borð við starfsheiti og starfsaldur. Því er síðan haldið fram að það sem ekki tekst að skýra með þessum einföldu breytistærðum sé kynjamismunun. Það sem öllu máli skiptir er að í slíkum útreikningum liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um ástæður þess að starfsfólk með sama starfsheiti og starfsaldur í mismunandi fyrirtækjum getur verið með mishá laun af fullkomlega eðlilegum ástæðum. Umræða um kynbundinn launamunur er alþjóðleg og byggir á oftúlkunum í gagnagreiningu. Munur á hegðun kynja er flóknari en svo að lýsa megi henni með einni tölu. Tölfræðingar skrifa ekki upp á að kynbundinn launamunur sé vitrænt hugtak á grundvelli fyrirbyggjandi staðreynda – þeir sem það fullyrða falla í gryfjur sem Rosling eyddi ævi sinni í að benda á.



Munur á hegðun kynja er flóknari en svo að lýsa megi henni með einni tölu.



Heimilis RIFINN OSTUR

Er nú á tilboði

Ómissandi á pizzuna, í ofn- og pastaréttina, á tortillurnar og salatið.

370 g 

Blekkingarleikur?



Róbert H. Haraldsson
prófessor við Háskóla Íslands og rannsóknafélagi við Colgate-háskóla í New York-fylki

Greinargerðin fyrir áfengisfrumvarpinu sem nú liggur illu heilli enn og aftur fyrir Alþingi er römmuð inn af fullyrðingum sem virðast þjóna því eina hlutverki að afvegaleiða þingmenn og almenning. Þannig segir við upphaf greinargerðarinnar: „Í frumvarpinu eru lagðar til eins litlar breytingar á lagaumhverfi áfengis- og tóbakssölu og mögulegt er miðað við það markmið að smásala áfengis verði frjálst að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.“ Og í niðurlaginu segir: Frumvarpið felur „ekki í sér tillögur um breytingu á áfengisstefnu, áherslum í tóbaksvörnum eða tekjuöflunarkerfi ríkisins á þessu sviði“. Athyglisvert er að þessar fullyrðingar standa óbreyttar frá fyrri útgáfum þótt nýja frumvarpið sé róttækara og heimili t.d. áfengisauklýsingar.

Jafnvel þó þessar dæmalausú fullyrðingar væru sannar þætti orðalagið ankannalegt. Þetta er eins og ef læknir segðist leggja til eins lítill inngríp í líf sjúklings „og mögulegt er“ miðað við það að hausinn verði tekinn af sjúklingnum, eða ef stjórnmálamaður segðist vilja gera eins litlar breytingar á stjórnun fiskveiða á Íslandi „og mögulegt er“ miðað við að kvóta-

kerfið verði lagt niður og gervallur flotinn þjóðnýttur. Það er undarlegt að kenna hámarksbreytingar við eitt-hvert ímyndað eða afstætt lágmark. En fullyrðingarnar eru ekki bara undarlegar, þær eru líka ósannar. Það væri hægt að færa smásölu áfengis frá ríki til einkaaðila, sem er markmið frumvarpsflytjenda, án þess að fallið væri með svo róttækum hætti frá núverandi áfengisstefnu Íslendinga sem takmarkar aðgengi að áfengi og leggur bann við áfengisauklýsingum.

Í fyrsta lagi væri hægt að afnema einkaleyfi ríkisins en hafa áfengi áfram í sérvörverslunum (ekki matvörverslunum). Í öðru lagi væri hægt að leyfa sölu bjórs í matvörverslunum en hafa vín og sterkara áfengi í sérvörverslunum, eða vín og bjór í matvörverslunum en sterkt áfengi aðeins í sérvörverslunum. Hægt væri að flytja sölu áfengis til einkaaðila en takmarka fjölda útsölastaða. Þá væri ekki sjálfgefið að verslunardejja fengi að selja áfengi í öllum verslunum sínum. Einkavæða mætti áfengissölu en banna áfram áfengisauklýsingar. Þannig mætti lengi telja upp einkavæðingarleiðir sem farnar hafa verið t.d. í Bandaríkjunum og taka a.m.k. eitt-hvert tillit lýðheilsusjónarmiða.

Gott fyrirkomulag

Þessar ábendingar ber ekki að skilja sem stuðning við einkavæðingu áfengissölu. Ég hef ekki séð nein traust rök sem mæla með því að umtalsverður hagnaður af smásölu áfengis verði færður til einkaaðila frá ríkinu sem ber verulegasta kostnaðinn af



Ég hef ekki séð nein traust rök sem mæla með því að umtalsverður hagnaður af smásölu áfengis verði færður til einkaaðila frá ríkinu sem ber verulegasta kostnaðinn af skaðsemi áfengis.

skaðsemi áfengis. Núverandi skipan á smásölu áfengis á Íslandi er gott fyrirkomulag sem virðir í senn frelsi einstaklinga til að neyta áfengis og rétt samfélagsins til að verja sig gegn þeim skaðvaldi sem áfengi er. Ég veit ekki betur en starfsfólk ÁTVR hafi sinnt störfum sínum vel og hafi hlotið fyrir þau ýmsar viðurkenningar. Það hlýtur að vera ómurlegt fyrir þetta starfsfólk að þurfa á ári hverju að óttast um framtíð sína og hlusta á linnulitinn áróður markaðssinna um að aðrir mundu sinna störfum þess betur. Með þessari hugleiðingu vil ég einungis benda á að vel er hægt að einkavæða sölu áfengis án þess að galopna allar dyr og falla í öllum aðalatriðum frá farsælli áfengisstefnu Íslendinga líkt og lagt er til í frumvarpinu. Frumvarpsflytjendur hafi annaðhvort ekki unnið heimavinnu sína eða þeir beita visvitandi blekkingum. Hvort tveggja er óafsakanlegt þegar um svo mikilvægt mál er að ræða. Segjum nei við áfengi í matvörverslanir.

Lífsýnagreiningar í glæparannsóknunum



Ólafur B. Einarsson
líffræðingur

en finnst ekki, að hægt væri að staðfesta að lífsýni sem finnst í tengslum við rannsókn væri úr honum. Þeir sem samþykkja að taka þátt í rannsóknunum hafa samþykkt að veita lífsýni til vísindarannsókna en ekki rannsóknna sem tengjast glæpum.

Kári bendir reyndar á þetta og að hann geri sér fyllilega grein fyrir gagnrýninni á því að nota niðurstöður vísindarannsókna til að negla glæpamenn. Kári og fyrirtæki hans hefur kynnt afburðarannsóknir í vísindagreinum og myndi ég treysta honum fullkomlega til að koma á fót og reka rannsóknarstofu til að greina lífsýni vegna glæparannsókna.

Það yrði samt að setja reglur um slíka starfsemi og ef það ætti að bera niðurstöður greininga lífsýna í glæparannsóknunum við gögn um þá sem veittu sýni í þágu rannsókna, þá ættu þeir síðarnefndu að fá tækifæri til að endurskoða hug sinn um þátttöku eða kippa þeim út úr vísindarannsókninni sem hafa ekki getu til þess að taka afstöðu.

Sé tilgangur lífsýnasafns að nota sýni eða niðurstöður úr greiningum sýna til glæparannsókna þá sé tryggt að sú ætlun verði kynnt fyrir þátttakendum ásamt því að eftirlit sé með að kvöðum leyfishafa slíkra lífsýnasafna sé fylgt eftir af opinberum eftirlitsaðila faíst slíkt safn samþykkt. Þá skiptir máli að rannsóknarstofur sem sinna greiningum tengdum lögreglurannsóknum sinni þjónusturannsóknum en ekki vísindarannsóknum sem talsverður munur er á en það er önnur saga.

Kári Stefánsson skrifaði grein um greiningar lífsýna og segir frá því að hann hafi boðið ríkinu að annast þær ókeypis. Ég tek undir með Kára Stefánssyni að það væri kostur ef til væri rannsóknarstofa á Íslandi sem gæti boðið upp á greiningar á lífsýnum. Hagræðið væri t.d. sá tími og kostnaður sem fer í að senda sýnið til annars lands en einnig sá kostur að hér á landi gæti orðið til þekking til að að sinna slíkri þjónustu.

Kári bendir á í pistlinum að ef sýni er sent til Svíþjóðar þá sé aðeins hægt að bera DNA af vettvangi glæps við DNA þess sem liggur undir grun en ef greining gagna ætti sér stað hér á landi væri hins vegar hægt að segja með vissu úr hvaða einstaklingi lífsýnið sé án þess að þurfa samburð eða frekari vitna við. Kári á væntanlega við að ef sá grunaði eða einhver skyldur honum hafi veitt sýni til vísindarannsókna að þá sé hægt að bera niðurstöður DNA-greiningar glæparannsókna saman við gagnagrunn vísindarannsókna og leiða líkur að því hver sá seki er.

Hinn möguleikinn væri að ef sá sem grunur er á að hafi verið myrtur



40%
afsláttur
af þessum
búningum

ÖSKUDAGUR

Toys R Us

Tilboðin gilda til 06.03.2017.

SMÁRATORG, REYKJAVÍK ★ KORPUTORG, REYKJAVÍK ★ GLERÁRTORG, AKUREYRI

Nú fara Vildarpunktarnir á flug

BORGARÐU FLUGIÐ MEÐ PUNKTUM OG PENINGUM



Ný þjónusta hjá Icelandair

Notaðu eins marga Vildarpunkta og þú vilt upp í fargjaldið, í öll flug og til allra áfangastaða. Og Vildarpunktarnir halda áfram að safnast upp á meðan – þú færð nefnilega líka punkta fyrir flugið. Frá upphafspunkti til áfangastaðar.



PUNKTAR

PENINGAR



Afþreyingarkerfi í hverju sæti



Hægt að nota og safna Vildarpunktum um borð

Magna Ýr og Gústaf Smári fögnuðu sigri í Egilshöllinni



Fella Magna Ýr Hjálmtýsdóttir fagnar fellu á Íslandsmóti einstaklinga í keilu sem fram fór í keiluhöllinni í Egilshöll í gærkvöldi. Magna Ýr stóð uppi sem sigurvegari og hafði því ástæðu til að brosa breitt. Gústaf Smári Björnsson vann flottan sigur í karlaflokki en þar vakti mesta athygli að Arnar Davíð Jónsson féll úr leik í þriggja manna úrslitum. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Búumst við enn betri árangri

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir hefur keppni í kvöld á sínu öðru móti á LPGA-mótaröðinni. Nú er keppt í Adelaide í Ástralíu en þjálfari hennar segir að hún hafi nýtt tímann eftir síðasta mót til að safna kröftum.

GOLF Ólafía Þórunn Kristinsdóttir hefur í kvöld keppni á sínu öðru LPGA-móti er hún keppir á ISPS Handa-mótinu í Adelaide í Ástralíu. Raunar verður hún ræst út á fimmtudagsmorgni að staðartíma en klukkan 20.41 að íslenskum tíma í kvöld. „Hún er svolítið þreytt og tekur því rólega fyrstu tvo dagana,“ sagði Derrick Moore, þjálfari hennar á Íslandi, en Ólafía Þórunn kom til Ástralíu í fyrradag.

Þrjár vikur eru síðan hún keppti

á sínu fyrsta móti á LPGA-mótaröðinni bandarísku, Pure Silk-mótinu á Bahamaeyjum, en þar komst hún örugglega í gegnum niðurskurðinn og hafnaði í 69. sæti eftir að hafa fatast flugið á þriðja keppnisdegi.

Ólafía talaði um eftir mótið að hafa fundið fyrir þreytu enda var hún enn að jafna sig eftir kjálkaadgerð og gat ekki æft af fullum krafti í aðdraganda mótsins.

„Hún hefur styrkst mikið og vill helst ekki tala mikið um aðgerð-

ina núna,“ sagði Derrick í léttum dúr. „Hún var ánægð með mótið á Bahama en fann vissulega fyrir þreytu á þriðja hring og missti aðeins einbeitinguna. En hún er orðin sterkari í dag.“

Ferðalagið hefur haft sitt að segja og ekki síst tímamismunurinn, sem er tíu og hálf klukkustund miðað við Ísland. „Þetta var langt ferðalag en hún verður fljót að jafna sig á því. Það hefur allt gengið vel í aðdraganda mótsins og við búumst við enn

betri árangri núna en á Bahama,“ sagði Derrick enn fremur.

Heildarverðlaunafé mótsins er 1,3 milljónir Bandaríkjadala eða jafnvirði 145 milljóna króna. Allir þeir sem komast í gegnum niðurskurðinn vinna sér inn verðlaunafé.

Sýnt verður beint frá mótinu á Golfstöðinni en alþjóðleg útsending frá mótinu hefst ekki fyrr en klukkan 04.00 í nótt. Sýnt verður frá mótinu alla fjóra keppnisdagana. eirikur@frettabladid.is

Nýjast

Meistaradeild Evrópu í fótbolta

16 liða úrslit, fyrri leikir

PSG - Barcelona 4-0

1-0 Ángel Di María (18.), 2-0 Julian Draxler (40.), 3-0 Ángel Di María (55.), 4-0 Ángel Di María (72.).

Benfica - Dortmund 1-0

1-0 Kostas Mitroglu (49.).

ENGINN Á TOPP 10 VAR LAUS Gunnar Nelson snýr aftur í búrið 18. mars í O2-höllinni í Lund-únnum þar sem hann berst við Bandaríkjamanninn Alan Jouban í öðrum aðalbardaga UFC Fight Night 107-kvöldsins. Þetta staðfesti UFC bardagasambandið í gær. Gunnar hefur ekki barist síðan í maí í fyrra en hann þurfti að draga sig úr bardaga í nóvember sl. vegna meiðsla. Hann vildi fá sterkari mótherja í næsta bardaga en umfram allt vildi hann bara komast aftur í búrið. „Við vorum búnir að biða mjög lengi. Við vildum fá bardaga gegn manni á topp tíu en það var enginn laus. Við tókum þessu bara enda langar mann að komast inn og berjast,“ segir Gunnar Nelson. Bardaginn verður í beinni á St2 Sport.



Í dag

Stöð 2 Sport

19.05 Keflavík - Snæfell Sport3

19.30 Bayern - Arsenal Sport

19.30 Real Madrid - Napoli Sport2

21.45 Meistaramörkin Sport

02.00 Opna ástralska Golfstöðin

Domino's-deild kvenna

19.15 Grindavík - Stjarnan Röstin

19.15 Keflavík - Snæfell TM-höllin

19.15 Skallagrímur - Valur Borgarn.

19.15 Haukar - Njarðvík Schenkerh.

Olís-deild karla

19.30 Afturelding - Valur Varmá



Volkswagen Transporter

Byggir á traustum grunni

Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnuþjarki að halda sem leysir krefjandi og fjölbreytt verkefni. Hann er framhjóladrífinn með fullkominni stöðugleikastýringu og spólvörn en er einnig í boði með fjórhjóladrifi og sjö þrepa sjálfstjórnun.



Volkswagen Transporter kostar frá

4.140.000 kr.

(3.338.710 kr. án vsk)



Atvinnubílar

HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.




ROLEX
 OYSTER PERPETUAL
 DATEJUST 31




MICHELSEN
 ÚRSMÍÐIR
 Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
 511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 15. febrúar 2017

6. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Búa sig undir höggið frá Costco

Stærstu heildsalar og matvælaframleiðendur landsins búa sig nú undir innreið Costco. Ölgerðin og SS vinna að samningum við erlenda birgja um lægra innkaupsverð. Forstjóri 10-11 útilokar ekki að fyrirtækið kaupi vörur af bandaríska verslunarrísanum til endursölu.



»2
Stór í Nýherja
 Fjárfestirinn Helgi Magnússon er kominn í hóp stærstu hluthafa Nýherja með 1,3 prósentu hlut. Eign hans í félaginu er metin á um 170 milljónir.

»4
Vildu 1,5% í Arion banka
 Kvika gerði Kaupþingi tilboð í síðustu viku fyrir hönd um 20 einkafjárfesta í 1,5 prósent í Arion. Fengu ekki svar fyrir lok tilboðsfrests á miðnætti á sunnudag.

»8
Bónusarnir lækkuðu
 Kaupaugreiðslur sem Arion banki lofaði starfsmönnum lækkuðu um 200 milljónir króna milli ára. Um 395 milljónir fóru í bónusa á árinu 2016.

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímabantanir í síma:
 Optical Studio í Smáralind, 5288500
 Optical Studio í Keflavík, 4213811
 Optical Studio í Leifstöð, 4250500




Optical Studio
 SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

Helgi Magnússon í hóp stærstu hluthafa Nýherja

Helgi Magnússon, fjárfestir og fyrrverandi formaður Samtaka iðnaðarins og Lífeyrissjóðs verslunarmanna, er kominn í hóp stærstu hluthafa Nýherja með 1,3 prósentu hlut. Félagið Varðberg ehf., sem er að fullu í eigu Helga, átti þannig rúmlega 6 milljónir hluta í Nýherja í lok síðustu viku sem gerir það að 13. stærsta hluthafa upplýsingatækni-fyrirtækisins. Miðað við gengi bréfa við lokun markaða í gær er hlutur Helga í Nýherja metinn á um 170 milljónir króna.

Helgi hóf að kaupa bréf í Nýherja í upphafi þessa árs en hlutabréfaverð félagsins hefur hækkað um líðlega 40 prósent frá áramótum. Nýherji birti ársuppgjör sitt í lok síðasta mánaðar þar sem meðal annars kom fram að tekjur samstæðunnar hefðu aukist um 11 prósent á milli ára og EBITDA-hagnaður um sjö prósent. Í afkomutilkynningu félagsins var haft eftir Finni Oddssyni, forstjóra Nýherja, að nýliðið rekstrarár hefði verið „með þeim betri í sögu félagsins“.

Hlutabréfaverð Nýherja hefur hækkað um 20 prósent síðan félagið birti ársuppgjör sitt


Helgi Magnússon
fjárfestir



fyrir um tveimur vikum.

Helgi er stjórnarmaður og hluthafi í Marel og N1. Félagið Hofgarðar ehf., sem er að fullu í eigu Helga, á þannig 2,24 prósentu hlut í N1 og þá fer Eignarhaldsfélag Hörpu, sem er í meirihlutaeigu Helga, með tæplega 0,4 prósentu hlut í Marel. Markaðsvirði þessara hluta er samanlagt um 1.650 milljónir. Eignarhaldsfélag Hörpu minnkaði hlut sinn í Marel fyrr í vikunni þegar félagið seldi eina milljón hluta á genginu 309.

Hagnaður þriggja félaga Helga – Hofgarða, Varðbergs og Eignarhaldsfélags Hörpu – nam 838 milljónum eftir skatta á árinu 2015. Fyrir utan hlutafjäreign í skráðum félögum á markaði er Helgi jafnframt á meðal stærstu hluthafa í Bláa lóninu með rúmlega 5 prósentu hlut. – hae



Hlutabréfaverð Icelandair hefur lækkað um 28% eftir birtingu afkomuviðvörðunar félagsins fyrir tveimur vikum.

Bandarískir sjóðir með tvö prósent í Icelandair

Fjórir fjárfestingasjóðir Eaton Vance eru einu erlendu sjóðirnir í hluthafahópi flugfélagsins. Sjóðirnir hafa næstum þrefaldað eignarhlut sinn í Icelandair frá því í ársbyrjun 2015. eru á meðal stærstu hluthafa í sex skráðum félögum.

Fjórir bandarískir fjárfestingasjóðir á vegum eignastýringarfyrirtækisins Eaton Vance eiga í dag samanlagt rúmlega tvö prósent eignarhlut í Icelandair Group. Enginn einn fjárfestingasjóðanna kemst hins vegar á opinberan lista yfir tuttugu stærstu hluthafa flugfélagsins en markaðsvirði þeirra bréfa sem eru í eigu sjóðanna, miðað við gengi bréfa Icelandair við lokun markaða í gær, er samtals um 1.600 milljónir.

Fjárfestingasjóðirnir byrjuðu að fjárfesta í Icelandair 2015 en í lok þess árs áttu þrjár sjóðanna – Global Macro Portfolio, Global Macro Absolute Return Advantage og JNL/Eaton Vance Global Macro – samanlagt 0,7 prósentu hlut í félaginu. Rúmlega ári síðar hafa sjóðirnir, ásamt Global Macro Capital Opportunities Portfolio, næstum þrefaldað eignarhlut sinn í Icelandair en á sama tímabili hefur hlutabréfaverð félagsins lækkað um 55 prósent. Eignarhlutur Global Macro Portfolio er í dag 0,99 prósent en sjóðurinn Global Macro Absolute Return Advantage á 0,84 prósent í Icelandair. Sjóðirnir eru því báðir á meðal þrjátíu stærstu hluthafa flugfélagsins en samanlagður eignarhlutur þeirra skilar þeim hins vegar í hóp fimmtán stærstu eigenda Icelandair.

1.600

milljónir er markaðsvirði bréfa sjóðanna í Icelandair

» Sjóðir Eaton Vance eru á meðal tuttugu stærstu hluthafa í HB Granda, Högum, Reitum, Eimskipum, Símanum og Regin.

Samkvæmt lista yfir alla hluthafa Icelandair síðastliðinn mánudag, sem Markaðurinn hefur séð, þá eru sjóðir tengdir Eaton Vance um þessar mundir einu erlendu fjárfestingasjóðirnir í hluthafahópi flugfélagsins. Greint var frá því í Markaðnum í síðustu viku að bandaríski vögunarsjóðurinn Taconic Capital hefði selt öll bréf sín í Icelandair í janúar. Sjóðurinn hafði áður átt, í gegnum

félagið TCA Event Investments Opportunity sem er skráð með lögheimili í Lúxemborg, samanlagt um 11 milljónir hluta í félaginu. Miðað við gengi bréfa á Icelandair á þeim tíma má áætla að sjóðurinn hafi selt þann hlut fyrir um 230 milljónir.

Fjárfestingasjóðir í stýringu Eaton Vance, eða dótturfélaga þess, hafa verið nokkuð umsvifamiklir í fjárfestingum á íslenskum hluta- og skuldabréfamarkaði á undanförmum misserum. Þannig hafa sjóðirnir keypt í flestum skráðum fyrirtækjum í Kauphöll Íslands og í lok síðustu viku voru þeir á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa í sex félögum – HB Granda, Högum, Reitum, Eimskipum, Símanum og Regin.

Þrátt fyrir að kaup sjóðanna í Icelandair Group hafi fram til þessa ekki skilað þeim neinum hagnaði þá vegur á móti að gengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadal hefur styrkst um líðlega 17 prósent frá ársbyrjun 2016. Samtímis því að ekkert lát er á fjárfestingum sjóðanna á íslenskum hlutabréfamarkaði þá er Eaton Vance á meðal þeirra bandarísku fjárfestingasjóða sem segjast vera að kanna þann möguleika að höfða mál á hendur íslenska ríkinu vegna frumvarps um meðferð aflandskrónueigna. hordur@frettabladid.is

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is



Kaupmannshúsið/Kaupfélagshúsið, fasteign og rekstur á Höfn í Hornafirði.

Til sölu er elsta íbúðarhús Hafnar, byggingarár 1897, einstaklega reisulegt og falllegt og stendur á frábærri lóð við hafnarsvæðið á Höfn.

Húsið er 292,8 m² á 3 hæðum, hefur allt verið gert upp að utan sem innan og er með veitingaleyfi á 2 hæðum (Veitingastaðurinn Nýhöfn) ásamt leyfi fyrir gistingu í íbúð á efstu hæð.

Húsið er tilbúið til rekstrar fyrir komandi ferðamannasprengju sumarsins en Höfn í Hornafirði er einn af fjölsóttari ferðamannastöðum landsins.

Um er að ræða einstakt atvinnutækifæri sem gæti t.d. hentað samhentum hjónum sem gætu búið í íbúðinni og rekið veitingahúsið.

Eigendur skoða skipti á fasteignum.

Nánari upplýsingar á Jaspis fasteignasölu á Höfn og jaspis.is



Snorri Snorrason lögg. fasteignasali
Litlabrú 1, 780 Höfn
s. 478 2000
snorri@jaspis.is

Seldi fyrir 490 milljónir í Símanum

Arion banki minnkaði hlut sinn í Símanum um nærri helming á mánudag þegar bankinn seldi 150 milljónir hluta í félaginu, eða sem nemur tæplega 1,6 prósentu eignarhlut, á genginu 3,28 krónur á hlut, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Hluturinn í fjarskiptafélaginu var því seldur fyrir samtals um 490 milljónir króna en fyrir viðskiptin átti Arion banki 3,85 prósentu hlut í Símanum sem gerði bankann að sjöunda stærsta hluthafa félagsins. Kaupendur að bréfunum samanstöðu af dreifðum hópi fjárfesta og voru það markaðsviðskipti Landsbankans sem önnudust milligöngu um viðskiptin.

Velta með bréf Símans tók mikinn kipp á mánudag þegar hún náði rétt tæpum 1,2 milljörðum króna í 45 viðskiptum. Þann dag hækkuðu þau í verði um 3,9 prósent. Reyndar var það svo að allur markaðurinn fór upp að flugfélaginu Icelandair Group undanskildu. Síminn mun kynna ársuppgjör sitt fyrir 2016 næsta fimmtudag. – hae



Orri Hauksón forstjóri Símans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

NÝR PEUGEOT 3008

GÆÐIN HEILLA ÞIG STRAX



KOMDU OG KEYRÐU PEUGEOT Í DAG

VERÐ FRÁ:

3.790.000 kr.

Eyðsla frá 3,9 l/100 | CO₂ losun frá 104g/km

TILNEFNDUR SEM BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2017

Nýr Peugeot 3008 Crossover er tilnefndur sem Bíll ársins í Evrópu 2017. Það er til marks um einstaklega vel heppnaða hönnun og framúrskarandi gæði. Það er sama hvar borid er niður, glæsilegt útlit bílsins að innan sem utan, gæðin, þægindin, aksturseginnleikarnir, allt er eins og best verður á kosið. Peugeot 3008 er hár frá götu, 22 cm undir lægsta punkt og framdrifid er fánlegt með öflugri Grip Control spólvörn sem kemur honum í gegnum erfiðustu aðstæður. Þráðlaus tækni hleður símann þinn og með Mirror Screen tækninni getur þú notað Apple Car Play eða Mirror Link fyrir Android til að tengja snjallsímann við 8" skjáinn. Mátadu þig í frábær sætin og kíktu á rúmgott farangursrýmið. Peugeot 3008 er tímamótabíll.

PEUGEOT 3008

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Íslenskir fjárfestar vildu 1,5% í Arion

Kvika gerði Kaupþingi tilboð í síðustu viku í Arion banka fyrir hönd um tuttugu einkafjárfesta en því var ekki svarað fyrir tilsettan frest. Taldi sig hafa „vissu fyrir því að stjórnin hafði áhuga á því að fá tilboð“. Viðræður við lífeyrissjóði staðið yfir og útboð áformað í apríl.

Hörður
Ægisson
hordur@frettabladid.is



Hópur íslenskra einkafjárfesta, sem var settur saman að frumkvæði Kviku fjárfestingabanka, gerði Kaupþingi í síðustu viku tilboð í 1,46 prósentu eignarhlut í Arion banka. Stjórn Kaupþings tók tilboðið til umfjöllunar um nýliðna helgi en því hafði hins vegar ekki verið svarað þegar tilboðsfrestur rann út um miðnætti á sunnudag. Samkvæmt heimildum Markaðarins hljóðaði tilboðið í hlutinn upp á um 2,2 milljarða króna, eða sem jafngildir genginu rúmlega 0,8 miðað við bókfært eigið fé Arion banka í lok þriðja ársfjórðungs 2016.

Kaupþing vildi ekkert tjá sig um málið þegar eftir því var leitað en félagið á samtals 87 prósentu hlut í Arion banka.

Í stuttum tölvupósti sem Kvika sendi til fjárfestahópsins í fyrradag, og Markaðurinn hefur undir höndum, kemur fram að bankinn hafi haft „[vissu] fyrir því að [stjórn Kaupþings] hafði áhuga á því að fá tilboð og fagnaði hún frumkvæði Kviku“. Þá segir í póstinum að Kvika hefði ákveðið að „setja saman góðan hóp fjárfesta í þeim tilgangi“ að gera stjórn Kaupþings tilboð í 1,46 prósentu hlut í Arion banka en því var sem fyrr segir aftur á móti ekki svarað fyrir tilsettan tilboðsfrest.

Hópurinn sem hafði skuldbundið sig til að taka þátt í að setja fram tilboð í hlut í Arion banka samanstóð, samkvæmt heimildum Markaðarins, af um tuttugu einkafjárfestum sem eru í viðskiptum við eignastýringu í Kviku banka. Talsverðrar óánægju gætir í röðum Kviku og fjárfestahópsins með að stjórn Kaupþings hafi ekki tekið jákvætt í tilboðið. Af hálfu Kaupþings er meðal annars horft til þess að pólitískt viðkvæmt gæti mögulega verið að selja útvöldum einkafjárfestum hlut í bankanum í aðdraganda fyrirhugaðs hlutfjárútboðs Arion banka.

Viðræður hófust að nýju

Stefnt er að því að almennt útboð bankans, þar sem Kaupþing hyggst bjóða til sölu hlut í Arion banka, verði haldið öðru hvoru megin við páskaheggina um miðjan apríl-mánud næstkomandi, eins og greint var frá í forsiðufrétt Fréttablaðsins 26. janúar síðastliðinn. Á þessari



Hagnaður Arion banka minnkaði um meira en helming á árinu 2016 og nam 21,7 milljörðum. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi var aðeins 4,7%.

Sala á 87% hlut í Arion banka*

Mögulegt gengi við sölu**	Það sem færi til stjórnvalda	Það sem færi til kröfuhafa
0,6	87	23
0,7	94	35
0,8	101	46
0,9	112	54
1	129	55

Samkvæmt afkomuskiptasamningi fær ríkið þriðjung af söluandvirði yfir 100 milljörðum. Ef hluturinn selst á meira en 140 milljarða fær ríkið helming umfram þá upphæð en þrjá fjórðu þess sem er yfir 160 milljarða.

*Miðað við eigið fé Arion banka í árslok 2016 er sá hlutur metinn á 184 milljarða

**Sölugengi miðað við bókfært eigið bankans

2,2

milljarðar er sú fjárhæð sem fjárfestahópurinn bauð í 1,46 prósentu hlut í Arion banka

stundu liggur ekki fyrir hversu stóran hlut Kaupþing áformar að selja í útboðinu en í kjölfar þess verður bankinn skráður á markað í Kauphöll Íslands og í Kauphöllinni í Svíþjóð.

Lífeyrissjóðum var í september í fyrra boðið að ganga til viðræðna við Kaupþing um að kaupa á bilinu 20 til 40 prósentu hlut í Arion banka

áður en almennt hlutfjárútboð og skráning á bankanum færi fram. Þá gerði upplagg Kaupþings á þeim tíma jafnframt ráð fyrir því að hlutfahafar félagsins, sem eru einkum ýmsir alþjóðlegir fjárfestingasjóðir, myndu í lokuðu útboði kaupa samtímis 10 til 20 prósentu hlut í Arion banka á sama sölugengi og lífeyrissjóðirnir. Það slitnaði upp úr viðræðum ráðgjafa sjóðanna og Kaupþings í desember þar sem of mikið bar í milli varðandi hugmyndir um mögulegt kaupverð á hlut í bankanum. Viðræðurnar hófust hins vegar að nýju í byrjun þessa árs og hafa staðið yfir á undanförunum vikum.

Vogunarsjóðir funda með FME

Á meðal þeirra sem hafa einnig sýnt áhuga á að koma að kaupum á talsverðum hlut á bankanum, hvort sem það yrði í lokuðu útboði eða sem svonefndir hornsteinsfjárfestar í aðdraganda hlutfjárútboðs, eru ýmsir erlendir fjárfestingasjóðir, einkum og sér í lagi vogunarsjóðir á borð við Taconic Capital, langsamlega stærsti hluthafi Kaupþings.

Í forsiðufrétt Fréttablaðsins í lok janúar var upplýst að slíkir sjóðir hefðu á undanförunum vikum og mánuðum átt fundi hér á landi með yfirstjórnendum Fjármálaeftirlitsins (FME) í tengslum við möguleg

kaup þeirra á hlut í Arion banka. FME hefur leitað eftir því á fundunum að fá upplýsingar um eignarhald viðkomandi sjóða og önnur atriði sem kunna að varða hugsanlegt hæfi þeirra til að fara með eignarhlut í fjármála fyrirtæki. Ekki hafa fengist upplýsingar um nöfn þeirra sjóða sem hafa fundað með FME en þar er meðal annars um að ræða bandaríska vogunarsjóði í hlutahafahópi Kaupþings.

Sá sem hefur leitt vinnu Kaupþings í tengslum við söluferlið síðustu mánuði er Benedikt Gíslason, sem situr í stjórn félagsins, og þá er skammt síðan hæstaréttarlögmaðurinn Óttar Pálsson bættist við í þann hóp. Óttar situr í stjórn Kaupþings og er á meðal eigenda lögmannsstofunnar LOGOS sem kemur að verkefninu sem lögfraeðilegur ráðgjafi. Sá sem fer einkum fyrir þeirri vinnu hjá LOGOS er Þórólfur Jónsson, eigandi og stjórnarformaður lögmannsstofunnar. Þeir bankar sem hafa verið ráðnir umsjónaraðilar með útboðinu eru Morgan Stanley, Citi og sænski fjárfestingabankinn Carnegie. Þá mun Deutsche Bank vera í hlutverki sölu-ráðgjafa auk þess sem búist er við að gerður verði ráðgjafasamningur við tvö eða fleiri íslensk fjármála fyrirtæki.

Vatnsverksmiðja tapaði 1,2 milljarði

Vatnsfyrirtækið Icelandic Water Holdings, sem rekur átöppunarverksmiðju í landi Hlíðarenda í Ölfusi, tapaði 10,9 milljónum Bandaríkjadala árið 2015 eða jafnvirði 1,2 milljarða króna. Afkoman var þó betri en árið 2014 þegar reksturinn skilaði 12,9 milljónum dala tapi.

Samkvæmt nýjum ársreikningi vatnsframleiðandans var Jón Ólafsson, stofnandi Icelandic Water Holdings, löngum kenndur við Skifuna, og félög tengd honum stærsti einstaki eigandi fyrirtækisins með 23,1 prósent. Bandaríski drykkjarvörurissinn Anheuser-Busch International átti þá 19,44 prósentu hlut. Útflutningur á vatninu Icelandic Glacial skilaði tólf milljónum dala, jafnvirði 1,4 milljarða króna miðað við núverandi gengi, samanborið við rétt tæpar tíu milljónir árið áður. Rekstrartekur fyrirtækisins námu alls 12,6 milljónum dala.



Icelandic Water Holdings rekur átöppunarverksmiðju í Ölfusi. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

1,4

milljarðar skiluðu sér vegna útflutnings á vatninu Icelandic Glacial

Eignir þess voru í árslok 2015 metnar á 135 milljónum dala. Verksmiðja Icelandic Water Holdings, land og vatnsréttindi eru þar af bókfærð á alls 100 milljónum dala. Skuldarnar námu 60 milljónum dala.

Jón stofnaði fyrirtækið ásamt syni sínum, Kristjáni Ólafssyni, framkvæmdastjóra Icelandic Water Holdings, árið 2004. Fyrsta skóflustungan að vatnsátöppunarverksmiðjunni var tekin í ágúst 2007. Icelandic Glacial er selt víða um heim en tap hefur verið á rekstrinum síðustu ár. – hg

Sjónvarpsdreifikerfi fyrir hótél, gistiheimili og skip.

ÖREIND – Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660
oreind@oreind.is • www.oreind.is

sart SAMTÖK RAÐVERKJAKA

GILDIR TIL

30. APRÍL
2017

FOSSHÓTEL HÚSAVÍK

FUNDARFRÍÐUR VIÐ FLÓANN

TÆPLEGA
KLUKKUTÍMA FLUG
FRÁ REYKJAVÍK

FYRSTA FLOKKS AÐSTAÐA OG ÞJÓNUSTA

Við bjóðum upp á frábæra aðstöðu og einstaka þjónustu í hjarta Húsavíkur. Glæsilegir fundarsalir og reynslumikið starfsfólk sem sér til þess að fundir gangi vel og þægilega fyrir sig. Einbeiting, innblástur og árangur í fallegu umhverfi. Hafðu samband og við hjálpum þér að setja saman leið sem hentar þínum þörfum.

FUNDARLEIÐ 1

- Fundaraðstaða, skjávarpi og netaðgangur
- Kaffi og meðlæti dagsins, hollt og sætt úr héraði
- Hádegisverður: Tveggja rétta dagsins á veitingastað hótelsins

9.100 KR. ALLAN DAGINN

7.600 KR. HÁLFAN DAGINN

4.200 KR. HÁLFAN DAGINN ÁN HÁDEGISVERÐAR

– Gildir fyrir 12 manns eða fleiri

FUNDARLEIÐ 2

Frí ráðstefnu- og/eða fundaraðstaða fyrir fyrirtæki sem gista á Fosshoteli (með fyrirvara um laus herbergji).

8.800 KR. MEÐ MORGUNVERÐI
(á mann í tveggja manna herbergji).

– Gildir fyrir 12 manns eða fleiri

Verð per mann.

Haraldur
Guðmundsson
haraldur@fréttablaðið.is

Stærstu heildsalar og matvælaframleiðendur landsins búa sig nú undir höggid frá komu bandaríska verslunarrisans Costco. Tveir þeirra, Ölgerðin og Sláturfélag Suðurlands (SS), fyrirtæki sem framleiða matvæli eða drykkjarvörur en eru einnig heildsalar með heimsþekkt vörumerki, vinna nú að samningum við sína erlendu birgja um lækkingu á innkaupsverði á ákveðnum vörum til heildsölu. Árni Pétur Jónsson, forstjóri 10-11, segir svo vel geta farið að fyrirtækið kaupi vörur frá Costco í stórum stíl til endursölu í 35 verslunum þess.

„Við þekkjum Costco ágætlega og höfum skoðað þessar verslanir á undanförunum árum bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum. Við erum alveg sannfærð um að þeir muni hafa mikil áhrif á íslenska markaðinn og ekki einungis smásöluna heldur einnig heildsölu. Við höfum skoðað hvort þarna séu einhver tækifæri fyrir okkur og erum undirbúin fyrir það. Þeir sem ekki óttast þennan keppinaut vanmeta hann stórkostlega,“ segir Árni Pétur í samtali við Markaðinn.

Heildsalar fá skell

Sérfræðingar á sviði verslunar og stjórnendur fyrirtækja í framleiðslu og heildsölu, sem vildu ekki láta nafn síns getið, segja ljóst að áhrifin af innreið Costco hingað verði mikil. Benda þeir á að veitingahús, kjörbúðir og stórmarkaðir geti leitað til bandaríska fyrirtækisins eftir vörum til endursölu og þannig farið fram hjá innflutningsfyrirtækjum.

Þeir sérfræðingar sem Markaðurinn ræddi við bentu margir á að umfjöllun um komu Costco hefur nær eingöngu hverfst um möguleg áhrif hennar á smásölumarkaðinn og þá aðallega verslanir Haga og Festi. Fyrirtækjaaðild að Costco verði aftur á móti ódýrari en einstaklingsaðild, eða 3.800 krónur á ári á móti 4.800, sem sé skýrt merki, til viðbótar við mörg önnur, um að bandaríska fyrirtækið ætli sér að herja á heildsölumarkaðinn. Bakari, veitingahús, smærri verslanir og önnur fyrirtæki geti því orðið stór hluti af veltu Costco á Íslandi með kaupum á vörum til endursölu eða framleiðslu.

Annað sem viðmælendum blaðsins varð tíðrætt um var hversu stór-an bita Costco í Bretlandi, sem mun reka verslunina í Kaupþúni í Garðabæ, tekur af heildsölumarkaðnum þar í landi. Þar séu vegalengdir oft ekki eins stuttar og hér og því leiti eigendur smærri verslana og veitingahúsa til vöruhúsa eins og Costco. Í sumum tilvikum hafi Costco nánast opnað í þeim eina tilgangi að sjá þessum fyrirtækjum fyrir vörum. Einstaklingsaðild hafi þá einungis verið hliðarþúgrein. Forsvarsmenn íslenskra fyrirtækja hafi aftur á móti bent á að Costco selur vörur í stórum magnpakkningum og að nútíma neytendur kjósi frekar að kaupa minni einingar og heimsækja búðirnar oftar. Svar Costco við því sé hið lága verð sem erfitt sé að keppa við og sértíðboð eins og Fjárjósleitin (e. Treasure Hunt) þar sem um er að ræða vörur í takmörkuðu magni.

„Það gefur augaleið að það er fullt af smásölum og heildsölum á landinu sem þurfa að fara að huga að sínum málum ef Costco kemur hér inn með mun ódýrari vörur. Þá þurfa þeir annaðhvort að semja við þá sem þeir versla við erlendis eða hagræða hér heima,“ segir Arnar I. Jónsson, hlutabréfagreiðandi hjá Hagfræðideild Landsbankans, í samtali við Markaðinn.

Hagfræðideildin uppfærði í september síðastliðnum verðmat sitt á verslunarfyrirtækinu Högum. Í því var meðal annars bent á umfang bandaríska verslunarrisans sem velti jafnvirði um fjórtán þúsund milljarða króna árið 2015. Íslenski smásölumarkaðurinn var þá 400



Stefnt er að opnun Costco í Kaupþúni í Garðabæ í lok maí næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Semja um lægra verð vegna komu Costco hingað til lands

Ölgerðin og Sláturfélag Suðurlands (SS) vinna að samningum við erlenda birgja um lægra innkaupsverð vegna innreiðar Costco hingað til lands. Forstjóri 10-11 útilokar ekki að fyrirtækið kaupi vörur af Costco til endursölu. Sérfræðingar segja ljóst að áhrifin á heildsala og innlenda framleiðendur verði mikil.

milljarðar króna og heildsölumarkaður með matvæli, drykkjarvöru og tóbak um 213 milljarðar.

SS vill lækka verð

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands (SS), segir fyrirtækið nú vinna að nýjum samningum við erlenda birgja sem komi til með að leiða til verðlækkunar á innfluttum vörum fyrirtækisins. Gagngert hafi verið ráðist í þá vinnu vegna komu Costco. SS flytur meðal annars inn og selur smásölufyrirtækjum Mars, Snickers, Twix og fleira sælgæti frá sælgætisframleiðandanum bandaríska Mars Inc. og vörur frá Barilla, McCormick og Uncle Ben's.

„Það er ljóst að menn leita nú leiða til að lækka verð á ákveðnum vörum og við erum reyndar í því ferli að lækka verð á til dæmis Mars-sælgætinu. Við erum eins og aðrir búnir að skoða hvað Costco er að gera í Bretlandi og það er ljóst að þeir eru með mjög lágt verð á mörgum vörulíðum en hins vegar með lítið úrval í hverjum líð. Eins og í Mars-sælgætinu eru þeir með fjóra til fimm vörulíði af kannski 60. Það er ljóst að heildaráhrifin af komu Costco verða þau að verð mun lækka á mörgum vörum og það er alveg sama hvort þar er um að ræða hjólbarða eða súkkulaði eða eitthvað annað,“ segir Steinþór og heldur áfram:

„Ég hugsa að það verði einhver

213

milljarðar var heildarvelta íslenska heildsölumarkaðarins á árinu 2015

áhrif í þá áttina að þeir sem eru að selja þessar vörur geti ekki jafnað það. Ef það munar litlu þá kaupirðu kannski af þeim sem eru með meira úrval en ef það munar verulega þá kaupirðu hitt. Ég sé aftur á móti ekki að þetta muni hafa áhrif á ferskvöru. Að þeir geti boðið hana á lægra verði en þetta mun sannarlega hafa áhrif á ýmsa sérvöruflokka eins og heimilistæki, lyf, gleraugu og ákveðna pakkavöru eins og Kornflex og Mars eða Snickers eða eitthvað. Hversu mikið verðið hér mun lækka fer svó lítið eftir því hvaða vöruúrval verður þarna. Ég á von á því að annar hver Íslendingur gerist félagi þarna og að þeir muni hafa gott út úr því,“ segir Steinþór.

SÆBJÚGU - HEILSUFÆÐA Í HYLKI

Arctic Star kynnr Sæbjúgu eru þekkt heilsufæða í Kína en Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og eru þau notuð til bóta á ýmsum meinum. Nú má fá þau góðu áhrif sem sæbjúgum fylgja á einfaldari máta en þau fást í handhægum hylkjum. Sandra Yunhong She hefur notað sæbjúgnahylkin með góðum árangri og mælir með þeim.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í því en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans. Sæbjúgu hafa verið þekkt sem heilsufæði í gegnum aldirnar í Kína, ættlandi Söndru Yunhong She, eiganda Arctic Star, framleiðanda sæbjúgnahylkjanna. Þar eru þau notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

ég finn mikinn mun á mér.“ Sæbjúgnahylkin fóru í framleiðslu fyrir um tveimur árum. Þeir sem fengu að prófa sæbjúgnahylkin höfðu yfirleitt góða sögu að segja af þeim. „Flestir sem hafa prófað þetta hjá okkur komast að sömu niðurstöðu, að þetta sé gott fyrir liðamótin, minnki liðverki, lækki kólesteról og auki blóðflæði. Virknin er þó misjöfn hjá fólki en eins og áður segir þá vorum við lengi með vöruna í rannsókn og prófuðum hvernig hún virkaði á fólk og mismunandi kvilla sem þau hafði. Við settum svo sæbjúgnahylkin á markað í júní 2015 og við-

JÁKVÆÐ ÁHRIF

„Heima hjá mömmu voru sæbjúgun elduð. Það tekur hins vegar mjög langan tíma að gera það og menn eru ekki að elda sæbjúgu daglega. Við fengum því þá hugmynd að búa til sæbjúgnahylki svo fólk geti fengið heilsuþótarefnin úr sæbjúgunum daglega, á auðveldan máta,“ útskýrir Sandra. Áður en Sandra og fjölskylda fóru að framleiða hylkin og markaðssetja þau gerðu þau nokkurs konar tilraunir á sjálfum sér og sínum nánustu. „Við tókum sæbjúgnahylkin í um tvö ár áður en við fórum að framleiða þau. Fyrir mig virkaði þetta afskaplega vel og meðal annars varð ónæmiskerfið í mér sterkara. Þegar ég var yngri fékk ég alltaf flensu nokkrum sinnum á ári. Á síðustu árum hef ég varla orðið veik. Þegar flensan er úti um allt í þjóðfélaginu fæ ég í mesta lagi smá hausverk í einn dag en ekki meir. Þannig að



Sandra finnur mun á sér eftir að hafa tekið inn sæbjúgnahylkin. Henni finnst ónæmiskerfi sitt vera sterkara en áður.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Flestir sem hafa prófað þetta hjá okkur komast að sömu niðurstöðu, að þetta sé gott fyrir liðamótin, minnki liðverki, lækki kólesteról og auki blóðflæði.“

Sandra Yunhong She

tökurnar hafa verið góðar,“ segir Sandra og bætir við að þau hafi fengið fjölda símtala frá ánægðum neytendum. „Þeir voru að láta okkur vita hvernig sæbjúgnahylkin hafa virkað fyrir þá og erum við mjög ánægð að heyra frá þeim.“

Íslensk framleiðsla Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsuþúðum og í Hagkaupum.





FISLÉTTIR VATT OG DÚNJAKKAR
VERÐ FRÁ 19,900,-

Skóðið laxdal.is

BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Vertu vinur á Facebook 



Raumgestalt bretti
Verð frá 2.980 kr.

JÓNSSON & LEMACKS • Júlís • SÍA

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 | www.kokka.is ✉ kokka@kokka.is



Vitamix
Pro750 galdurinn á
bak við ferskt hráefni

- Nýtt útlit, öflugri og hljóðlátari
- Stiglaus hraðastýring ásamt pulse rofa og 5 prógrömmum
- Uppskriftabók fylgir

Rauðagerði 25 108 Rvk Sími 440-1800 www.kaelitaekni.is

Blekhyllki.is



Ódýr blekhyllki og tónerar!

Blekhyllki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind



Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari

Úr einu fræi varð bylting.
Moroccanoil hárvörumerkið er innblásið af ferskum vindum, bláma sjávarins og landslagsins í kringum Miðjarðarhafið.

Upphafið er sjálf Moroccanoil Treatment olían sem er góður grunnur fyrir hvaða hárgerð sem er. Einnig góð í krakka og skegg. Til að fá sem bestu næringarefni er gott að setja hana alltaf í blautt hárið og blása það eða leyfa því að þorna eðlilega.



Regalo ehf Iceland

Ólurnar eru þrjár og nýjust er Blow Dry Concentrate sem hönnuð er fyrir gróft og erfitt hár. Moroccanoil Treatment hentar öllum hárgerðum og LIGHT fyrir fingert og mikið ljóst hár.

Wrapmaster

...ómissandi í eldhúsið!



Hlaða

Draga út og vefja

Þrýsta og skera

Geyma

- Klippir álfilmur og plast
- 35% sparnaður
- Ódýrari áfyllingar
- Má setja í uppþvottavél
- Afar auðvelt í notkun

Engar flækjur
Ekkert vesen

Fæst í FK, Hagkaupum, Byko, Nettó, Krónunni, Kjarval og Húsasmiðjunni.



„Þetta snýst þó ekki um vegalengdir heldur um að komast ákveðna leið á enda. Það gefur mér heimikið og hvert hlaup fer í reynslubankann,“ segir Elísabet. MYND/STEFÁN KARSSON

HLAUPIÐ Á FJÖLLUM Í FJÓRA DAGA

Elísabet Margeirsdóttir tók þátt í einu svakalegasta fjallahlaupi í Evrópu í fyrra. Hún segir frá því á Fjallakvöldi í Háskólabíói næsta þriðjudagskvöld og gefur fólki um leið innsýn í líf fjallahlauparans.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



„Ég lauk lengsta hlaupi á ferlinum með góðum árangri í september, eða Tor des Géants hlaupinu um Aosta-dalinn á Ítalíu. Hlaupið var 340 kílómetrar með 25 þúsund metra hækkun og tók fjóra daga. Það var lítið sofnið á þeim tíma. Ég ætla að segja frá því hvernig ég undirbjó mig og hvernig hlaupið gekk. Svo ætla ég að fara yfir það hvað felst í hlaupum á fjöllum, hvers vegna ég stunda þessi hlaup og hvað það gefur mér,“ segir Elísabet, sem er aðjúnkt í næringarfræði við Háskóla Íslands. Hún hefur stundað langhlaup og fjallahlaup um töluvert skeið en undanfarið aðallega einbeitt sér að svokölluðum ofurhlaupum.

„Meðalkeppnishlaup hjá mér

er hundrað kílómetrar í einu með mikilli hækku. Mörg af þessum hlaupum eru mikil náttúruupplifun og ég næ að fara yfir stór svæði á stuttum tíma. Hvort það er neikvætt eða jákvætt er svo spurning. Sumir vilja frekar ganga og fara hægur yfir en sem hlaupari finnst mér ég ná að njóta en ekki þjóta. Þetta snýst þó ekki um vegalengdir heldur um að komast ákveðna leið á enda. Það gefur mér heimikið og hvert hlaup fer í reynslubankann.“

Góður undirbúningur skiptir höfuðmáli þegar kemur að fjallahlaupum. Mikilvægt er að fara ekki of geyst í þessi hlaup, æfa vel og helst hafa sérhæft sig fyrir þá leið sem maður ætlar að fara. Fyrir fjallahlaupakeppni þarf fyrst og fremst að æfa á göngustígum og í fjalllendi. „Hafa verður í huga að líkaminn þarf að venjast þessu. Þetta eru krefjandi hlaup þótt ekki sé

farið hratt yfir,“ segir Elísabet og bætir við að hlaup sé mjög góð fyrir núvitundina. „Öll athyglin þarf að vera á hlaupinu og hvar maður er að hlaupa. Þannig hvílir maður hugann frá amstri dagsins. Mér finnst það mikill kostur.“

Fjallakvöldið er haldið að frumkvæði 66°Norður í samstarfi við Gore-tex og snýst um fjallamennsku frá ýmsum hliðum. Auk Elísabetar mun Tómas Guðbjartsson lækni segja frá fjallaskíðaferð Félags íslenskra fjallalækna yfir einn stórfenglegasta hluta Alpna og einn fremsti fjallamaður heims, Stefan Glowacz, segir frá einni erfiðustu klifurleið í heimi og göngu á hæsta fjall Malasíu.

Nánari upplýsingar um Fjallakvöldið er að finna á vefsíðunni www.midi.is. Aðgangseyrir er 1.000 kr. Ágóði rennur til styrktar Slysavarnarfélagssins Landsbjörg.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMADUR: Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351
Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357
SÖLUMENN: Atli Bergmann, atli@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433



ÚTSÖLULOK OG LAGERSALA

Vorum að bæta við miklu
magni af vörum á útsöluna!

60-70% afsláttur

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Ef dýrin mættu velja



gæludýr.is
Einfaldlega ódýrari

Hvert er þitt markmið?
Mamma Veit Best **PURE SYNERGY**
Lífræn hágæða bætiefni & vítamín



MAMMA VEIT BEST.IS - LAUFBREKKA 30 & NJÁLSGATA 1

Vetrarþjónusta

mokstur, salt & sandur

Það þarf líka að huga að garðinum á veturna og erum við hjá Garðlist ávallt til þjónustu reiðubúin. Við leggjum áherslu á að svara öllum fyrirspurnum og pöntunum samdægurs og höfum samband eftir að fagmenn okkar hafa lokið verki til að tryggja að allt sé eins og það á að vera. **Söltun, söndun og snjómokstur á bílastæðum, gangstéttum ofl.**

gardlist.is

554 1989

gardlist@gardlist.is

Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík



Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn



Bryndís Kjartansdóttir jógakennari trúir því að jákvæð orka fjöldans geti skipt sköpum í baráttunni fyrir betri heimi.

MILLJARÐUR RÍS Í REYKJANESBÆ

Dansbyltingin Milljarður rís er haldin á vegum UN Women víða um heim. Bryndís Kjartansdóttir jógakennari stendur fyrir viðburðinum í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ á föstudaginn milli 12 og 13.

**Brynhildur
Björnsdóttir**

brynhildur@365.is



„Þegar ég kom út úr Hörpu af Milljarður rís fyrir þremur árum sagði ég við dóttur mína: Ég ætla að gera þetta á næsta ári í Reykjanesbæ! Svo leið tíminn og ég gleymdi þessu og rankaði við mér á þriðjudegi fyrir viðburðinn sem er alltaf á föstudegi. Þannig að ég setti mig í samband við UN Women á Facebook þann dag og spurði hvort ég mætti halda þetta hér. Þetta var auðvitað mjög stuttur fyrirvari en við fengum minni salinn í Hljómahöllinni sem smekkfylltist svo fólkið tók vel við sér. Ég gerði þetta svo aftur í fyrra, þá vorum við með stærri salinn í Hljómahöllinni og hann fylltist líka.“

Í ár verður stærri salurinn aftur undir en Hljómahöllin lánar salinn án endurgjalds. Atli Már þeytir skífum eins og áður. „Í ár fáum við svo góða gesti, Þórdísi Birnu og Júlíu Heiðar sem koma og flytja atriðið sitt úr Söngvakeppni Sjóvarpsins.“

Bryndís segir mætingu hafa verið góða undanfarin ár. „Það hafa komið þrjú til fimm hundruð manns á öllum aldri, frá leikskólunum og skólunum og svo eru vinnustaðirnir að taka sig saman og koma. Mætingin fer eftir því hvernig mér gengur að auglýsa. Ég hef bæði kynnt þetta gegnum Facebook og svo hafa Víkurfréttir hjálpað mér, bæði með fréttatilkynningu og auglýsingu. Ég upplifi svo góða samstöðu kringum þennan viðburð og ég vona svo innilega að fólk komi.“

Bryndís finnst mikil þörf á því að vekja athygli á ofbeldi gegn konum. „Það viðgangast ljóttir hlutir um allan heim, líka hérna heima sem við ræðum kannski minna um dagsdaglega. Þess vegna finnst mér svo fallegt hvernig við tileinkum dansinn í þetta skipti minningu Birnu Brjánsdóttur.“



Fokk ofbeldi eru eins konar einkennisbúningur byltingarinnar.


Bryndís er sannfærð um að orkan úr dansbyltingunni skili sér út í heiminn. „Samstaðan og krafturinn eru svo mögnuð. Með því að koma saman og dansa erum við að vekja athygli á risastóru vandamáli með samstöðu og væntumþykju og hvetja hvert annað til dáða. Það er mikil orka í jákvæðri samstöðu. Og eftir því sem við erum fleiri sem sendum þessa gleði og góðu orku inn

í þetta málefni þá verður heimurinn betri. Hver og einn skiptir máli, og þegar við sendum fallega orku út í geiminn þá verður dagurinn betri og heimurinn betri.“

Í ár verður dansað á Akureyri, í Reykjavík, á Rífi á Snæfellsnesi, Ísafirði, Seyðisfirði, í Neskaupstað, á Hvammstanga, Egilsstöðum og Höfn í Hornafirði. Nánari upplýsingar má finna á Facebook- viðburðinum Milljarður rís.

Bókhald og endurskoðun


KYNNINGARBLAÐ KPMG | dk hugbúnaður | Wise |



KPMG Bókað er bylting í bókhaldi fyrir minni og meðalstór fyrirtæki

Einyrkjar og stjórnendur minni og meðalstórra fyrirtækja eyða oft umtalsverðum tíma og fyrirhöfn í að færa bókhald og ómældri orku í að kreista nýtilegar upplýsingar úr því. KPMG Bókað er sérhannað með þarfir þessara aðila í huga. Nánar á vefnum bókað.is.

KPMG Bókað er snjöll bókhaldslausn í skýinu og aðgengileg hvenær sem er hvort sem það er í vinnutölvunni eða snjallsímanum. „Hjá KPMG höfum við alltaf lagt okkur fram við að bjóða fyrsta flokks bókhaldsþjónustu og hyggjumst gera það áfram. Með Bókað bætist hins vegar við að viðskiptavinir geta fylgst með stöðunni og nálgast upplýsingar og skýrslur í upplýsingagáttinni á bókað.is sem uppfærast jafnhliða því sem bókhaldið er fært,“ segir Birna Rannversdóttir hluthafi hjá KPMG og sviðsstjóri á uppjörs- og bókhaldssviði. „Auk þess geta viðskiptavinir framkvæmt ákveðnar bókhaldslegar aðgerðir eins og að útbúa sölureikninga sem styttrir boðleiðir og minnkar líkur á villum og mistökum. Í KPMG Bókað geta viðskiptavinir jafnvel komið fylgiskjölum og bókhaldsgögnum



Á KPMG Bókað er hægt að fylgst með stöðunni og nálgast upplýsingar sem uppfærast jafnhliða því sem bókhaldið er fært.

til skila með rafrænum hætti t.d. með snjallsíma eða spjaldtölvu,“ bætir hún við.

Góð samskipti við bókara sem kynnir sér reksturinn

Hjá KPMG starfar stór hópur af frábæru starfsfólki sem hefur yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af bókhaldi og rekstri. Birna segir að bókararnir í

KPMG Bókað leggi sig sérstaklega fram við að kynna sér rekstur og þarfir viðskiptavinnanna ofan í kjölinn. „Reynslan hefur kennt okkur að viðskiptavinirnir leggja mikið uppúr því að geta leitað til sama aðila með spurningar og vandamál varðandi bókhaldið. Þess vegna úthlutum við hvernjum og einum viðskiptavini sínum bókara og birtum honum

netfang og símanúmer bókarans í upplýsingagáttinni. Þeir eru síðan ávallt reiðubúnir að svara spurningum og veita góð ráð“ segir hún.

Meiri tími með bókhaldið í traustum höndum

„Það er bjargföst trú okkar að með KPMG Bókað geti einyrkjar og stjórnendur lítilla og meðal-

stórra fyrirtækja varið meiri tíma í að skipuleggja reksturinn eða afla nýrra viðskipta í stað þess að klóra sér í hausnum yfir bókhaldinu,“ segir Birna. „Hafið bara samband svo þið getið hætt að reyta hár ykkar yfir bókhaldinu í „frítímanum“. Eyðið honum frekar í að sinna fjölskyldunni og áhugamálunum,“ bætir hún við að lokum.



ENOR

Við veitum fyrirtækjum og einstaklingum viðtæka og faglega þjónustu á sviði endurskoðunar, reikningsskila, skattamála og tengdrar ráðgjafar.

Við tökum vel á móti þér!

Enor ehf. | s. 430 1800 | enor@enor.is | www.enor.is

Áhugaverður fundur

Fjallað verður um niðurstöður samanburðarrannsóknar á endurskoðunarnefndum hér á landi á morgunverðarfundum á vegum FLE á Grand hóteli í næstu viku.

Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) stendur fyrir morgunverðarfundum á Grand hóteli fimmtudaginn 23. febrúar. Þar munu Einar Guðbjartsson, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, og Jón Snorri Snorrason, lektor við Háskólann á Bifröst, fjalla um niðurstöður úr samanburðarrannsókn á endurskoðunarnefndum hér á landi, starfsumhverfi þeirra og umfangi.

Endurskoðunarnefndir hafa á undanförunum árum fengið mun meira vægi að sögn þeirra Einars og Jóns Snorra. Samhliða því hefur verksvið og mikilvægi þeirra aukist mjög mikið sem og væntingar fjármagnsmarkaðarins og almennings. „Það var gerð rannsókn árið 2012 á starfsumhverfi og umfangi endurskoðunarnefnda hér á landi. Við fengum svo styrk frá Námsstyrkja- og rannsóknarsjóði FLE til að gera sambærilega könnun árið 2016 og bera saman við hina fyrri,“ segir Jón Snorri.

Einar segir mikilvægi nefndanna mikið og það eigi eftir að aukast enn frekar á næstu árum. „Hlutverki endurskoðunarnefnda er lýst vel í 108 gr. laga um ársreikninga. Þar kemur skýrt fram að nefndarmenn eru gæslumenn almennings þegar kemur að gæðum fjárhagslegra upplýsinga sem stjórn viðkomandi félags legg-



Jón Snorri Snorrason (t.v.) og Einar Guðbjartsson munu fjalla um niðurstöður úr samanburðarrannsókn á endurskoðunarnefndum á fundi í næstu viku. MYND/GVA

ur fram. Fyrir vikið þurfa nefndarmenn að hafa ákveðna heildarsýn.“

Markhópurinn í rannsókninni voru þau fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög sem falla undir lagalegu skilgreininguna „eining tengd almannahagsmunum“, sbr. lög um endurskoðendur. „Til að fá heildaryfirlit yfir ofangreindan markhóp var haft samband við Fjármálaeftirlíð (FME) og Kauphöll Íslands/NASDAQ OMX. Þar fengust listar yfir öll þau hlutafélög, sveitarfélög, stofnanir og lifeyrissjóði sem falla undir þessa skilgreiningu. Eftir úrvinnslu þeirra gagna var haft samband við samtals 133 einingar.“

Nú stendur yfir vinna hjá þeim við að greina svör og gögn sem borist hafa en ekki er um eina niðurstöðu að ræða þar sem um 40 spurningar voru í könnuninni sem skiptust í nokkra efnisflokk. „Það sem verður fjallað um á fundinum í næstu viku er hluti af fyrstu frumniðurstöðu rannsóknarinnar. Einnig verður kynntur samanburður við rannsóknina frá árinu 2012 og reynt að rýna í breytingar yfir tíma, þ.e. frá 2012 til 2016.“

Fundurinn stendur yfir frá kl. 8-10 og hægt er að skrá sig á www.fle.is. Skráning er opin til kl. 15 miðvikudaginn 22. febrúar.



3 MÍN AÐ SKRÁ SIG DAGAR FRÍTT

2now.is

365

Fyrirtækið dk hugbúnaður er leiðandi á sviði viðskiptahugbúnaðar hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja. Starfsemi hefur farið ört vaxandi undanfarin ár og í dag vinna 54 starfsmenn hjá fyrirtækinu, þar af eru 14 í þróunardeildinni, 9 í hýsingardeildinni og 25 í þjónustudeildinni.

Sveigjanleiki dk

„Takmarkaðir notkunarmöguleikar eru veikleiki margra bókhaldskerfa á íslenska markaðnum og oft er ekki hægt að laga hugbúnaðinn að sérþörfum fyrirtækja. Við hjá dk höfum þróað fjölda sérlausna fyrir íslenskan og erlendan markað, svo sem almenn þjónustufyrirtæki, verslanir og veitingahús, hótél og gististaði, stéttarfélag, sveitarfélög, endurskoðunar- og bókhaldsþjónusta, útgerðir og fiskvinnslur og framleiðslufyrirtæki,“ segir Dagbjartur Pálsson, en hann er framkvæmdastjóri dk hugbúnaðar ásamt bróður sínum, Magnúsi.

Félagasamtök

Dk þjónustar á annað hundrað félagasamtaka af öllum stærðum og gerðum. Hjá stærstu félögnum eru hátt í 80 þúsund félagsmenn á skrá og færslurnar vel yfir 10 milljónir.

„Okkar lausnir fyrir stéttarfélag eru eftirfarandi: Allt fyrir bókhaldið, laun og viðskiptamenn, launagreiðendur og lánardrottna. Þessar lausnir innihalda til dæmis greiningar og skýrslur, ársreikninga, sundurliðun ársreiknings og sjóðstreymi. Í viðbót höfum við félagakerfi fyrir félagatalið, sjóðakerfi til að halda utan um sjóðina og skilgreinar og greiðslur í þá og styrkjakerfi fyrir útgreiðslur á styrkjum úr sjóðum og ýmsar tengingar, svo sem við vefsíðu fyrir umsóknir á styrkjum og „mínar síður“.“

Hótél og gististaði

„Einnig má nefna lausnirnar okkar fyrir hótél og gististaði. Fyrir minni hótél og gististaði bjóðum við dk bókunarkerfið og fyrir stærri hótél og gististaði bjóðum við Roomer PMS, en það er snjallt, þægilegt og öflugt hótélstjórnunarkerfi (PMS) sem hentur vel fyrir miðlungsstór og stærri hótél og gististaði. Með kerfinu fylgir fjöldi tóla og tækja sem hjálpa hótélum að hámarka tekjur og nýtingu yfir allt árið, meðal annars bókunarrappur og markaðstorg (channel manager) með öllum stærstu bókunarrásunum,“ segir Dagbjartur.

Öflug stjórnendaverkfæri - viðskiptagreiðing

Einn helsti kostur dk viðskiptahugbúnaðarins eru öflug greiningartól og stjórnendaverkfæri. Greiningarvinnslurnar í dk byggja á rauntímagögnum og sýna því stöðuna eins og hún er hverju sinni. Með stjórnendaverkfærum er mjög auðvelt að fylgjast með „stóru myndinni“ og bora sig niður eftir upplýsingum eftir því sem þörf er á. Dk býður upp á mismunandi sýn á gögnin sem svipar til svokallaðra OLAP-teninga. Þannig er hægt að skoða gögnin út frá mismunandi hliðum og skilgreina eigin sýn á þau. „Í sölukerfinu er til dæmis hægt að skoða sömu sölugögn út frá tímabilum, viðskiptavinum, flokkum viðskiptavina, svæðum, vörum, vöruflokkum, solumönnum eða deildum. Kosturinn við að hafa þetta innbyggt er að ekki er þörf á neinum hliðarkerfum fyrir þessa sýn og ekki þarf að passa upp á neinar tengingar milli kerfa,“ segir Dagbjartur.

Nútíma greiðslulausnir


Hafsteinn Róbertsson, kerfisfræðingur og sérfræðingur í afgreiðslukerfum hjá dk, segir þjónustu við afgreiðslukerfi sífellt



Viðskiptahugbúnaðurinn frá dk er langútbreiddasta bókhaldskerfið á Íslandi. Hér sést hluti starfsfólks þjónustuviðs dk. MYND/GVA

Leiðandi í viðskiptahugbúnaði

Viðskiptahugbúnaður dk er alhliða viðskipta- og upplýsingakerfi. Kerfið er sérlega hentugt fyrir allar stærðir fyrirtækja. Hugbúnaðurinn er að fullu þróaður á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður og hefur verið vinsælasti viðskiptahugbúnaðurinn í um fimmtán ár. Hugbúnaðurinn er í notkun hjá yfir 6.000 fyrirtækjum.



dk afgreiðsluapp

dk verkbókhaldsapp

dk stjórnendaapp

Nú hefur dk tekið þá lausn lengra og gert að fullgildu afgreiðslukerfi sem við köllum afgreiðslukerfi dk iPOS. Með því er hægt að vera með afgreiðslukassann bókstaflega í vasanum.

Hafsteinn Róbertsson

verða stærri hluta af starfsemi dk hugbúnaðar. Nú er hægt að setja afgreiðslukerfi í snjallsíma og spjaldtölvur sem býður upp á mikil þægindi og tækifæri fyrir viðskiptavinum. „Mikil þróun hefur verið undanfarið í afgreiðslukerfinu hjá okkur og má helst nefna vildarkerfi og tengingu við alla nýju app-greiðslumiðlana eins og Netgíró, Pei, Aur, SíminnPay og posa frá Dalpay,“ segir Hafsteinn.

dk iPOS afgreiðslukerfið

Hafsteinn segir markaðinn hafa kallað eftir snjalltækjalausnum og hafi dk hugbúnaður svarað því kalli. „dk POS pantanaapp-

ið fyrir iPad hefur til dæmis notið mikilla vinsælda hjá veitingastöðum síðan það kom út fyrir þremur árum.

„Nú hefur dk tekið þá lausn lengra og gert að fullgildu afgreiðslukerfi sem við köllum afgreiðslukerfi dk iPOS. Með því er hægt að vera með afgreiðslukassann bókstaflega í vasanum því hægt er að vera með kerfið á bæði iPhone-símum eða iPad-spjaldtölvum. Við þessi tæki er síðan hægt að tengja jafarþrúnað á borð við þráðlausla prentara og greiðsluposa frá Dalpay.“

Öll sala í dk iPOS afgreiðslukerfinu og samskipti við dk bókhaldskerfið fer fram í gegnum skýjaþjónustu dk vistunar. Umsýsla birgða er leikur einn og salan bókast sjálfkrafa í dk fjárhagsbókhaldi. „Einfaldara verður það ekki fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Hafsteinn.

Örugg hýsing gagna hjá dk

Brynjartur Hermannsson, tölvunarfræðingur og deildarstjóri hýsingar hjá dk, segir hýsingarumhverfið hjá dk þróað kringum viðskiptavinum sem nota dk viðskiptahugbúnaðinn. Algengt sé að fyrirtæki séu með alhýsingu hjá dk og geti þá einbeitt sér að kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Fyrir hverja er skýið?

„Fyrirtæki af ýmsum toga og öllum stærðum nýta skýjaþjónustu hjá dk,“ segir Brynjar. „Allt frá einstaklingum með verktaþjónustu og upp í stærstu fyrirtækin sem eru með tugi notenda. Hægt er að velja um mismunandi þjónustu. Kerfisleið I er einfaldasti pakkinn, þá hefur viðskiptavinurinn aðgang inn í skýið okkar og dk kerfið, sem hann annaðhvort á eða leigir af okkur. Við tryggjum að öll leyfi séu í lagi og uppfærum kerfin þegar þarf. Í Kerfisleið II fær viðskiptavinurinn þar að auki aðgang að Word og Excel, tölvupósti og fleiru. Stærstu fyrirtækin eru að hýsa aðra hluti, ýmiss konar sérlausnir sem þá eru gerðir sérsamningar um,“ segir Brynjar.

Nýjungar í dk

„Á næstu vikum og mánuðum munum við kynna fleiri lausnir í dk í fyrir vefinn og snjalltækin,“ segir Dagbjartur. „Við erum að tala um lausn sem gerir notendum kleift að vinna með sölureikninga, pantanir og tilboð í gegnum spjaldtölvu, snjallsíma og vefinn. Við erum einnig að tala um lausn sem gerir notendum kleift að skrá inn í verkbókhaldið, stofna viðskiptavinum og vörur og við erum að tala um öflugt stjórnborð fyrir úrvinnslu gagna og miðlun verðmætra upplýsinga til notenda. Notandinn getur auðveldlega breytt sinni sýn, vistað og veitt öðrum aðgang. Viðmótin er einfalt í notkun og hraðvirkt.“

Nánari upplýsingar má finna á www.dk.is. dk er til húsa á Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík og Hafnarstræti 53, 600 Akureyri



Yfir 6.000 fyrirtæki með bókhaldið sitt í dk

Yfir 3.500 fyrirtæki með bókhaldið sitt í skýinu hjá dk

Stigið út fyrir þægindarammann

Bogi Hauksson starfaði um þriggja mánaða skeið á skrifstofu KPMG í Lúxemborg. Starfsumhverfið ytra var að mörgu leyti svipað og heima en talsverður menningarmunur er þó á milli Íslands og Lúxemborgar. Hann segir reynsluna eftir að nýtast honum vel í framtíðinni.

Stærstu endurskoðunarfyrirtæki landsins eru alþjóðleg fyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Fyrir vikið býðst íslenskum starfsmönnum þeirra reglulega tækifæri til að starfa til skemmrí og lengri tíma erlendis og það hafa margir nýtt sér undanfarin ár.

Einn þeirra er Bogi Hauksson, verkefnastjóri á endurskoðunar sviði hjá KPMG, en hann starfaði um þriggja mánaða skeið á skrifstofu KPMG í Lúxemborg. KPMG býður upp á svokallað GO prógramm þar sem starfsmönnum gefst tækifæri til að öðlast nýja reynslu og vikka sjóndeildarhringinn. Þegar hann sá auglýsingu frá skrifstofunni í Lúxemborg ákvað hann því að stökkva á tækifærið. „Ferlið tók langan tíma því ég þurfti að skila inn hefðbundinni starfsumsókn, frammistöðumatskýrslum og átta síðan símaviðtöl við bæði starfsmann í mannauðsdeild og verkefnastjóra í endurskoðun. Að lokum buðu þeir mér vinnu í þrjú mánuði, þremur vikum áður en til stóð að ég myndi hefja störf.“

Meiri stéttaskipting

Hann segir verkefnið ytra hafa verið að mörgu leyti svipuð þeim sem hann vann á Íslandi enda nota skrifstofurnar sama hugbúnað. „Ég vann í deild sem sérhæfði sig í endurskoðun á fasteignafélögum auk þess sem ég vann fyrir hefðbundin eignarhaldsfélög sem héldu



„Það eflir mann að stíga út fyrir þægindarammann og prófa og upplifa hvernig starfið fer fram á öðrum skrifstofum,“ segir Bogi Hauksson sem starfaði um þriggja mánaða skeið hjá KPMG í Lúxemborg. MYND/ANTON BRINK

utan um fjárfestingar og eignarhluti í félögum. Þetta voru flest stórar samstæður sem teygðu anga sína um alla Evrópu. Ég ferðaðist meðal annars til Prag við endurskoðun á einni samstæðunni.“

Starfsumhverfið var því að mörgu leyti svipað og heima en þó

ríkir talsverður menningarmunur milli landanna enda er Lúxemborg vinnustaður fjölda fólks sem býr í borgunum í kring, margir frá Frakklandi og Þýskalandi. Auk þeirra starfaði á skrifstofunni, til lengri og skemmrí tíma, starfsfólk sem kemur víðsvegar að úr Evrópu.

„Það sem sló mig helst var að þarna ríkir talsvert meiri stéttaskipting og öðruvísi vinnustaðamenning en við Íslendingar þekkjum. Heima erum við upp til hópa ekki í titlatogi og erum samheldnari. Einnig skipti máli að í Lúxemborg töluðu flestir samstarfsfélag-

„Það tók lengri tíma en ég bjóst við að komast inn í allt og þessir mánuðir liðu fljótt.“

Bogi Hauksson

ar mínir frönsku og því náði ég bara að kynna fólki takmarkað á þessum þremur mánuðum.“

Tíminn leið hratt

Þótt Bogi hafi bara dvalið úti í stuttan tíma öðlaðist hann góða reynslu sem hann segir að eigi eftir að nýtast honum vel í framtíðinni. „Það eflir mann að stíga út fyrir þægindarammann og prófa og upplifa hvernig starfið fer fram á öðrum skrifstofum. Það tók lengri tíma en ég bjóst við bara að komast inn í allt og þessir þrjú mánuðir voru fljóttir að líða.“

Mánuðirnir þrjú voru þó ekki eintómt strit þótt þeir hafi hitt á mesta álagstímamann fyrir endurskoðendur. Kærasta Boga flutti út með honum og saman gátu þau m.a. ferðast aðeins um helgar. „Borgin er mjög flott og umhverfi hennar er sjarmerandi þar sem finna má gömul virki, brekkur og stór gljúfur. Frítíminn var takmarkaður á virkum dögum en um helgar gátum við kærastan nýtt tímann í að gera eitthvað saman, bæði í borginni og á ferðlögum um landið.“

Bókhaldið í skýið er góður kostur

Hugbúnaðarfyrirtækið Wise lausnir sérhæfir sig í viðskiptalausnum fyrir allar greinar atvinnulífsins og þjónustu sem því fylgir. Hjá Wise starfa 80 manns og er öll áherslan á Microsoft Dynamics NAV hugbúnaðarlausnir sem fást nú í mánaðarlegri áskrift.

Dynamics NAV bókhaldskerfið er notað af meira en 110 þúsund fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum. Jón Heiðar Pálsson, sviðsstjóri sölu- og markaðssviðs Wise, segir það vera einn öflugasta og sveigjanlegasta viðskiptahugbúnaðinn á markaðnum. „Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum fyrirtækjum með ólíkar þarfir. Hvort sem þú ert í verktöku, framleiðslu, sjávarútvegi, sveitarfélagi, verslun eða ferðaþjónustu þá leysir Dynamics NAV þínar þarfir,“ segir Jón Heiðar en m.a. er hægt að samþykkja reikninga, skrá verkþáttakalið eða yfirfara stöðuna á netinu í spjaldtölvunni, símanum eða tölvunni heima.

„Hefðbundin hugbúnaðarsala er að færa yfir í áskrift og leigu á hugbúnaði en á síðasta ári var meira en fimmtíu prósent aukning í vali á þessari leið hjá Wise. Á www.navaskrift.is er val um áskriftarleiðir og verð og hægt að pantast aðgang að hugbúnaðinum. Það tekur aðeins einn dag að afgreiða leyfi og nýtt bókhald með grunnkerfum Dynamics NAV og helstu sérlausnum sem duga fyrir flest fyrirtæki,“ segir Jón Heiðar en fyrirtækið er með skrifstofur í Reykjavík, Akureyri og í Noregi.

Ný útgáfa, Microsoft Dynamics NAV 2017

Fyrir stuttu kom út ný útgáfa af Dynamics NAV sem er í boði í áskrift og ef viðskiptavinurinn vill eiga kerfi og reka. Jón Heiðar segir margar nýjungar í þessari útgáfu en þær helstu séu neri samþætting við Microsoft Outlook, tengiliði og dagbók, skýrslugerðin sé orðin auðveldari, sem og með-

„Krafa nútímans er að hafa gott aðgengi að upplýsingum og geta nálgast gögnin með ýmsu móti. Microsoft Office 365 er einn vinsælasti skrifstofuhugbúnaðurinn í heiminum í dag og fæst nú í áskrift hjá Wise gegn föstu mánaðarlegu gjaldi.“

Jón Heiðar Pálsson

höndlun kreditreikninga. Hann segir hagkvæmt og þægilegt að vera í áskrift að Dynamics NAV þar sem rekstrarkostnaðurinn er þekktur. „Greitt er mánaðarlegt gjald fyrir hugbúnað, uppfærslu- og þjónustugjöld ásamt hýsingu í fullkomnu og öruggu tækniumhverfi. Innifalið í því er vistun gagna, afritun, öryggisvarnir og SQL gagnagrunnur.“

Hagræðing í rekstri

„Hýsing á bókhaldsþjónustu er hagkvæmur kostur fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og er aðgengilegt hvar og hvenær sem er. Hægt er að fjölga eða fækka notendum eftir þörfum og kostnaður við uppsetningu er í lágmarki þar sem



Björn Þórhallsson sölustjóri, Jón Heiðar Pálsson, sviðsstjóri sölu- og markaðssviðs, og Hallgerður Jóna Elvarsdóttir, sölustjóri sjávarútvegslausna, víta hvaða Dynamics NAV hugbúnaðarlausnir henta þínu fyrirtæki best.

engin þörf er á kaupum á miðlægum tölvubúnaði eða hugbúnaðarleyfum.“

Val er um þrjár gerðir af hýsingu eftir því hvað hentar hverju fyrirtæki: NAV í áskrift, NAV einkaleigu eða NAV einkahýsingu. „Hýsing gerir bókhaldið aðgengilegt hvaðan sem er í heiminum. Gögnin eru geymd í hátæknitölvuverum þar sem færustu sérfræðingar Microsoft sjá um að gögnin séu örugg og að hægt sé að nálgast þau hvar og hvenær sem er. Hýst

er í gagnaveri Microsoft Azure sem talið er eitt það öruggasta og öflugasta sinnar tegundar í heiminum,“ segir Jón Heiðar.


„Krafa nútímans er að hafa gott aðgengi að upplýsingum og geta nálgast gögnin með ýmsu móti. Microsoft Office 365 er einn vinsælasti skrifstofuhugbúnaðurinn í heiminum í dag og fæst nú hjá Wise í áskrift gegn föstu mánaðarlegu gjaldi. Með því að velja Microsoft Office 365 í áskrift sparar þú fjárfestingu í vélbúnaði,

afritunarbúnaði og hugbúnaðarleyfum. Þannig er hægt að einfalda reksturinn og horfa fram á við, til skýjanna,“ segir Jón Heiðar.



sonar[®]
2017

Reykjavík



**Music, Creativity
& Technology**

www.sonarreykjavik.com

Harpa, Reykjavík
16.17.18 February

aron can, b. traits, ben klock, blawan b2b exos,
de la soul, emmsjé gauti, fatboy slim, fm belfast,
forest swords, giggs, gkr, gusgus, helena hauff,
marie davidson, moderat, nadia rose, oddisee,
sturla atlas, sin fang, sleigh bells, tommy genesis,
samaris and many more www.sonarreykjavik.com

Prír dagar. Fjögur svið. Miðasala á Midi.is og í Hörpu

REYKJAVÍK
LOVES
#reykjavikloves



LG G5



Snjóhellar voru grafnir í ferðinni í fyrra. MYNDIR/BRYNHILDUR ÓLAFSDÓTTIR



„Með þessu erum við að kveikja í krökkunum um að það sé áhugavert að skoða náttúruna og vera jarðvísindamaður.“

FRÆÐAST UM SNJÓ Í BLÁFJÖLLUM

FÍ Ferðafélag barnanna stendur fyrir fróðleiksferð í Bláfjöll á föstudaginn í samstarfi við Háskóla Íslands. Brynhildur Ólafsdóttir er fararstjóri og Guðfinna Aðalgeirsdóttir jöklafræðingur fræðir krakkana um jarðvísindi. Þátttaka er ókeypis.

„Með þessu erum við að kveikja í krökkunum um að það sé áhugavert að skoða náttúruna og vera jarðvísindamaður. Það er svo auðvelt að skoða þessa hluti á Íslandi. Hér eru jöklar og eldfjöll og jarðskjálftar og við heyrum um þessa hluti fjallað í fréttum. Ísland liggur á flekaskilum þar sem landið er að reka í sundur. Allt eru þetta jarðvísindi sem er svo gaman að rannsaka og skoða, bara með því að fara út í náttúruna,“ útskýrir Guðfinna Aðalgeirsdóttir, dósent í jöklafræði við Háskóla Íslands, en hún verður með fróðleik í sérstakri ferð í Bláfjöll á vegum FÍ Ferðafélags barnanna og Háskóla Íslands næstkomandi föstudag.

„Ég fræði hópinn um snjóflóð og hvernig má vara sig á þeim, við tölum um jöklana og af hverju þeir eru að bráðna, skoðum ískristalla ef við getum og veltum fyrir

“ Hér eru jöklar og eldfjöll og jarðskjálftar og við heyrum um þessa hluti fjallað um í fréttum. Ísland liggur á flekaskilum þar sem landið er að reka í sundur. Allt eru þetta jarðvísindi sem er svo gaman að rannsaka og skoða, bara með því að fara út í náttúruna.

Guðfinna Aðalgeirsdóttir



Guðfinna Aðalgeirsdóttir, dósent í jöklafræði við Háskóla Íslands, verður með fróðleik í sérstakri ferð í Bláfjöll á vegum FÍ Ferðafélags barnanna og Háskóla Íslands næstkomandi föstudag.



Fyrir þig í Lyfju



Naso-ratiopharm

Nefúði við nefstíflu, t.d. vegna kvefs. xylometazolinhydróklóríð. 0,5 og 1 mg/ml – 10 ml

Verð: 537 kr.

Verð áður: 671 kr.

20%
afsláttur
Gildir út febrúar



Nasofan

Bólgueyðandi steri í nefúða, -við ofnæmi.

fluticasonprópiónat 50 µg/sk – 60 skammtar

Verð: 1.506 kr.

Verð áður: 1.883 kr.

- ✓ Nefstífla
- ✓ Nefrennsli
- ✓ Kláði í nefi
- ✓ Hnerri

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfjanna. Leiðið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

okkur hvernig þeir líta út. Svo útskýri ég fyrir þeim hvað jöklarnir á Íslandi eru stórir miðað við Grænlandsjökul og Suðurskautlandið og reyni að fá þau til að hugsa um hvaða áhrif ísinn sem er á landinu núna hefði á yfirborð sjávar ef hann bráðnar,“ útskýrir Guðfinna en hún fór í svipaða ferð með Ferðafélagi barnanna í fyrra.

Þá, ólíkt því sem nú er, var allt á kafi í snjó.

„Í fyrra vorum við með skóflu með okkur og grófum hella inn í snjóskafli. Lékum okkur með snjóflóðastangir og þeir sem voru með ennisljós skriðu inn í snjóhellana og lýstu upp. Svo var endað á kyndlagöngu þegar fór að dimma. Þetta er fyrir krakka á öllum aldri og alla unga í anda,“ segir Guðfinna

„Lærdómurinn í þessum ferðum felst ekki síst í því að það þarf ekkert að vera hræddur við það þó það sé vont veður. Það er hægt að stunda útivist nema það sé beinlínis varað við því að vera úti. Það er svo gaman að vera úti og skoða snjóinn og líka að velta fyrir sér hvernig loftslagsbreytingarnar eru að hafa áhrif á veturna. Veturinn í vetur hefur til dæmis verið sérstaklega hlýr og aldrei verið eins líttill hafis í Norðurishafinu



Leikið með snjóflóðastangir en Guðfinna mun meðal annars fræða krakkana um snjóflóð.

og nú. Það er nánast enginn snjó á öllu landinu. Útlitið fyrir ferðina á föstudaginn er því aðeins öðruvísi en í fyrra þegar allt var á kafi í snjó en við munum spila dagskrána eftir eyranu,“ segir Guðfinna.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Lagt verður af stað klukkan 16 á föstudag frá Mörkinni 6 og er áætlað að ferðin taki þrjár til fjórar klukkustundir. Nánari upplýsingar á www.ferdafelag-barnanna.is

BÍLAR & FARARTÆKI

HEIMSBÍLAR



GOTT STAÐGREIÐSLUVERÐ!

LAND ROVER Range rover hse. Árgærd 2004, ekinn 201 P.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 3.380.000. TILBOÐ KR. 2.590þ, vel með farinn, uppl. s. 567-4000 eða 660-7575 Rnr.337908.

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5674000
<http://heimsbilar.is>

KRÓKUR



KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
<http://www.krokur.net>

VAKA



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
<http://www.vakah.is>

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS



MAZDA 2 skyactiv. Árgærd 2016, ekinn aðeins 399 KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.690.000.umboðsbíll Rnr.115648.



KIA Picanto ex 1.0. Árgærd 2015, ekinn 85 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.190.000. Rnr.340361.



KIA Ceed lx. Árgærd 2016, ekinn 36 P.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.290.000. Rnr.115642.



TOYOTA Rav4 langur 4wd. Árgærd 2003, ekinn 182 P.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Tilboð 490.000. Asett verð 690.000 Rnr.115650.



LAND ROVER Range rover sport. Árgærd 2014, ekinn aðeins 40 P.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 12.890.000. Umboðsbíll eigum líka bíl með stóru dísel vélinni Rnr.211779.



LAND ROVER Discovery s. Árgærd 2014, ekinn 75 P.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 8.690.000. umboðs bíll Rnr.340350.



MERCEDES-BENZ Sprinter 20 manna. Árgærd 2016, ekinn 42 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 9.990.000.ein með öllu Rnr.212041.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

Bílar til sölu



Til sölu Toyota Yaris árg 2006. Ekinn 195 þús, beinskíptur, auka dekk á felgum, verð 550 þús stagr. Upplýsingar s:8561109

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.

Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Varahlutir

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfirði

Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:



Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

bill.is

Malarhöfða 2

Sími 5773777

www.bill.is



LAND ROVER Range rover sport hse

Verð: 12.990.000

Árgærd: 2014 : Dísel
Ekinn: 42þ.km. : 8 gírar

Rnr.270259



SUZUKI Grand vitara prem-n

Verð: 2.290.000

Árgærd: 2014 : Bensín
Ekinn: 113þ.km. : 5 gírar

Rnr.302029.



SUBARU xv

Verð: 4.490.000

Árgærd: 2016 : Bensín
Ekinn: 32þ.km. : Sjálfskiptur

Rnr.270277.



DACIA Duster 4x4

Verð: 1.500.000

Árgærd: 2013 : Dísel
Ekinn: 172þ.km. : 6 gírar

Rnr.270250.



SKODA Octavia ambition 1.6 tdi.

Verð: 3.290.000

Árgærd: 2015 : Dísel
Ekinn: 54þ.km. : 7 gírar

Rnr.270300.



CHEVROLET Captiva

Verð: 1.990.000

Árgærd: 2007 : Dísel
Ekinn: 130þ.km. : 5 gírar

Rnr.270281.

Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

Felli tré, grísa og klippi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald



VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA

Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

KEYPT & SELT

Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Nudd




Thailenskt Heilsunudd hjá Joomjan Suðurlandsbraut 16. Pantanir í síma 8923899.

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Flug



LÆRÐU FLUGVIRKJUN!

Nýr flugvirkjabekkur í haust. Innritun er hafin. Námið kennt hér á landi. Nánari upplýsingar á flugskóli.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Hús óskast til leigu helst á höfuðborgarsv. en má vera á suður eða vesturlandi. 250-350 þús á mán. Fyrirfram og/eða trygging, langtíma upp: 6996762/Tómas

Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi. Sumarhús - einbýlishús. Fjölbreytt úrval - gott verð.

Upplýsingar hjá ghalldor@simnet.is

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500



LÍTIÐ EKNIR BÍLAR Á FRÁBÆRU VERÐI

KOMDU VIÐ OG PRÓFAÐU

2.690 þús.

Skoda Octavia 1,2 TSI - 2015



Ekinn aðeins 17 þús. km. Beinskiptur - Bensín Raðnr. 135826

2.790 þús.

Skoda Octavia 1,6 TDI Amb. - 2014



Ekinn aðeins 19 þús. km. Beinskiptur - Dísel Raðnr. 135775

3.290 þús.

VW e- Golf Comfort -2015



Ekinn aðeins 4 þús. km. Sjálfskiptur - Rafmagns Raðnr. 135730

Evrópubíll í ábyrgð

2.790 þús.

VW Passat 2.0 TDI Variant - 2013



Ekinn aðeins 29 þús. km. Sjálfskiptur - Dísel Raðnr. 135969

2.780 þús.

VW Golf 1,6 TDI Trendline - 2013



Ekinn aðeins 9 þús. km. Sjálfskiptur - Dísel Raðnr. 135972

4.390 þús.

VW Golf GTE Premium-2015



Ekinn aðeins 13 þús. km. Sjálfskiptur - Hybrid Raðnr. 135689

Evrópubíll í ábyrgð

4.990 þús.

Audi A3 e-tron-2016



Ekinn aðeins 7 þús. km. Sjálfskiptur - Hybrid Raðnr. 135891

Evrópubíll í ábyrgð

2.590 þús.

VW Golf 1.2 TSI Lounge -2014



Ekinn aðeins 25 þús. km. Beinskiptur - Bensín Raðnr. 135971

Skoðum skipti á öllum tegundum bifreiða

586 1414

stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

Kaffi á könnunni:
mán.-fös. 10-18
lau. 12-15

STÓRA BÍLASALAN

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík



Einn stærsti heildsalinn

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, segir ljóst að innkoma Costco muni hafa jákvæð áhrif á samkeppni hér á landi. Fyrirtæki hans er ekki einungis einn stærsti drykkjarvöruframleiðandi landsins heldur einnig ein stærsta heildsalan og með umboð fyrir ýmis þekkt vörumerki. Ölgerðin selur meðal annars vörur frá Merrild, Homeblest, Maryland og Nestlé og snyrtivörur frá L'Oreal og Maybelline

„Varðandi heildsöluhlutann brýnir þetta okkur til að ná enn betri innkaupum hjá okkar birgjum. Það er alveg ljóst að þeir [Costco] eru að bjóða mjög flott verð og í sumum tilfellum munum við ekki geta keppt við þá. Í öðrum tilfellum munum við gera það og þetta hefur þegar leitt til þess að við höfum náð betri verðum. Heilt yfir held ég því að innkoma þeirra á markaðinn muni auka samkeppni og lækka vöruverð að einhverju mati.“

Óttist þið að Costco muni flytja inn gos og aðrar drykkjarvörur í miklu magni?

„Það er svo sem ekki nýtt að það sé flutt inn gos og það er nýlegt dæmi frá Bónus. Við gerum okkar besta í framleiðslu og eins hagkvæmt og hægt er. Ef við getum ekki boðið þeim [Costco] nægilega hagkvæm verð og þeir hafa áhuga á að flytja þessar vörur inn þá gera þeir það. Ég er svo sem ekki með stórkostlegar áhyggjur af því þar sem innlendir neytendur hafa alltaf lokaorðið að lokum. Sagan hefur sýnt sig að þeir kjósa innlent gos frekar en erlent.“ segir Andri og svarar aðspurður að Ölgerðin hafi nú þegar samið við Costco um að vera birgir fyrirtækisins í ákveðnum vörum.

„Það er aðeins of snemma að segja frá því. En við erum þegar búin að skrifa undir samning og það er allt saman í góðu. Það verður gott að fá erlendan aðila inn í þetta til að hrista aðeins upp í hlutunum,“ segir Andri Þór.

Spennandi tækifæri

Rekstrarfélag Tíu ellefu ehf. rekur 35 verslanir á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ og á Akureyri undir vörumerki 10-11. Fyrirtækið gerði í september 2014 samstarfssamning



Ölgerðin á i viðræðum við Mars inc. um lækkun á innkaupsverði á salgæti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það er alveg ljóst að þeir eru að bjóða mjög flott verð og í sumum tilfellum munum við ekki geta keppt við þá.

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar



Við erum opin fyrir endursölu á vörum frá Costco ef það er hagstætt fyrir okkur.

Árni Pétur Jónsson, forstjóri 10-11



Ég á von á því að annar hver Íslendingur gerist félagi þarna og að þeir muni hafa gott út úr því.

Steinþór Skúlason, forstjóri SS



við Skeljung um opnun á verslunum 10-11 við flestar eldsneytisstöðvar olíufélagsins. Þeir sérfræðingar sem Markaðurinn ræddi við bentu á að í mörgum löndum er Costco aðalbirgir fyrir eldsneytisstöðvar og verslanir sem eru sambærilegar 10-11 og hafa opið allan sólarhringinn. Stórar magnpakkningar henti slíkum fyrirtækjum vel sem síðan selji þau í stykkjatali. Þannig geti útsöluverð úr Costco orðið lægra en það sem heildsalar bjóða.

„Ég sé þetta sem spennandi tækifæri fyrir okkur. Spennandi er þekkt fyrir það að vera með þekkt vörumerki ólíkt mörgum vöruhúsum og þeim sem eru að veita mikinn aflátt á sínum eigin vörumerkjum. Við höfum skoðað verðin hjá Costco erlendis og þau eru mjög álitleg. Við erum spenntir að sjá hvernig þeir munu opna hér og hvaða vörur þeir verða með á boðstólnum og á hvaða verði. Við erum opin fyrir endursölu á vörum frá Costco ef það er hagstætt fyrir okkur,“ segir Árni Pétur Jónsson. Aðspurður svarar hann að innan við tíu prósent af vöruinnkaupum 10-11 komi nú frá útlöndum.

„Þetta getur snúist upp í það að vera ógn fyrir íslenskar heildsölur og framleiðendur. Það hefur aftur á móti viðgengist að stóru aðilarnir hafa auðvitað verið að flytja inn vörur í samkeppni við heildsöluvar. Það sem ég held að menn séu að vanmeta er að þeir hafa mikið verið að horfa á matinn. Þetta mun auðvitað snerta hann mikið en jafnvel aðra geira enn meira.“



Við opnun Costco í lok maí mun koma í ljós í hversu miklu magni Costco mun selja drykkjarvörur frá íslenskum framleiðendum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Selja til sinna stærstu keppinauta hér heima

Ölgerðin, SS og aðrar heildverslanir á borð við Innes og ÍSAM eru félagsmenn í Félagi atvinnurekenda (FA). Ólafur Þ. Stephensen, framkvæmdastjóri FA, segir útlit fyrir að Costco muni versla „talsvert við innlenda birgja“.

„Við vitum líka að þeir verða talsvert í beinum innflutningi á þeim vörum sem þeir eru að selja. Það er ekkert nýtt fyrir heildsölum. Staðan er þannig í dag að stærstu viðskipta-

vinir margra heildsala eru jafnframt þeirra stærstu keppinautar eða það er að segja verslana-keðjurnar sem eru í beinum innflutningi á vörum. Tilkoma þessa fyrirtækis þýðir því fyrst og fremst aukna samkeppni á öllum sviðum í rauninni,“ segir Ólafur í samtali við Markaðinn.



STAKFELL | 535-1000 | FÉLAG FASTEIGNASALA
 Fasteignasala | 1984 | Borgartúni 30 / 105 Reykjavík | stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is



EINSTAKT VIÐSKIPTATÆKIFÆRI Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR

Til sölu rekstur og lausafé vel búins skemmtistaðar við Hafnarstræti 4, 101 Reykjavík.

Staðurinn hefur nýlega verið endurgerður frá grunni og er vel tækjum búinn. Nýtt og vandað hljóðkerfi er í staðnum frá Funktion-One.

Hagstæður langtíma leigusamningur, öll tilskilin leyfi.

Nánari upplýsingar um eignina veitir Böðvar Sigurbjörnsson, lögfræðingur Sími: 660 4777.





Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tónlistarnörd sem grúskar í Spotify

Svipmynd

Ólafur Teitur Guðnason

Ólafur Teitur Guðnason var ráðinn aðstoðarmaður Þórdísar Kolbrúnar Reykjavíkur Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, í janúarlok. Þá hafði hann unnið sem framkvæmdastjóri samskiptasviðs Rio Tinto á Íslandi sem rekur álverið í Straumsvík frá árinu 2008. Þar áður var hann fréttamaður hjá RÚV, DV og Viðskiptablaðinu og síðar fjölmiðlafulltrúi fjárfestingarbankans Straums-Burðaráss.

Í samtali við Markaðinn segir Ólafur, sem fæddur árið 1973, að hann hafi gaman af því að grúska í tónlist. Gerði hann einmitt níu útlagsþætti um sögu hljómsveitarinnar Pink Floyd fyrir Rás 2 eins og kom fram í tilkynningu um ráðningu hans í starf aðstoðarmanns ráðherra. Ólafur Teitur er stúdent frá Verzlunarskóla Íslands og

●● Eftir tveggja áratuga fullkomið hreyfingarleysi og keðjureykingar veiktist ég nokkuð harkalega sem var kærkomið spark í rassinn.

með BA-próf í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands en tók hluta námsins við Albert-Ludwigs háskólann í Freiburg í Þýskalandi. Eiginkona hans heitir Engilbjört Auðunsdóttir og er viðskiptafræðingur en þau eiga tvo syni.

Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári? Það að mér skyldi vera boðið nýtt starf.

Hvaða app notarðu mest? Spotify og Facebook.

Hvað gerir þú í fristundum þínum? Grúska í tónlist, víða að mér nýju

efni, flokka það, merki og sortera og bý til lagalista. Það er örllitill bókasafnsfræðinörd í mér þótt ég geti líka verið óskipulagður.

Hvernig heldur þú þér í formi? Eftir tveggja áratuga fullkomið hreyfingarleysi og keðjureykingar veiktist ég nokkuð harkalega sem var kærkomið spark í rassinn. Núna fer ég því nokkuð reglulega í ræktina þar sem ég bæði skokka og lyfti auk þess sem ég reyni að ganga sem mest.

Hvernig tónlist hlustar þú á? Lengi vel sótti ég mest í þunga hádrámatík á borð við Pink Floyd, Sigur Rós og Radiohead en í seinni tíð legg ég meira upp úr góðum takti og „grúví“, sem getur verið allt frá fönki upp í raftónlist. Ég hef í næstum fjögur ár gert mánaðarlega lagalista á Spotify til að halda utan um það sem ég er að uppgötva hverju sinni.

Ertu í þínu draumastarfi? Ég er nýbyrjaður í nýju starfi og það leggst mjög vel í mig; algjör draumur!

Bónusar Arion niður um 200 milljónir króna

Kaupaukagreiðslur sem Arion banki skuldbatt sig til að greiða starfsmönnum bankans og dótturfélaga námu 395 milljónum í fyrra. Bónusarnir lækkuðu úr 599 milljónum árið 2015, enda árangurstengdir.

Arion banki skuldbatt sig í fyrra til að greiða 395 milljónir króna í kaupaukagreiðslur til starfsmanna fyrirtækisins og dótturfélaga þess. Samstæðan gjaldfærði þar af 331 milljón vegna bónusa til starfsmanna bankans. Höskuldi H. Ólafssyni bankastjóra var lofað 7,1 milljón króna í bónus ofan á 58,2 milljóna árslaun hans.

Kaupaukagreiðslurnar sem Arion banki gjaldfærði árið 2015 námu 599 milljónum króna að launatengdum gjöldum meðtöldum. Bónusar til starfsmanna fyrirtækisins lækkuðu því um 204 milljónir milli ára. Greiðslu 40 prósent kaupaukans er frestað um þrjú ár í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins (FME) um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja.

Á árinu 2016 lofaði Arion banki einnig að greiða níu framkvæmdastjórum bankans samtals 30,3 milljónir í bónusa. Í árslok 2016 nam skuldbinding vegna kaupaukakerfis þess 1.453 milljónum króna samanbörð við 1.056 milljónir árið á undan. Alls störfuðu 1.239 manns hjá



Höskuldi H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka

samstæðu Arion banka og dótturfélögum í árslok 2015 og þar af 869 hjá bankanum. Laun og tengd gjöld námu 16,7 milljónum árið 2016 samanbörð við 14,9 milljarða árið áður. Í ársreikningi bankans, sem fyrirtækið birti á mánudag, var bent á að kjarasamningsbundnar launhækkanir, sem tóku gildi um áramótin 2015/2016, hækkuðu launakostnað samstæðunnar verulega. Því hafi verið leitað leiða til að draga úr launakostnaði og ákveðið að fækka starfsfólki bankans um sex prósent. Þar er vísað til þess þegar Arion sagði 46 starfsmönnum af öllum sviðum bankans upp í lok september síðastliðins.

haraldur@frettabladid.is



Spennandi framtíð stafrænnar tónlistar



Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB

Tónlistarútgefendur fá nú yfir helming tekna sinna eftir stafrænum leiðum. Þessar nýju dreifileiðir hafa ekki skilað þeim sömu afkomu og geisladiskurinn en nú virðast nýir tímar framundan og lag að spyrja hvort iðnaðurinn hafi náð botni og leiðin liggja upp á við.

Stóru aðilarnir láta til sín taka

Frá aldamótum má segja að tónlistariðnaðurinn hafi gengið í gegnum þrjú skeið og er það þriðja nýhafið.

2000-2012 Sala geisladiska dróst saman og í staðinn var tónlist hlaðið

niður, með löglegum eða ólöglegum hætti. Heildartekjur iðnaðarinn lækkuðu stöðugt milli ára.

2012-2016 Streymisþjónustur á borð við Spotify buðu upp á nýja leið til að njóta tónlistar. Þær tóku smátt og smátt yfir stafræna markaðinn en illa gekk að skapa tekjur.

2016- Í fullmótudum stafrænum heimi blanda stóru aðilarnir sér í baráttuna. Apple, Amazon og Google átta sig á umfangi stafrænnar tónlistar og tekjumöguleikunum. Tekst þeim að skapa nægar tekjur og bæta afkomu útgefenda og tónlistarfólks?

Hvernig er hægt að hagnast á þessu?

Framleiðslu- og dreifingarkostnaður stafrænnar tónlistar er sáralítill. Áberandi er þó hversu makalaust illa hefur gengið að skapa tekjur af streymi tónlistar. Niðurhalið er að hverfa af markaðnum og framtíðin liggur í streymi, ýmist fríu streymi með auglýsingum eða áskrifarþjón-



Blackstar, plata David Bowie, seldist vel hjá Spotify og iTunes í fyrra FRÉTTABLAÐIÐ/

ustum. Í árdaga streymisins var talið að báðar leiðir gætu skilað hagnaði en raunin er allt önnur. Yfirgnæfandi meirihluti hlustenda sækir sína tónlist án þess að greiða fyrir hana en

auglýsingarnar skila aðeins um 10% tekunnar og fer það hlutfall lækkandi. Þrátt fyrir mikinn vöxt í notkun Spotify skilar fyrirtækið enn miklu tapi og stóra viðfangsefnið er að

●● Rætt er um að Google vilji kaupa SoundCloud

fjölga áskrifendum.

Þrátt fyrir þessa erfiðleika mun samkeppnin við Spotify aukast til muna á þessu ári. Rætt er um að Google vilji kaupa SoundCloud, eigendur Amazon Echo fá ríflegan afslátt af Amazon Music og fjöldi áskrifenda Apple Music hefur vaxið mun hraðar en hjá Spotify undanfarin misseri.

Verkefni þessara stóru aðila verður að tryggja að streymi sé arðbært. Svo virðist sem árið 2017 munum við í fyrsta sinn sjá alvöru samkeppni á þeim markaði en enn er engin leið að ráða í hver er sigurstranglegastur.

Það er gott að vera í viðskiptum við Samskip

Erna Gísladóttir
forstjóri BL ehf

ENNEWM / SIA / NM73880

> Við hjá Samskipum leggjum okkur fram um að kynnast viðskiptavinum okkar og þekkja þarfir þeirra

Samskip bjóða upp á heildarlausnir á sviði flutninga og við leggjum stolt okkar í að uppfylla væntingar kröfuharðra viðskiptavina. Persónuleg og traust þjónusta um allan heim.

samskip

Saman náum við árangri

www.samskip.is

Skotsilfur



Launalaus stjórnarmaður

Bandaríkjamaðurinn **John P. Madden**, framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi, hefur gegnt starfi stjórnarmanns hjá Arion banka frá 15. september á síðasta ári. Er hann eini fulltrúi Kaupþings í átta manna stjórn bankans. Það vekur athygli í nýjum ársreikningi Arion banka að þar kemur fram að Madden hafi ekki fengið neinar launagreiðslur fyrir stjórnarstörf sín á árinu 2016. Á meðan hann fékk ekkert greitt fyrir stjórnarsetuna þá fá hins vegar aðrir erlendir stjórnarmenn, sem eru tveir talsins, greitt tvöfalt á við það sem borgað er til íslenskra stjórnarmanna bankans.



Katrín Olga vill í stjórn Vodafone

Katrín Olga Jóhannsdóttir, formaður Viðskiptaráðs og stjórnarmaður í Icelandair Group, hefur á síðustu vikum kannað hvort hún njóti stuðnings til að bjóða sig fram í stjórn Vodafone á næsta aðalfundi félagsins. Þannig hefur hún, samkvæmt heimildum Markaðarins, meðal annars átt samtöl við forstjóra og stjórnarformann félagsins í tengslum við þau áform. Ekki fylgir sögunni hvort einhverjir í hópi stærstu hluthafa Vodafone séu líklegir til að veita henni brautargengi. Sæti hennar í stjórn Icelandair Group þykir hins vegar í hættu í ljósi þess að búist er við að fjárfestar félagsins vilji fá inn ný andlit í stjórn á komandi aðalfundi.



Verður Sigurður Gísli með?

Gunnar Smári Egilsson, ritstjóri Fréttatímans, fer nú mikinn á Facebook í hóp-fjármögnun sinni á nýju útgáfufélagi sem hann vill stofna utan um Fréttatímann. Af lýsingum hans að dæma duga tekjur af auglýsingasölu einungis fyrir prentun og dreifingu blaðsins. Þá er eftir öll ritstjórnin sem blés út eftir að Gunnar og Þóra Tómasdóttir tóku við blaðinu fyrir rétt rúmu ári. Ekki hefur hins vegar komið fram hvort fjárfestirinn Sigurður Gísli Pálmason, einn eigenda IKEA á Íslandi og helsti fjárhagslegi bakhjarl Fréttatímans, ætli að taka þátt í stofnun félagsins.



Forstjóri Toshiba hættur



Satoshi Tsunakawa, stjórnarformaður og forstjóri Toshiba, sagði af sér í gær eftir að stórfyrirtækið japanska greindi frá því að tap vegna kjarnorkuhluta þess í Bandaríkjunum nemi milljörðum Bandaríkjadala. Hafa sérfræðingar gengið svo langt að segja að óvissa sé um framtíð Toshiba. Tsunakawa gekk því inn á sinn síðasta blaðamannafund sem æðsti stjórnandi fyrirtækisins í gær og vakti slæm staða Toshiba heimsathygli. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Áframhaldandi þjáningar



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Grikkland er enn á ný komið á dagskrá á fjármálamörkuðum Evrópu og við erum aftur farin að tala um grískt greiðslufall og jafnvel um að Grikkland yfirgefi evrusvæðið. Það virðist ekki vera neinn endir á þjáningum gríska hagkerfisins og grísku þjóðarinnar.

Ég verð að segja að ég hef mikla samúð með Grikkjum – þeir hafa hræðileg stjórnvöld og það er sama hve mörgum aðhaldsaðgerðum er komið í framkvæmd, það eru engin

merki um framfarir í fjármálum hins opinbera eða almennt í hagkerfinu.

Í mínum augum leikur enginn vafi á því hver aðalástæðan er – það er kyrking gjaldmiðilsins (e. monetary strangulations) á gríska hagkerfinu vegna veru landsins á evrusvæðinu.

Ég vil ekki sjá evrusvæðið leysast upp og ég tel að hjá því megi komast, en hins vegar á ég mjög erfitt með að sjá fyrir mér að Grikkland losni úr þessari kreppu án þess að fá nokkurn veginn allar skuldir afskrifaðar eða að landið yfirgefi evrusvæðið (eða hvort tveggja).

Óhagkvæmt myntsævði

Síðan 2008 hafa verið tvær hliðar á kyrkingu gjaldmiðilsins á gríska hagkerfinu.

Í fyrsta lagi hefur Seðlabanki Evrópu, mestan hluta tímabilsins síðan 2008, haldið almennum peningamarkaðsskilyrðum á evrusvæðinu allt of ströngum til að ná sínum eigin 2% verðbólgu markmiðum. Afleiðingin hefur verið sú að bæði vöxtur vergrar landsframleiðslu og verðbólga hefur verið langt undir hagvexti á árunum fyrir 2008.

Í öðru lagi er evrusvæðið ekki hagkvæmt myntsævði og það er alveg ljóst að nú þarf Grikkland á mun lausbeislaðri peningamálastefnu að halda en til dæmis Þýskaland, sem gæti þurft meiri aðhaldsstefnu í peningamálum.

Þegar maður lítur á þessa tvo þætti er ljóst að Seðlabanki Evrópu hefur vissulega færst í rétta átt síðustu tvö ár og almennt teljum við að peningamarkaðsskilyrðin í augnablikinu séu nokkurn veginn rétt fyrir evrusvæðið sem heild. En vandamálið er að peningamálastefnan er enn allt of aðhaldssöm fyrir Grikkland.

Á meðan almenn peningamarkaðsskilyrði á evrusvæðinu voru of ströng voru góð rök fyrir því að Seðlabanki Evrópu ætti að slaka á peningamálastefnunni til að tryggja að hann næði 2% verðbólgu markmiði sínu til meðallangs tíma og það hefði hjálpað Grikklandi. En það er í raun ekki tilfellið lengur. Þótt það sé engin ástæða til þess að Seðlabanki Evrópu herði peningamarkaðsskilyrðin er núna mun erfiðara að rökstyðja nýjar aðgerðir til að losa um peningamarkaðsskilyrðin á evrusvæðinu.

Ekki auðvelt val

Þetta gerir vandamál Grikklands jafnvel enn verra og rökin fyrir brotthvarfi Grikkja úr evrusvæðinu enn sterkari.

Vandamálið er auðvitað að Grikkland er dauðadæmt hvað sem gert verður. Ef Grikkland verður áfram á evrusvæðinu halda erfiðleikarnir áfram hjá grísku þjóðinni. Ef Grikkland hins vegar segði sig úr evrusvæðinu er ólíklegt að það myndi gerast með skipulegum hætti.

Svo þetta er ekki auðvelt val. Ég er aftur á móti enn á þeirri skoðun að það væri bæði Grikklandi fyrir bestu, og evrusvæðinu í heild, ef Grikkland yfirgefi evrusvæðið.

Þrengingunum verður að linna. En það ætti ekki að sparka Grikklandi út af evrusvæðinu. Það ætti frekar að hjálpa Grikklandi út úr evrunni. Því miður er lítill vilji innan Evrópusambandsins eða hjá Seðlabanka Evrópu til að koma þessu í kring og popúlistar um alla Evrópu eru áfjádri í að nota þessa upplausn til að skaða enn frekar efnahagsumbætur í Evrópu.

Vopnin gegn skoðanablindu á upplýsingaöld



Hin hliðin

Kristín Hrefna Halldórsdóttir, viðskiptastjóri hjá Meniga og FKA-félagsskona

Það er erfitt að draga hlutlausu ályktun þegar maður er hluti af flóknu samfélagi. Samfélagi sem ekki er eins í öllum kimum þess. Skoðanir manns litast af því sjónarhorni sem maður sér þegar maður

dregur ályktun. Það getur verið erfitt að skipta um skoðun jafnvel þótt maður sjái aðra hlið því stundum þvælist stoltið fyrir. Þegar ákvarðanir eru teknar í fyrirtækjarekstri getur skipt miklu máli að láta þessa ofurmannlegu skoðanablindu ekki þvælast fyrir og hindra góða ákvarðanatöku.

Framkvæmdastjóri á kaffihúsi vill endilega helst auka sölnu með því að ná í unga fólkid eða þetta „latte-lepandi lopatreflalið“ sem hangir að hans mati á kaffihúsum allan daginn. Þessi sami framkvæmda-

stjóri hefur litla tilfinningu fyrir því hvernig hans eigin viðskiptavinahópur er samsettur eða hver er líklegastur til að auka sölnu og er ekki meðvitaður um þessa blindu sína.

Markaðsstjórnin á kaffihúsinu er búinn að reyna allt til að sannfæra framkvæmdastjórnann um að einblína ekki á einn markhóp því hann veit sem er að ungt fólk kaupir fyrir lægri upphæð á kaffihúsum í hvert sinn sem það verslar en aðrir aldurshópar.

Meniga gerir ópersónugreinan-

legar samantektir á neyslu þeirra sem valið hafa að skrá sig í Meniga á meniga.is eða í appinu. Með þeim gögnum höfum við greint upplýsingar sem gætu hjálpað framkvæmdastjórnunum að taka betri ákvarðanir með markaðsfé sitt. Raunin er sú að þó að ungt fólk komi oft á kaffihús kaupir það fyrir lægstu upphæðina í hvert sinn sem það verslar. Það ver því lægri upphæð í þessi útgjöld en aðrir aldurshópar hvort sem titið er til síðasta mánaðar, þriggja mánaða eða árs. Alltaf lægstir. Alltaf minnst að fá

út úr blessuðum lattelepjandi ungmennunum og það getur verið erfitt að breyta neyslu hjá stórum hópi fólks með takmarkað markaðsfé að vopni.

Gott vopn gegn skoðanablindunni sem hrjáir blessaðan framkvæmdastjórnann eru því einfaldlega tölfræðiupplýsingar um markhópin og fagleg framsetning á þeim. Ef auka á sölnu á alls ekki að horfa fram hjá hópnum sem kaupir mest í hvert skipti sem hann verslar og eyðir mest í heildina í þessum útgjaldaflökki.

Ford TRANSIT



FORD TRANSIT **CONNECT**
FRÁ **2.218.000** KR. ÁN VSK
2.750.000 KR. MEÐ VSK
NÚ FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR

FORD TRANSIT **CUSTOM**
FRÁ **3.177.000** KR. ÁN VSK
3.940.000 KR. MEÐ VSK
NÚ FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR

FORD TRANSIT **VAN**
FRÁ **4.109.000** KR. ÁN VSK
5.095.000 KR. MEÐ VSK
NÚ FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR
NÝTT FJÓRHJÓLADRIF

FORD TRANSIT **BUS**
FRÁ **4.508.000*** KR. ÁN VSK
5.590.000 KR. MEÐ VSK
FÁANLEGUR 12-18 MANNA
*verð miðast við hópferðaleyfishafa

#VINSÆLASTIR

Transit eigendur hafa í áratugi sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford atvinnubíla. Þeir hafa fengið fjölda verðlauna enda vinnubjarkar, sparneytnir og bekkir fyrir lága bílanatíðni. Í fyrra var Ford Transit mest seldi atvinnubíll í heimi.

Transit er ríkulega búinn m.a. með Bluetooth, olíumiðstöð með tímastillingu (alltaf heitir á morgnana), spólvörn, brekkubremsu og aksturstölvu.

Brimborg leggur mikla áherslu á framúrskarandi þjónustu við Transit eigendur enda leggja þeir traust sitt á atvinnubíla frá Ford.

Fjöl margar nýjungar!
✓ Breið vörulína
✓ Kraftmeiri
✓ Fáanlegur sjálfskiptur
✓ Væntanlegur með nýju fjórhjóladrifi
✓ Umhverfisvænni
Bílar til afhendingar strax!



Ford er frábær!

Komdu í Brimborg og kynntu þér í Ford Transit nýjungarnar

ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Stjórnar- maðurinn



@stjornarmadur

Fjármálaráðuneytið hefur gefið út að stefnt sé að sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka og Arion. Ætlunin sé hins vegar að selja Landsbankann einungis að hluta, þannig að ríkið haldi eftir 34 til 40% hlut. Eins og við mátti búast hefur þessum fyrirætlunum verið mætt með hefðbundnum upphrópunum um að verið sé að selja fjölskyldudjásnin og leggja fjármálakerfið í hendurnar á spákaupmönnum. Skoðum aðeins hvaða breytingar er verið að leggja til.

Hvað varðar Arion banka er ríkið einungis eigandi 13% hlutar og því í sjálfu sér ekki um grundvallar-breytingu að ræða. Væntanlega er hægt að finna fjármunum betri farveg en að vera fastir í áhrifaleysi sem lítill hluthafi í banka.

Hvað Landsbankann varðar er ríkið þó vissulega eigandi nánast að fullu. Fyrirætlun um að halda eftir ríflega þriðjungshlut ætti þó að tryggja að ríkið geti haft leiðandi áhrif á reksturinn. Þetta er þekkt blanda ríkis og einkarekstrar sem meðal annars hefur gefið góða raun í Noregi, t.d. hjá norska olíurisanum Statoil. Með því getur ríkið tryggt ákveðna íhaldssemi í rekstrinum á meðan einkaaðilar veita stjórnendum það aðhald sem einungis raunverulegir eigendur gera. Varla getur þetta talist sérlega áhættusækin nálgun.

Grundvallarbreytingin felst því í sölunni á Íslandsbanka. Menn geta deilt um hvar á nákvæmlega að draga línuna í þessum efnum, en fáera má rök fyrir því að búið sé tiltölulega varfærnislega um hnútana þegar einn bankanna er að stærstum hluta í eigu ríkisins og hinir þurfa að lúta ströngum kröfum um eigið fé og annað sem settar voru í kjölfar hrunsins.

Hitt er svo annað að vanda þarf vel til verka þegar kemur að söluferlinu. Við megum ekki við annarri eins katastrofu og hér varð í síðustu einkavæðingarhrinu, þar sem vel valdir flokkshestar fengu bankana allt að því afhenta. Fregnir af áhuga lífeyrissjóðanna á Arion hið minnsta eru ekki sérlega upplýftandi. Lífeyrissjóðirnir eru fjármálamarkaðnum mikilvægir, en það er ekki spennandi tilhugsun að nánast öll skráð félög í landinu og bankarnir í þokkabót verði á þeirra hendi.

Upplaggið við söluna á bönkunum er gott. Þeim fjármunum sem safnast er betur varið í greiðslu á skuldum ríkisins. Það er fjármálamarkaðnum hins vegar lífsnauðsyn að þar starfi einstaklingar sem leggja sitt undir og uppskera eftir því. Það gildir um banka eins og annað, og því nauðsynlegt að vandað verði til verka við söluna.

Björgólfur enn undir feldi með framboð til formanns SA

Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins (SA) og forstjóri Icelandair Group, hefur ekki enn ákveðið hvort hann muni sækjast eftir endurkjöri á aðalfundi SA þann 29. mars næstkomandi.



Þá verða liðin fjögur ár síðan hann var fyrst kjörinn í embættið.

„Vissulega hef ég velt því fyrir mér en ég sagði nú síðast þegar ég bauð mig fram að ég tæki eitt ár enn ef mér yrði treyst til þess. Ég er í raun með það í skoðun núna hvað ég geri en það styttist í niðurstöðu enda stutt í ársfund,“ segir Björgólfur í samtali við Markaðinn. – hg



Ég tel að útgerðin þurfi einfaldlega að greiða meira fyrir auðlindina. Mín skoðun er eindregið sú að við eigum að leita leiða í gegnum uppboðið.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

FJARVINNUPAKKI 365

Fjarvinnutenging – afþreyingin fylgir með.

Fyrirtæki, sem greiða fjarvinnutengingar starfsmanna, geta núna fært starfsfólki sínu fyrsta flokks sjónvarpsafþreyingu.

FJARVINNUPAKKI 365 – 8.863 KR (ÁN VSK.)



ENDALAUST INTERNET

NETBEINIR

ZyXEL



SKEMMTIPAKKINN

3 KRÁKKAR TÓNLIST

ATVINNA



Verlunin Kvosin óskar eftir ábyrgum og samviskusömum einstakling á reglulegar vaktir. Einungis 18 ára og eldri koma til greina. Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg. Vinsamlegast sendið ferilskrá og uppl. um meðmælendur á telma@kvosin.is fyrir 21. febrúar.

Fiskvinnsla í Hafnarfirði leitar eftir vönum verkstjóra í fiskmóttöku. Viðkomandi þarf að geta leyst framleiðslustjóra af og unnið öll almenn fiskvinnslu störf. Umsóknir skal senda póst á vinna@hamrafell.is

Atvinna óskast



vinna@verkleigan.is s: 780-1000

VANTAR PIG STARFSMENN?

Erum með smíði, aðstoðarmenn við smíði, verkamenn, flísara, múrara og aðra iðnaðarmenn sem geta byrjað strax. Við finnum réttu mennina fyrir þig.

Verkleigan sími: 780-1000
e: vinna@verkleigan.is

Atvinna í boði

FISKIKÓNGURINN

Fiskikóngurinn óskar eftir að ráða handflakara. Greitt pr.kg. Næg vinna alla virka daga.


Einnig óskast fólk til starfa í fiskvinnslu, snyrtingu.

Allar upplýsingar gefur Kristján Fiskikóngur gsm 896 0602, kristjan@fiskikongurinn.is

LEIKSKÓLINN UNDRALAND EHF. - HLUTASTARF

Lítill einkarekinn leikskóli í vesturbæ Kópavogs leitar að jákvæðum og duglegum starfsmanni frá 14-17 fjóra daga í viku.

Allar uppl. í síma 554-0880



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit

Auglýsing á sértækum starfsleyfiskilyrðum fyrir Matfugl ehf. fyrir alifuglabú að Melavöllum, Kjalarnesi

Með vísan til 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, mun tillaga að sértækum starfsleyfiskilyrðum fyrir neðangreindan aðila liggja frammi hjá Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 1. hæð, frá 15. febrúar til 15. mars 2017. Einnig eru starfsleyfiskilyrðin aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar.

Fyrirtæki/gildistími starfsleyfis í árum	Almenn skilyrði	Sértæk skilyrði	Reglugerð 785/1999	Staðsetning
Matfugl/12 ár	X	X	X	Melavellir Kjalarnesi

Rétt til að gera athugasemdir hafa eftirtaldir aðilar:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálæggar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félag og aðrir þeir sem málið varðar.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og sendast Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, í síðasta lagi **15. mars 2016**.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Víðidalur, Fákur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 18. janúar 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 2. febrúar 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Víðidals, Fáks. Í breytingunni felst m.a. að stækka byggingarreit norðan við félagsheimili, setja byggingarreiti fyrir hesthús austan við félagsheimili og norðan og sunnan við Ásból, stækka byggingarreit núverandi reiðhóllar, útbúa lóð með byggingarreit fyrir fjölnota hús/reiðhöll fyrir austan og ofan Hvammsvöll. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Norðurstígur 3

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 1. febrúar 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 9. febrúar 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Norðurstígsreits vegna lóðarinnar nr. 3 við Norðurstíg. Í breytingunni felst hækkan hússins um eina hæð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Fylkisvegur 6, íþróttasvæði Fylkis

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 1. febrúar 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 9. febrúar 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Íþróttasvæðis Fylkis að Fylkisvegi 6. Í breytingunni felst að fyrirhugað er að setja fjögur 24,4 metra há ljósmöstur við keppnisvöll til að lýsa upp völinn, merkt C1 á uppdrætti. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Reitur 1.181.0 v/ Týsgata 8A

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 1. febrúar 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 9. febrúar 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagsskilmálum fyrir staðgreinireit 1.181.0 vegna Týsgötu 8. Heimilt verður að vera með gististað í flokki II eða íbúðir á efri hæðum hússins. Á jarðhæð skal vera verslun/þjónusta eða veitingastaður opin almennungi allan daginn. Ekki er heimilt að byrgja fyrir glugga. Heimild til að gera léttar byggingar og/eða svalir á efri hæðum norðvestur gafis, út á lóð Týsgötu 8a. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Akrasel 8

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. febrúar 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 9. febrúar 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags vegna lóðarinnar nr. 8 við Akrasel. Í breytingunni felst að heimila tvær íbúðir og taka í notkun útgrafið rými í húsinu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 15. febrúar 2017 til og með 29. mars 2017. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 29. mars 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 15. febrúar 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur



ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Hálsasel 9 - Parhús

EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17.15 – 17.45



Gott 175,5 fm. 6 herbergja parhús á tveimur hæðum að meðtöldum 23,5 fm. innbyggðum bílskúr á frábærum stað í Seljahverfinu. Stórar flísalagðar svalir til suðurs. Aukin lofthæð í stofum. 4 svefnherbergi. Hellulagðar stéttar fyrir framan hús með hitalögnum undir. Frábær staðsetning þar sem stutt er í skóla, leikskóla og ýmsa þjónustu. **Verð 64,9 millj.**

**Öldugata 7a
Efri hæð og ris auk bílskúrs**

EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17.15 – 17.45



4ra herbergja 72,7 fm. efri hæð auk um 30,0 fm. riss og 29,0 fm. bílskúrs, samtals 131,7 fm. á frábærum stað við Öldugötu. Allt gler og gluggar á 2. hæðinni og í bílskúr er nýtt. Á hæðinni eru forstofa, hol, baðherbergi, eldhús, stofa, svefnherbergi, stofa og herbergi innaf stofu. Í risi eru rúmgott herbergi, geymsla og þvottaherbergi. Mögulegt væri að lyfta þaki og setja kvisti og myndi íbúðin stækka verulega við þá framkvæmd. Bílskúr var nýlega innréttaður sem stúdíóíbúð. **Verð 59,9 millj.**



Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali
og leigumíðlari
867-3040



Guðbjörg Matthíasdóttir.
hdl. Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-
fyrirtækja- og skipasölu.
S: 899-3984

Vesturgata 59, 101 Reykjavík

sérinnngangur til vinstri

OPIÐ HÚS Í DAG MÍÐVIKUDAG 15. FEB. KL. 17:30-18:00

Vel staðsett 66fm 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í eldra steinhúsi á horni Vesturgötu og Seljavegs. Framkvæmdir eru yfirstandandi á ytra byrði hússins en þeim lýkur í júlí n.k. og greiðast af seljanda.



UM ER AÐ RÆÐA MÚRVIÐGERDIR OG MÁLUN, VIÐGERÐIR GLUGGA OG ENDURNÝJUN ÞAKS.



Verð 35.9 millj.

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

Vesturgata 57



OPIÐ HÚS

miðvikudaginn 15.feb kl.17:00-17:30



Heillandi og hlýlegt 187,1 fm einbýli í 101 með sjávarútsýni. Góð aukaíbúð með sér inngangi og fjögur rúmgóð svefnherbergi. Húsið stendur á eignarlóð og er elsti hluti þess steinbær frá 1882 Skemmtileg sólstofa með vinvið í loftinu. Frábær staðsetning í miðborginni, nálægt gömlu hófninni og Granda með fjölbreyttum verslunum og veitingastöðum. Eign sem leynir á sér, sjón er sögu ríkari. Verð: **79,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir Þórunn Pálsdóttir, löggiltur fasteignasali sími: 773 6000 thorunn@miklaborg.is

TÍMAMÓT



Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdafaður og afa,

Jóhann Gunnars Halldórssonar

frá Bæ á Selströnd í Steingrímsfirði.

Þakkir til þeirra sem styrktu samtök hjartasjúklinga. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á hjúkrunarheimilinu Skjóli í Reykjavík sem annaðist hann af alúð og hlýju þau ár sem hann dvaldi þar.

**Jóhann Garðar Jóhannsson
Brynjar Gauti Jóhannsson
Rut Eiðsdóttir
og fjölskyldur.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðríður Þórðardóttir

Lóa,
Sóltúni 2, Reykjavík,

áður til heimilis að Laufásvegi 10, Stykkishólmi, lést föstudaginn 10. febrúar. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 21. febrúar kl. 13. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Stykkishólmskirkju.

**Þóður Viðar Njálsson Auður Berglind Stefnsdóttir
Jóhanna Sigríður Njálssdóttir Ellert Vigfússon
Þorgeir Ingi Njálsson Kristjana Aradóttir
barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

Ólafur Guðnason

Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi, sem lést á Landspítalanum Fossvog 7. febrúar sl. verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 17. febrúar kl. 13.00.

**Helga Mattína Einarsdóttir
Áslaug Rósa Ólafsdóttir Þórarinn H. Harðarson
Ása Helga Ólafsdóttir Benedikt Sigurðsson
Einar Magnús Ólafsson J. Þóra Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar og afa,

Guðmundur Árnason

Hrafnistu, Hafnarfirði, áður til heimilis að Fjarðargötu 19, Hafnarfirði,

andaðist á Hrafnistu 27. janúar. Útförin fór fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 8. febrúar. Innilegar þakkir fyrir samúð og vinarhug. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun.

**Ingibjörg Guðmundsdóttir
Guðmundur Valdimar Guðmundsson
Berglind Guðmundsdóttir
Ingvar Lýðsson**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

Sigurbjörn Jónsson

vélvirki og fv. framkvæmdastjóri, Sléttuvegi 13, áður Háaleitisbraut 45,

lést á Landakoti 6. febrúar. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 16. febrúar kl. 13. Þeim sem vilja minnst hans er bent á líknarsjóð Oddfellowa.

**Sigurborg Valgerður Jónsdóttir
Garðar Sigurbjörnsson Reynir Guðmundsson
Sigrún Sigurbjörnsdóttir
Sigurbjörn Sigurbjörnsson
barnabörn og barnabarnabörn.**

Halda upp á útgáfu bókarinnar með partíi

Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Edda Hermannsdóttir gefa út bókina Forystuþjóð á morgun. Eftir langa og stranga vinnutörn munu þær nú loksins ná að fagna útgáfu bókarinnar með því að skála í freyðivini með viðmælendum bókarinnar og góðum vinum.

„Við munum fagna útgáfu bókarinnar á Oddsson á morgun, 16. febrúar, og skála í freyðivini með góðu fólki. Edda ætlar að standa í ströngu við kókubakstur ásamt móður sinni og Evu Laufeyju systur sinni á meðan ég, bindindismanneskjan, mun ferja áfengi frá Víðfellu vestur í bæ,“ segir Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og hlær.

Ragnhildur Steinunn og Edda gefa út bókina Forystuþjóð á morgun. Sú bók er viðtalsbók þar sem yfir þrjátíu Íslendingar deila skoðunum sínum og reynslu í jafnréttismálum.

„Við elskum báðar að halda veislur og getum því ekki beðið eftir því að skála með öllum viðmælendum bókarinnar og okkar góða fólki. Þetta stefnir í gott partí!“

Bókin er gefin út í samstarfi við Samtök atvinnulífsins. Halldór Benjamín, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, ætlar því að ávarpa gesti með okkur. Eftir útgáfuhófið ætlum við svo að borða góðan mat á Oddsson og slaka á,“ segir Edda, sem kynntist Ragnhildi í Gettu betur árið 2011, en þá var Edda að stíga sín fyrstu skref í sjónvarpi.

„Ég þekkti lítið til innan RÚV og leit aði til Ragnhildar Steinunnar sem var meira en til í að ráðleggja mér og var til staðar í einu og öllu sem var mjög dýrmeitt á þeim tíma.“

Eftir þetta urðum við miklar vinkonur og nágrennar þar að auki. Það hefur því verið mikill samgangur, hvort sem það tengist umræðu um vinnu eða annað,“ segir Edda.

Ár er frá því þær hófu að skrifa bók-



Ragnhildur Steinunn og Edda Hermannsdóttir munu fagna á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við elskum báðar að halda veislur og getum því ekki beðið eftir því að skála með öllum viðmælendum bókarinnar og okkar góða fólki.

Edda Hermannsdóttir

ina saman. Þær segja ferlið hafa verið lærdósmríkt. „Við nýttum sumarfríið í þetta og svo hefur þetta verið helgar- og kvöldvinna þar sem við erum báðar í fullu starfi. Við erum orðnar vanar því að byrja alla daga á símtali og heyrast svo fyrir svefninn,“ segja þær hlæjandi. gudrunjona@frettabladid.is



Hjartkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og frænka,

Elsa Finnsdóttir

Klapparstig 42, Reykjavík, er látin.

Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Örn Arnar Ingólfsson
Karl Arnar Arnarson Rakel Edda Ólafsdóttir
Örn Arnar Karlsson Silja Jóhannsdóttir
Thelma Karlsdóttir Sindri Snær Kolbeinsson
Elsa Rún, Matthildur Ylfa og Karólína Karlsdætur
Finnur Arnar Arnarson Áslaug Thorlacius
Salvör Thorlacius Finnsdóttir Árni Tómasson
Elsa Árnadóttir
Kristján, Hallgerður og Helga Thorlacius Finnsbörn
Guðrún Magnúsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Gunnarsdóttir

saumakona, Viðilundi 20, Akureyri,

lést sunnudaginn 12. febrúar síðastliðinn á dvalarheimilinu Hlíð. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 21. febrúar kl. 13.30. Blóm og kransar afþökkuð, en þeim sem vilja minnst hinnar látnu er bent á minningarkort Sjálfsbjargar á Akureyri í síma: 4626888, hjá Eymundsson, Hafnarstræti Akureyri eða bankanr. 0302-26-8345 kt. 570269-2599.

**Svava Hrönn Guðmundsdóttir Hreggviður Norðdahl
Gunnar H. Guðmundsson Elin Konráðsdóttir
Guðmundur Logi Norðdahl Gréta Jakobsdóttir
Rannveig Albína Norðdahl Atli Rafnsson
Anna Kristín Gunnarsdóttir
Guðmundur Steinn Gunnarsson Katelin Marit Parsons
og langömmubörn.**



Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Sólveig Axelsdóttir

Viðilundi 23, Akureyri,

verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 17. febrúar klukkan 13.30.

**Axel Gíslason Hallfríður Konráðsdóttir
Hólmfríður Gísladóttir Guðmundur Pétursson
Þórhalla Gísladóttir Samúel Jón Samúelsson
Sólveig Gísladóttir Hörður Blöndal
Katrín Gísladóttir Björn Ingi Sveinsson
Hildur Gísladóttir Sigurður Albertsson
Björg Gísladóttir Páll Kristjánsson
Kjartan Þorbjörnsson Júlía Þorvaldsdóttir
og fjölskyldur.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

séra Sigurpáll Óskarsson

fyrirverandi sóknarprestur á Hofsósi, Skagafirði,

lést á heimili sínu, Árskógum 6, í faðmi fjölskyldunnar. Minningarathöfn fer fram í Fossvogskirkju föstudaginn 17. febrúar kl. 11. Útför verður degi síðar, 18. febrúar, frá Hofsóskirkju kl. 14.00.

**Vilhjálmur Jón Sigurpálsson Guðrún S. Þorsteinsdóttir
Baldvin Sigurpálsson Guðbjörg R. Ragnarsdóttir
Hjörtur Sigurpálsson Sólveig Sigurgeirsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.**

NÝTT BARNAEFNI Á

2 MARAÐON
NOW




Bliða og Blær



Tryggðu
þér áskrift
2now.is
á aðeins
100 kr. á dag.

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Miðvikudagur



Hægur vindur og víða dálítill væta, en gengur í norðaustan 5-10 m/s þegar liður á morgundaginn. Styttir upp og léttir heldur til vestast á landinu, kólnar fyrir norðan og má búast við dálitilli slyddu eða snjókomu þar síðdegis.

Fimmtudagur

Reykjavík 4° ↙ 4	Ísafjörður -2° ↖ 5	Akureyri -1° ← 3
Egilsstaðir 0° ↓ 5	Kirkjubæjarkl. 5° ↙ 3	Hveravellir -2° ↘ 4

Föstudagur

Reykjavík 5° ← 11	Ísafjörður 0° ← 6	Akureyri 1° ↙ 2
Egilsstaðir 4° ↖ 5	Kirkjubæjarkl. 5° ↙ 10	Hveravellir 1° ↑ 6

Þrautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- leikur
 - rún
 - traust
 - nægilegt
 - óð
 - graftarbólga
 - bæ
 - í röð
 - kjafi
 - gröm
 - tveir eins
 - göngulag
- LÓDRÉTT**
- mánuður
 - ólæti
 - kennslu
 - blundur
 - baktalari
 - hlaup
 - segi upp
 - eyðsla
 - skyggni
 - tveir eins

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LAUSN

LÁRÉTT: 2. hafi, 6. ur, 8. trú, 9. nóg, 11. ær, 12. gerð, 14. þess, 16. de, 17. kíó, 18. erg, 20. uu, 21. rífes, 15. eyðsla, 16. de, 17. kíó, 18. erg, 20. uu, 21. rífes, 10. gæl, 13. ræk, 15. sönn, 16. den, 19. gg.

Skák Gunnar Björnsson

Þuiggross átti leik gegn Pedrosa í Buenos Aires árið 1972.

Hvítur á leik

1. Bxf7+! Kxf7 2. Dc4+ Kf8 3. Rh6! 1-0. Svartur er óverjandi mátt í næsta leik. Nóa Síríus-mótinu lauk í gærkvöldi. Fyrir lokaumferðina voru Þröstur Þórhallsson og Daði Ómarsson efstir og jafnir. www.skak.is Allt um Nóa Síríus-mótið.



Sudoku

LÉTT

6	2	9	7	1	
4		7	8	9	5
	5	6	4		
	6		1	3	
2					
8	4	7		6	5
		9	6	3	1
	4	7	8		
9		8	2		

MIÐLUNGS

3	1				
2	8		9	4	3
		9	3	8	6
5	7	6		3	1
6	1			8	5
		9			
1	3	5	2	4	9
			5		
9					

ÞUNG

		8	3	9	2
5	7				8
		1	2		
	5		9		
	4	7			2
6				3	
	6				4
3	5			8	6
9					


Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →


8	3	4	1	2	6	9	5	7
6	9	5	4	3	7	1	2	8
7	1	2	5	8	9	6	4	3
1	4	6	2	5	8	3	7	9
9	8	3	7	6	4	2	1	5
2	5	7	9	1	3	4	8	6
3	7	1	8	9	2	5	6	4
4	2	9	6	7	5	8	3	1
5	6	8	3	4	1	7	9	2
8	1	4	3	7	5	9	2	6
7	5	9	8	6	2	3	1	4
6	2	3	4	9	1	7	8	5
5	8	2	9	1	4	6	3	7
9	6	7	5	8	3	1	4	2
3	4	1	6	2	7	5	9	8
1	3	5	2	4	6	8	7	9
2	7	8	1	5	9	4	6	3
4	9	6	7	3	8	2	5	1
9	4	5	1	3	8	7	2	6
8	3	6	2	5	7	4	9	1
1	2	7	4	6	9	8	3	5
2	1	3	6	8	5	9	4	7
4	5	9	3	7	1	2	6	8
6	7	8	9	2	4	1	5	3
3	8	1	5	9	2	6	7	4
5	9	4	7	1	6	3	8	2
7	6	2	8	4	3	5	1	9

Myndasögur

PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



Leitum að nýjum starfsfélaga!

VIÐ LEITUM AÐ TÆKNIMENTUÐUM SÖLUFULLTRÚA.

Æskilegt er að umsækjandi sé vélfræðingur, rafvirkni eða vélvirkni. Reynsla af sölustörfum einnig æskileg.

STARFSSVIÐ:

Samskipti við viðskiptavini Vörukaupa út um allt land. Öflun nýrra viðskiptavina. Reikna má með talsverðum ferðalögum.

HÆFNISKRÖFUR:

Góð almenn tölvukunnátta. Rík hæfni í mannlegum samskiptum. Vönduð og skipulögð vinnubrögð. Góð íslensku- og enskukunnátta.

VÖRUKAUP

er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði. Umsóknir sendist á netfang: umsoknir@vorukaup.is



HÁGÆÐA VÖRUR FYRIR SJÁVARÚTVEGINN OG IÐNAÐINN Í YFIR 30 ÁR

Miðhrauni 15 · 210 Garðabæ · Sími 561 2666 · Fax 562 6744 · vorukaup@vorukaup.is · www.vorukaup.is

LAUGARÁS BÍÓ **59%** **mid.is**

16 **JOHN WICK 2** KEANU REEVES
SÝND KL. 5.30, 8, 10.30

12 **THE GREAT WALL**
SÝND KL. 8, 10, 15

16 **THE BYE BYE MAN**
SÝND KL. 10.40

16 **BILL BLICK** SÍGMYNDIN
SÝND KL. 5.40

SAMBÍÓIN **SAMbio.is**

14 ÓSKARSTILNEFNINGAR
m.a. Besta mynd
Besti leikari í aðalhlutverki - Ryan Gosling
Besta leikkona í aðalhlutverki - Emma Stone
Besti leikstjóri - Damien Chazelle

7 GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
M.A.
BESTA MYNDIN
RYAN GOSLING EMMA STONE
LA LA LAND

Frábær grínmynd fyrir alla fjölskylduna.
Sýnd með íslensku og ensku tali.

91% **IMDb 8.1**

ALFABAKKA	EGILSHÖLL	KEFLAVÍK
LEGO BATMAN ÍSL TAL KL. 5:40	LEGO BATMAN ÍSL TAL KL. 5:40	LEGO BATMAN ENSKT TAL KL. 8
LEGO BATMAN ENSKT TAL KL. 5:40 - 8 - 10:20	LEGO BATMAN ENSKT TAL KL. 8	FIFTY SHADES DARKER KL. 8
LEGO BATMAN ENSKT TAL VIP KL. 5:40 - 8 - 10:20	FIFTY SHADES DARKER KL. 5:30 - 8 - 10:30	JOHN WICK: CHAPTER 2 KL. 10:30
RINGS KL. 10:40	RINGS KL. 8 - 10:40	RINGS KL. 10:40
LA LA LAND KL. 5:40 - 8 - 10:40	LA LA LAND KL. 5:20 - 8 - 10:20	AKUREYRI
XXX3 KL. 8:20 - 10:40	XXX3 KL. 5:40 - 10:20	LEGO BATMAN ÍSL TAL KL. 5:40
MONSTER TRUCKS KL. 5:40	KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI	LEGO BATMAN ENSKT TAL KL. 8
ROGUE ONE 2D KL. 8 - 10:40	LEGO BATMAN ÍSL TAL KL. 5:40	RINGS KL. 10:40
VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:40	FIFTY SHADES DARKER KL. 5:30 - 8 - 10:30	LA LA LAND KL. 5:20 - 8
FANTASTIC BEASTS 2D KL. 8	LA LA LAND KL. 6:20 - 8 - 9 - 10:40	XXX3 KL. 10:20

EVIL IS REBORN
rings
Horðu ef þú þorir!



Er erlend fjárfesting á Íslandi blessun eða böll? Þeirri spurningu verður reynt að svara á fyrirllestri Samtaka iðnaðarins, Íslandsstofu og Samtaka atvinnulífsins.

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

15. FEBRÚAR

Tónlist

Hvað? Hrynsveit Stórsveitar Reykjavíkur ásamt gestum
Hvenær? 21.00
Hvar? Harpa Stórsveit Reykjavíkur hefur lengi verið hryggjarstykkið í íslensku djasslífi en nú ætla hrynsveit Stórsveitarinnar að hætta sér út í tónleikaumhverfið, næstum ein og óstudd. Nokkrir blásarar munu þó heiðra hana með nærveru sinni í stöku lögum. Lagavalið er af ýmsum toga, djassverk undir framandi áhrifum og lög eftir hljómsveitarmeðlimi. Eðvarð Lárusson spilar á gítar, Kjartan Valdemarsson á píanó, Gunnar Hrafnsson á bassa og Jóhann Hjörleifsson er á trommum.

Fyrirlestrar

Hvað? Fornleifafræði neyslu á 17. og 18. öld
Hvenær? 12.00
Hvar? Þjóðminjasafn Íslands Jakob Orri Jónsson flytur erindi í hádegisfyrirlestraröðinni Nýjar rannsóknir í íslenski fornleifafræði. Fyrirlesturinn nefnist „Fornleifafræði neyslu á 17. og 18. öld; Hólahólar og Miðvellir á Snæfellsnesi“.
Kynntir verða tveir staðir á utanverðu Snæfellsnesi, Hólahólar og

Miðvellir. Fjallað verður um sögu þeirra, efnahagslega og félagslega stöðu frá 17. öld og fram til loka þeirrar 19. og verður fjallað um fornleifafræðilegar rannsóknir sem fram fóru þar í ágúst 2016, niðurstöður þeirra ræddar og vöngum velt um neyslu lúxusvarnings meðal lægra settra heimila á 17. og 18. öld.

Hvað? Er erlend fjárfesting á Íslandi blessun eða böll?
Hvenær? 08.30

Hvar? Grand Hótel Reykjavík Samtök iðnaðarins, Íslandsstofa og Samtök atvinnulífsins efna til morgunverðarfundar um erlenda fjárfestingu á Íslandi. Fundurinn er öllum opin en nauðsynlegt er að skrá þátttöku á vef SA. Á fundinum verður leitað svara við því hvort erlend fjárfesting á Íslandi sé blessun eða böll og birtar verðar niðurstöður nýrrar könnunar um viðhorf Íslendinga til erlendar fjárfestingar.

Hvað? Konan kemur við sögu
Hvenær? 20.30

Hvar? Mengi Fræðimenn af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum halda upplestrarkvöld með ýmsum útdúrum í Mengi. Boðið verður upp á fjölbreytlega nálgun á íslenskt mál og menningu á þessu fyrsta upplestrarkvöldi vormisseris, en ritid sem liggur til grundvallar er hið nýttkomna greinasafn Konan kemur við sögu. Allir velkomnir og ókeypis inn. Dagskránni lýkur með fagætu tónlistaratríði.

Hvað? Heimspekikaffi | Timinn, ljósið og lífið
Hvenær? 20.00

Hvar? Borgarbókasafnið Gerðubergi Gunnar Hersveinn, heimspekingur, spjallar um gildin í lífinu í heimspekikaffi og fær til sín Þorgerði Önnu Björnsdóttur, fræðimann í málvísindum og kinnverskum fræðum, til að brjóta heilann um hvað er líkt og ólíkt með tímahugtakinu á Vesturlöndum og í Kína.

BIO PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Frantz ENG SUB..... 17:45
Moonlight..... 17:30, 22:15
Besti Dagur Í Lífi Olli Maki 17:30
Toni Erdmann ENG SUB 20:00
Original Bliss ENG SUB..... 20:00
Paterson..... 20:00
Hjartasteinn ENG SUB..... 22:30

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

WENTWORTH

NÝTT Í KVÖLD 22:05

Tryggðu þér áskrift á aðeins **333 kr. á dag** eða 9.990 kr. á mánuði

Fyrri þáttaraðir eru frumsýndar á Stöð 2 Marabon NOW.

WENTWORTH

Fjórða serían af þessum dramatísku spennubáttum um Bea Smith sem situr af sér dóm í hættulegasta fangelsi Ástralíu.

365.is | Sími 1817 **365**

OPPIÐ Á
SUNNUÐÖGUM Í
DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn reitast

**ÁTTU VON
Á GESTUM**
Svefnsófar



Mona
tungusvefnsófi

Grár svefnsófi með hægri eða vinsti tungu.
Breidd: 233 cm. Dýpt: 96 cm. Tunga: 155 cm.

Dormaverð **139.990 kr.**



Memphis
svefnsófi

Slitsterkt áklæði, ljós- eða
dökkgrátt. Svefnsvæði: 120 x 200 cm

Dormaverð **99.900 kr.**



Florence
svefnsófi

Ítalskur gæðasvefnsófi. Ljósbrúnn
og dökkgrár. Vönduð heilsudýna.



Stærð: 198 x 93 H: 88 cm. Dýnstærð: 140x200 cm.

Dormaverð **289.900 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtgördum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn reitast

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið
Fréttablaðið í heild
sinni á Vísi og í
Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á visir.is/fbi eða beint í gegnum
App Store, Google Play og Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft



Harpa Þórsdóttir í Hönnunarsafninu þar sem hún hefur starfað frá því um haustið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Eins sjálfsagt og að fara í sund

Harpa Þórsdóttir, verðandi safnstjóri Listasafns Íslands, segir safnamenningu hafa tekið miklum breytingum á síðustu árum.

Magnús
Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Strax eftir stúdentspróf þá fór ég til Frakklands og ætlaði að læra frönsku í einn vetur og ætlaði svo að fara heim og verða lögfræðingur. En það atvikaðist þannig að ég fór að leita leiða til þess að vera áfram í París og það hljómaði nú ekki nú illa fyrir mína nánustu að heyra að ég ætlaði að fara í háskólanám svo það varð úr," segir Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands, en hún var nýverið ráðin til þess að taka við starfi safnstjóra Listasafns Íslands. Harpa hlær nú að sjálfri sér við tilhugsunina um það hvernig það kom til að hún ákvað að skella sér í nám í listasögu við Sorbonne í París. „Þannig að ég fór í inntöku-próf við Sorbonne en áttaði mig ekki á því fyrr en ég kom á öftustu síðu inntökuprófsins að þá þurfti ég að merkja við hvað ég ætlaði að læra. Þetta var ansi stór listi og ég satt best að segja þekkti ekki á þeim tíma öll þessi orð en Histoire de l'art þekkti ég og ákvað þar og þá að það væri eflaust fint að vera þarna og læra listasögu. Þannig kom það nú til.“

Áhersla á gestinn

Harpa segir að þrátt fyrir þessa óvenjulegu aðkomu að náminu þá hafi hún verið alin upp í safni en hún er dóttir Þórs Magnússonar, fyrrverandi þjóðminjavarðar. „Ég er alin

upp í Þjóðminjasafninu til sjö ára aldurs. Ég held að það hafi haft mikil áhrif á mig en söfn í dag hafa breyst gríðarlega mikið. Við sem stórfum inni í söfnum erum að átta okkur á því að við erum alþjóðleg stærð í hugum þeirra gesta sem koma til okkar. Fólk kemur með ákveðnar væntingar og á von á að sjá eitthvað óvænt, eitthvað sem þeir geta gengið að og svo framvegis. Þannig að gestir safna eru mjög áhugaverður og í raun breiður hópur. Það er það sem við erum að fást við í dag – að horfa meira á gestinn.“

Harpa segir að þessi áhersla á gestinn komi til með að endurspegla nálgun hennar að starfi safnstjóra Listasafns Íslands. „Í dag heitir þetta aðgangur og hann þarf að vera til staðar að því sem við eigum saman, að arfinum. Aðgangurinn getur snúist um það sem er verið að sýna og það sem er til en svo þarf líka að vera aðgangur að upplýsingum og það er líka mjög mikilvægt. Söfn eru þátttakendur í að veita aðgang að þessari sameiginlegu sögu.“

Safnamenning

Harpa segir að sú tíð að sýningar séu opnaðar, verkin merkt, gefin út sýningarskrá og svo setið yfir á meðan gestir koma og skoða sé í raun liðin. „Í dag er þetta ekki svona. Starfsemi safnanna er orðin miklu flóknari þar sem við erum með rannsóknaskyldu, miðlunarskyldu, erum þátttakendur í akademísku starfi innan háskólanna og þannig mætti áfram telja. Þetta er mjög jákvæð þróun.“

En Harpa bendir á að það þurfi

Í DAG HEITIR ÞETTA AÐGANGUR OG HANN ÞARF AÐ VERA TIL STAÐAR AÐ ÞVI SEM VIÐ EIGUM SAMAN, AÐ ARFINUM.

líka að vinna með safnamenninguna og að oft virðist safnaheimsóknir Íslendinga tilheyra ferðalögum. „Ég á það til, verandi safnamanneskja í hjarta mínu, að spyryja Íslendingana: Hvenær og hvar fóruð þið síðast í safn? Svarið er yfirleitt að það hafi verið í útlöndum en svo kemur fólk t.d. með vinnustaðnum af því að einhver fékk þá frábæru hugmynd að gera eitthvað öðruvísi. Þá reyni ég nú aðeins að storka Íslendingnum og segja að við mætum nú alveg gera það að meiri reglu að fara á söfn. Þessu kynntist ég í París þar sem íbúar borgarinnar fara með börnin sín á Picasso-safnið og alls konar söfn og það var bara skemmtilegur dagur rétt eins og að fara í sund.“

Lausnamiðað safnafólk

Að loknu námi í París starfaði Harpa við safna- og fornleifafræðideild Boulogne-sur-Mer borgar og hún segir að þar á bæ hafi menn verið mjög hissa á að sjá manneskju koma beint frá París. „En ég fór að vinna við að fylgjast með fornleifauppgröftum og öðru slíku sem kom upp þegar bærin var í framkvæmdum því þarna er mikið um fornminjar í jörðu. Rómverjar bjuggu þarna og Cesar hafði þarna vetursetu og horfði yfir til Bretlands, rétt eins og Napóleón síðar. En ég var þarna ➔



Hönnunarsafnið er safn í vexti eins og hönnun á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

➔ að rannsaka leirmuni sem komu úr grófum Mervíkinga og það var mjög heillandi verkefni.

Þegar Harpa kom heim til Íslands hóf hún störf hjá Listasafni Íslands árið 2002 sem deildarstjóri sýningardeildar. En var ekki stórt stökk úr fornleifunum yfir í listina? „Jú, enda lærir maður ekki íslenska listasögu erlendis. Þannig að ég þekkti ekki mikið inn á það umhverfi og það var gríðarlegur lærdómur. Við erum svo heppin hérna heima að það er mikill metnaður í sýningunum og þær eru af stærðargráðu sem ég veit að marga erlenda gesti undrar. En það var svona ákveðið ríkjandi góðari á þessum tíma og við unnum mjög fjölbreyttar sýningar sem var góður



ÞETTA HJÁLPAR MANNI AÐ HALDA ÁFRAM AF ÞVI AÐ VIÐ HÖFUM BARA FUNDIÐ FYRIR MEÐBYR OG ÁNÆGJU.

lærdómur. En það sem einkennir íslenskt safnafólk líka er að starfs sviðið er svo breitt og sérhæfingin þar af leiðandi minni en fyrir vikið þá erum við líka lausnamiðuð og úrræðagóð.“

Áhersla á grunninn

En að taka við Hönnunarsafninu um haustið 2008 hefur nú vart verið draumatímasetning svona í efna-

hagslegu tilliti? „Nei, enda sögðu sumir gangi þér vel með tón í röddinni. En það voru líka væntingar í garð safnsins, átti að fara að byggja nýtt húsnæði og svona, en svo kemur hrúnið rétt um mánuði eftir að ég hóf störf. En það hafði engin áhrif á mig því ég var komin í gallann og þekkjandi sögu menningarhúsa á Íslandi þá vissi ég að þetta mátti ekkert bíða. Ég fékk fullan stuðning frá Garðabæ til þess og við fórum í að taka næstu lausn sem var að finna annað húsnæði og þar erum við í dag.

Aðalmálið var að koma safninu í safnarekstur. Vera með reglubundið sýningarhald, reglulegan opnunartíma og hafa skrifstofur og sýningar á sama stað sem er mjög mikilvægt. Þetta er svo búið að ganga mjög vel og einn mælikvarðinn á hversu vel þetta hefur gengið er að hönnuðir taka okkur alltaf vel og við höfum aldrei fengið nei. Þetta hjálpar manni að halda áfram af því að við höfum bara fundið fyrir meðbyr og ánægju.“

Hönnunarsafnið er safn í vexti vegna þess að hönnun á Íslandi er í mjög örur vexti. Það er eðlilegt að safnið fylgi eftir á einhvern hátt. Það er til að mynda greinileg þörf fyrir að rannsaka íslenska hönnunarsögu og það er nú ekki leiðinleg vinna. En svo finnum við líka fyrir mjög auknum áhuga á okkar framlagi erlendis frá. Hvað er íslenskt? Hvað er sérstakt við það sem er íslenskt? Við þurfum að eiga svör við þessu. Þess vegna þarf safnið að eiga bæði góðan grunn, góða safneign, og svo líka heimildir. Af þessum ástæðum hefur sýningahald í Hönnunarsafninu verið með þeim hætti að leggja áherslu á söguna frekar en til dæmis að leiða fram samfélagslegar spurningar um hlutverk hönnunar. Vonandi til góðs fyrir það sem koma skal fyrir íslenska hönnunarsögu.“

ALLT FYRIR HEIMILIÐ



Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbot 4 - Akureyri

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

Fjölmörg fyrirtæki í Reykjavík hafa um árabíl flokkað sinn úrgang

Mörg þeirra hafa náð mjög langt á því sviði í samstarfi við Gámabjónustuna hf.

Gámabjónustan hf. býður ýmsar lausnir varðandi flokkun, endurvinnslu og jarðgerð sem auðvelt er að laga að stærð og þörfum fyrirtækja og stofnana. Gerum átak í því að flokka meira og urða minna.



Í nýlegri aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á meiri flokkun á úrgangi sem fellur til hjá fyrirtækjum í Reykjavík.

Við upphaf á slíku ferli geta komið upp ýmis vandamál hjá fyrirtækjum og þess vegna er mikilvægt að leita strax réttra lausna hjá fagaðila. Til þess að einfalda flokkunarferlið og gera það sem þægilegast býður Gámabjónustan hf. upp á alhliða þjónustu og ráðgjöf þar að lútandi ásamt aðstoð við val á réttum flokkunarílátum. Flokkun er ekki flókin ef rétt er staðið að málum.

Hafið samband og fáið aðstoð sérfræðinga okkar í síma 535 2510 eða gamar@gamar.is



GÁMABJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVÆFI - BETRI FRAMTÍÐ



DAGSKRÁ

Miðvikudagur

STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
 07.25 Teen Titans Go!
 07.50 The Middle
 08.15 Mindy Project
 08.35 Ellen
 09.15 Bold and the Beautiful
 09.35 The Doctors
 10.20 Spurningabomban
 11.15 Um land allt
 11.45 Sigríður Elva á ferð og flugi
 12.10 Matargleði Evu
 12.35 Nágrannar
 13.00 Óbyggðirnar kalla
 13.25 Major Crimes
 14.10 Spilakvöld
 14.55 Jamie's Super Food
 15.40 One Big Happy
 16.05 Clipped
 16.30 Simpson-fjölskyldan
 16.55 Bold and the Beautiful
 17.20 Nágrannar
 17.45 Ellen
 18.30 Fréttir Stöðvar 2
 18.55 Íþróttir
 19.05 Fréttir Stöðvar 2
 19.20 Vikingalottó
 19.25 Meistaramánuður Skemmtilegur og hvetjandi þáttur þar sem við fáum hugmyndir frá sérfræðingum um hvernig við setjum okkur markmið, skammtíma og langtíma. Markmiðin geta verið að fara út að hlaupa eða hætta að borða sykurl. Þau geta líka snúist um hugann, að lesa fleiri bækur eða að hlusta á allar Bítaplötur. Þáttarstjórnandi er Pálmar Ragnarsson.
 19.35 Mom
 20.00 Heimsókn Frábærir þættir með Sindra Sindrasyni sem litur inn hjá íslenskum fagurkerum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að laða fram það besta í viðmælendum sínum.
 20.25 The Heart Guy
 21.15 Grey's Anatomy
 22.00 Wentworth
 22.45 Nashville
 23.30 Real Time with Bill Maher
 00.30 The Blacklist
 01.15 Lethal Weapon
 02.00 Crimes That Shook Britain
 02.50 The Exorcism of Molly Hartley

STÖÐ 2 SPORT

07.00 UEFA Champions League
 08.40 UEFA Champions League
 10.20 Meistaradeildarmörkin
 10.50 Premier League
 12.30 Premier League
 14.10 Messan
 15.40 UEFA Champions League
 17.20 UEFA Champions League
 19.00 Meistaradeildarmörkin
 19.30 UEFA Champions League
 21.45 Meistaradeildarmörkin
 22.15 UEFA Champions League
 00.05 Domino's-deild kvenna

STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Spænski boltinn
 08.40 Spænsku mörkin
 09.10 Premier League
 10.55 Premier League
 12.35 Enska 1. deildin
 14.15 Football League Show
 14.45 Premier League
 16.25 Premier League Review
 17.20 Þýski boltinn
 19.00 Þýsku mörkin
 19.30 UEFA Champions League
 21.45 UEFA Champions League
 23.35 Meistaradeildarmörkin

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



HEIMSÓKN

Í þessum þætti heimsækir Sindri Ingu Bryndísi Jónsdóttur, eiganda verslunarinnar Magnolia, en hún býr í glæsilegu og rómantísku einbýlishúsi við Laufásveg í Reykjavík.

MAGNAÐ
MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



MEISTARAMÁNUÐUR

Skemmtilegur og hvetjandi þáttur í umsjón Pálmar Ragnarssonar þar sem við fáum hugmyndir frá sérfræðingunum um hvernig við setjum okkur skammtíma- og langtíamarkmið.



THE HEART GUY

Stórskemmtilegir þættir um rísandi stjórnun í skurðlækningum sem á framtíðina fyrir sér í lífi og starfi. Þar til ósköpin dynja yfir og hann þarf að sætta sig við líf úti á landi á litlu sjúkrahúsi.



GREY'S ANATOMY

Drama, spenna og óvæntar upptökur! Það er aldrei lognmolla á skurðstofunni á Grey-Sloan spítalanum.



WENTWORTH

Glænýir og dramatískir spennuþættir um Bea Smith sem situr inni fyrir morðið á eiginmanni sínum og bíður dóms í hættulegasta fangelsi Ástralíu.

NÝTT!

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

STÖÐ 3

17.30 2 Broke Girls
 17.55 Raising Hope
 18.20 The Big Bang Theory
 18.40 Modern Family
 19.05 Curb Your Enthusiasm
 19.40 Heimsendir
 20.15 Margra barna mæður
 20.50 Legends of Tomorrow
 21.35 Flash
 22.20 Rome
 23.15 Klovn
 23.40 The Knick
 00.35 Supergirl
 01.15 Gotham
 02.00 Arrow
 02.40 Tónlist

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
 07.24 Svampur Sveinsson
 07.49 Lalli
 07.55 Rasmus Klumpur og félagar
 08.00 Strumpanir
 08.25 Hvellur keppnisbill
 08.37 Óskastund með Skoppu og Skritlu
 08.49 Gulla og grænjaxlarnir
 09.00 Grettir
 09.11 Zigby
 09.25 Latibær
 09.47 Mæja býfluga
 10.00 Dóra könnuður
 10.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
 10.47 Doddi litli og Eyrnastór
 11.00 Áfram Diego, áfram!
 11.24 Svampur Sveinsson
 11.49 Lalli
 11.55 Rasmus Klumpur og félagar
 12.00 Strumpanir
 12.22 Hvellur keppnisbill
 12.34 Óskastund með Skoppu og Skritlu
 12.46 Gulla og grænjaxlarnir
 13.00 Grettir
 13.11 Zigby
 13.25 Latibær
 13.47 Mæja býfluga
 14.00 Dóra könnuður
 14.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
 14.47 Doddi litli og Eyrnastór
 15.00 Áfram Diego, áfram!
 15.24 Svampur Sveinsson
 15.49 Lalli
 15.55 Rasmus Klumpur og félagar
 16.00 Strumpanir
 16.22 Hvellur keppnisbill
 16.34 Óskastund með Skoppu og Skritlu
 16.46 Gulla og grænjaxlarnir
 17.00 Grettir
 17.11 Zigby
 17.25 Latibær
 17.47 Mæja býfluga
 18.00 Dóra könnuður
 18.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
 18.47 Doddi litli og Eyrnastór
 19.00 Ævintýri herra Píbodýs og Sérmanns

GOLFSTÖÐIN

08.00 AT&T Pebble Beach National Pro-Am
 13.00 Golfing World 2017
 13.50 AT&T Pebble Beach National Pro-Am
 19.20 PGA Highlights 2017
 20.15 Golfing World 2017
 21.05 Champions Tour Highlights 2017
 22.00 Golfing World 2017
 22.50 Champions Tour Highlights 2017
 04.00 ISPS Handa Women's Australian Open

BÍÓSTÖÐIN

11.55 The Last of Robin Hood
 13.25 Turtle Power: The Definitive History of the Teenage Mutant
 15.05 Pan
 16.55 The Last of Robin Hood
 18.25 Turtle Power: The Definitive History of the Teenage Mutant
 20.05 Pan
 22.00 Mr. Pip Dramatísk mynd frá 2012 með Hugh Laurie í aðalhlutverki. Myndin fjallar um enskan mann sem jafnframt er eini hvíti maðurinn sem eftir er á eyjunni Bougainville í Nýju-Gíneu og tekur að sérkennslu í litlu þorpi með óvæntum afleiðingum. Mr. Pip er gerð eftir margverðlaunaðri skáldsögu nýsjálfenska rithöfundarins Lloyd Jones.
 23.55 Independence Day
 02.15 The Voices
 04.00 Mr. Pip

RÚV

13.25 HM í skiðaskotfimi
 16.25 Úr gullkistu RÚV. Út og suður
 16.45 Eldað með Ebbu
 17.15 Rætur
 17.45 Tákn málsfréttir
 17.55 Disneystundin
 17.56 Finnþogi og Felix
 18.19 Sigildar teiknimyndir
 18.25 Gló magnaða
 18.50 Krakkafréttir
 18.54 Vikingalottó
 19.00 Fréttir
 19.25 Íþróttir
 19.30 Veður
 19.35 Kastljós
 20.05 Ævar visindamaður
 20.35 Kiljan
 21.15 Neyðarvaktin
 22.00 Tíufréttir
 22.15 Veðurféttir
 22.20 Valdakonur í Hollywood
 23.15 Paradísarheimt
 23.45 Hulli
 00.05 Kastljós
 00.30 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
 08.00 America's Funniest Home Videos
 08.25 Dr. Phil
 09.05 Life Unexpected
 09.50 Judging Amy
 10.35 Síminn + Spotify
 13.20 Dr. Phil
 14.00 Black-ish
 14.25 Jane the Virgin
 15.10 The Odd Couple
 15.35 Man With a Plan
 15.55 The Mick
 16.20 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
 17.00 The Late Late Show with James Corden
 17.40 Dr. Phil
 18.20 Everybody Loves Raymond
 18.45 King of Queens
 19.10 How I Met Your Mother
 19.35 American Housewife
 20.00 Your Home in Their Hands
 21.00 Chicago Med
 21.50 Bull
 22.35 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
 23.15 The Late Late Show with James Corden
 23.55 Californication
 00.25 Jericho
 01.10 This is Us
 01.55 Scandal
 02.40 Chicago Med
 03.25 Bull
 04.10 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
 04.50 The Late Late Show with James Corden
 05.30 Síminn + Spotify

GLAMOUR

ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR

GLAMOUR

febrúar 2017

1

VARA Í
EINA VIKU
*Hvaða snyrtivara
er ómissandi?*

Stelpurnar Í GIRLS

*ruddu brautina og sýna
raunveruleikann í sinni
ÓFULLKOMNU mynd
á skjánum.*

HRÚTSKYRING
*Orð ársins
2016 útskýrt*

AF HVERJU
málum við okkur
og fyrir hvern?

Olivia PALERMO

Hver er konan með FLEKKLAUSA FATASTÍLINN og
grafalvarlegu föðunarrútinuna sem hefur lætt á að sér
4 MILLJÓNIR fylgjenda á samfélagsmiðlunum?





Eva María Daniéls kvikmyndaframleiðandi er með ýmislegt á þróunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eva með enn eitt stóra verkefnið

Eva María Daniéls kvikmyndaframleiðandi er nú með á þróunum sitt stærsta verkefni en það er myndin *Hold the Dark* sem mun skarta meðal annars Alexander Skarsgård, James Badge Dale og Jeffrey Wright og um leikstjórn sér Jeremy Saulnier.

Þetta verkefni er byggt á skáldsögunni *Hold the Dark* eftir William Giraldo sem ég keypti réttinn á fyrir rúmu ári og þróaði með Jeremy Saulnier – við höfum verið að velja í hlutverk síðustu mánuði. Nú erum við sem sagt búin að tilkynna hverjir verða aðalleikararnir í þessu. Tökur hefjast svo 27. febrúar í Calgary, Kanada. Við skjótum líka smá hluta í Marokkó,“ segir Eva María Daniéls kvikmyndaframleiðandi en nýjasta verkefnið hennar er myndin *Hold the Dark*. Með aðalhlutverk munu fara þeir Jeffrey Wright, Alexander Skarsgård og James Badge Dale.

Hvernig kom það til að þú framleiðir mynd upp úr þessari bók? „Bókin kom til mín með Jeremy, hann er svona leikstjóri sem mig hefur lengi langað til að vinna með, eða síðan ég sá *Blue Ruin*. Hann og bókin komu til mín saman. Þetta er alveg æðisleg bók, ótrúlega spennandi og það er ekki hægt að leggja hana frá sér. Handritshöfundurinn Macon Blair, sem hefur unnið með Jeremy bæði að *Blue Ruin* og *Green Room*, skrifaði alveg meiriháttar handrit, ótrúlega sterkt handrit. Þetta þróaðist allt mjög hratt.“

Er þetta stærsta verkefnið þitt hingað til? „Já, þetta er langstærsta mynd sem ég hef þróað og framleitt – kostnaðaráætlunin er sautján milljónir dollara, þannig að þetta er á miklu stærri skala en það sem ég hef gert áður sem er náttúrulega mjög spennandi.“

Hefurðu unnið með þessum leikurum áður? „Ég hef unnið með Alexander [Skarsgård] áður, við unnum að *What Maisie Knew* en ég hef ekki unnið með hinum. Þeir eru alveg fullkomnir fyrir hvert hlutverk – það er alveg búið að taka sex mánuði að velja í hlutverkinsvo að allt sé alveg fullkomnið. Við erum öll ánægð með hvernig þetta er búið að koma saman – það skiptir meira máli fyrir okkur að hver leikari sé fullkominn

ÞETTA ER LANG STÆRSTA MYND SEM ÉG HEF ÞRÓAÐ OG FRAMLEITT – KOSTNAÐARÁÆTLUNIN ER SAUTJÁN MILLJÓNIR DOLLARA, ÞANNIG AÐ ÞETTA ER Á MIKLU STÆRRI SKALA EN ÞAÐ SEM ÉG HEF GERT ÁÐUR.

fyrir hlutverkið frekar en að vera eitthvert nafn. Við vildum réttu tþpuna í hvert og eitt hlutverk.“

Hvað er svo næst á dagskrá hjá þér? „Ég hef verið að þróa nokkrar myndir með A24 síðastliðin tvö ár – maður veit samt aldrei hvenær hvert verkefni fer í gang. En ég er að þróa eitt verkefni með Cary Fukunaga sem er búið að vera í þróun núna í tvö ár, annað með J.C. Chandor sem er líka búið að vera í þróun í tvö ár og síðan er ég með eitt verkefni með Amy Adams sem er byggt á skáldsögu eftir Steve Martin, *An Object of Beauty*, og það handrit er alveg tilbúið og við erum bara að bíða eftir nákvæmum dagsetningum um hvenær Amy getur skotið. Það virðist vera það næsta sem mun verða tilbúið. Annars veit maður aldrei, það tekur svo langan tíma að þróa. Stundum koma verkefni sem vinnast mjög fljótt en önnur tekur kannski mörg ár að vinna, þannig að þetta er svolítið lotterí.“

Síðan er ég með mynd í frumsýningu núna á Berlínarhátíðinni sem kemur í bióhús fimmta maí. Hún heitir *The Dinner* og er byggð á skáldsögu Hermans Koch. Ören Moverman skrifar handritið og leikstýrir, við erum svo með Richard Gere í aðalhlutverki, Lauru Linney, Steve Coogan, Rebecca Hall og Chloe Sevigny.“

stefanthor@frettabladid.is

„Hodor“ kemur á EVE Fanfest

Plötusnúðurinn DJ Kristian Nairn verður einn þeirra sem munu skemmta trylltum EVE-aðdáendum á hinu árlega EVE Fanfest sem verður haldið í byrjun apríl. Kristian Nairn þessi hefur verið plötusnúður í nokkurn tíma en hann er þó tölvuvert þekktari fyrir að fara með hlutverk einfeldningsins Hodor í vinsælustu sjónvarpsþáttaseríu heimsins í dag, *Game of Thrones*.

Aðdáendur tölvuleiksins EVE og aðdáendur sjónvarpsþáttanna geta því sameinað þessi tvö áhugamál í Hörpunni í apríl en ásamt Hodor munu The Permaband, húshljómveit CCP, og Hermigervill einnig koma fram.

Sjöunda sería *Game of Thrones*

mun fara í sýningu seinna á árinu og bíða aðdáendur þáttanna eflaust mjög óþreyjufullir eftir því. Tökur á seríunni hófust í ágúst síðastliðnum og mun þeim vera lokið að mestu, þó að einhver atriði verði tekin upp núna í febrúar. Oftast hafa þættirnir farið í sýningu að vori til eða í apríl en talið er að HBO muni frumsýna sjöundu seríuna örlítið síðar í ár – leki IMDb á nákvæmri dagsetningu segir 25. júní, en hver veit. Fleira verður með breyttu sniði í ár – þættirnir verða einungis sjö, en seriurnar hafa yfirleitt verið tíu þættir.

Kannski verður hægt að draga einhverjar upplýsingar upp úr Hodor á einhverri knæpu bæjarins í apríl, en voðalega lítið er vitað um þessa nýju þáttaröð eins og er. – sph

» KRISTIAN NAIRN ER BEST ÞEKKTUR SEM GÓÐLÁTLEGI RISINN HODOR.



Kristian Nairn er DJ og leikur líka risann einfalda Hodor. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

LYFJA
– Lifið heil

Fyrir þig í Lyfju

Otrivin

Andaðu með nefinu

- Loft innan fárra mínútna
- Ilmur af mentól og eukalyptus

15%
afsláttur*



*Afsláttur af öllum Otrivin tegundum. Gildir út febrúar 2017.

Otrivin/Otrivin Junior/Otrivin Comp/Otrivin Menthol nefúði, lausn. Inniheldur Xylometazólinhýdróklóríð. Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

GRILLAÐIR & GÓMSÆTIR

Fjölskyldutilboð

4 grillaðir hamborgarar,
stökkar franskar og
ískalt 2L Pepsi.*

3.990 kr.

Kjötsmiðjan[®]
KJÖTVINSLA
Íslenskar gæðakjötörur

Netgíró



Hagasmári 9 | Grjótháls 8

*Gildir ekki með tvöföldum borgara.

Máltíð dagsins

Grillaður hamborgari dagsins, stökkar
frankar og ískalt 0,5 L Pepsi.*

1.499 kr.



FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 [Visir](#)

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

PÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakpankar

Kristínar
Ólafsdóttur



Dagamunur

Undanfarin misseri hef ég orðið vör við órar breytingar. Breytingarnar sem um ræðir varða utanumhald tímans, sjálft dagatalið. Það er að títna út.

Að vestan, yfir Atlantshafið, berast okkur Íslendingum nú gjafir í formi glansandi nýrra hátíðisdaga og fraktskipinu stýrir kapitalisminn. Fyrst kom hrekjavakan, plasthúðuð og útblásin frænka öskudagsins, sem íslenskar fyllibyttur tóku fyrstar upp á sína arma og notuðu sem afsökun til að djamma einn aukadag á ári í búningi. Í kjölfarið fylgdu börnin. Verslanir komust í feitt. Kaupið og borðið og kaupið meira, sögðu þær. Og þar með varð til enn ein peningavélin, kirfilega dulbúin sem ný og kjörin ástæða til fagnaðar.

Nú síðast í gær var svo boðið upp á kaupæðiskarnival í nafni heilags Valentínusar. Ástinni, elskendum og sálufelögum hvers konar, var hampað með hagstæðum tilboðum á alls konar vörum – fyrir tvo. Enn fremur spratt fram glænýtt tilefni til markaðssetningar á hughreystingu fyrir einstæðinga, sem hingað til hafa fengið að vera í friði 14. febrúar.

Rótgrónir íslenskir tyllidagar eru auðvitað knúnir áfram af sömu hjólum. Allt snýst um að versla og auglýsa og belgja sig út af einhverju stórkostlega ónauðsynlegu. Bolludagur, mæðradagur, bóndadagur. Páskarnir og jólin. Endurunnin uppskrift í boði jakkafataklæddra karla með vindil í munnvikinu og seðlabúnt í brjóstvasanum.

Að endingu vil ég svo biðja ykkur öll um að láta eins og þetta pistilkorn sé harkaleg ádeila á stjórnlausu neytendavæðingu hátíðisdaga og alls ekki innihaldsrýr romsa, skrifuð í örvæntingu að morgni Valentínusardags af ungri konu sem er umfram allt bitur yfir því að vera einhleyp.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



Iceland

ÖSKUDAGSBÚNINGAR



Finndu okkur á [f](#) [s](#)

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534



Ciao!

MÍLANÓ frá

12.999kr.*

Tímabil: júní-júlí

Í hinni undurfögru Mílanó mætast tíska, matur og myndlist á heimsmælikvarða. Drekktu í þig ítalska menningu og fljúgðu með WOW air til Mílanó.

WOW
air

*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með netgíró.

BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS